

## Föðurhlutverkið og fordómarnir

**Emmsjé Gauti** hefur sett mark sitt á íslenska hipphoppinu síðan hann var sextán ára gamall. Hann talar um fordóma í garð rappara, konur í senunni og hvernig hann fótur sig í föðurhlutverkinu. ➔22



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Chili-áhugamenn** sameinast ➔64

**Eymd í flóttamannabúðum** ➔30



**Hvað er skattaskjól?** ➔34



PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • ATVINNA • FÓLK

\*Samkvæmt prentmiðlökönnum Gallup apríl-júní 2015


31. MARS-4. APRÍL

# KAUPHLAUP 20-50%

AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM

 SMÁRALIND

## Veður



Í dag er útlit fyrir austangolu og skúrir víða um land, en norðaustanlands verður hiti það nálægt frostmarki að úrkoman verður slydda eða snjó-koma. Annars staðar verður hiti 3 til 9 stig, hlýjast vestan til. **SJÁ SÍÐU 50**

## Krefjast tekna af túristum

**FERÐAÞJÓNUSTA** Borgaryfirvöld skora á Stjórnstöð ferðamála að beita sér fyrir því að sveitarfélög fái tekjur af ferðamönnum. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri skrifar að krafan sé ekki flókin: gistináttgjald renni til sveitarfélaga.

„Þetta er einfalt í innheimtu og víða um heim rennur gistináttgjaldið eða svokallaður „city tax“ til sveitarfélaga. Aukinn straumur ferðamanna til landsins hefur í för með sér gríðarlegt álag á gatna-kerfi, umhirdu og innviði sveitarfélaga. Tekjur af virðisaukaskatti, gistináttgjaldi og öðrum sköttum af ferðafólki renna hins vegar allar í ríkissjóð en ekki til nærsamfélagsins. Það er óásættanlegt. Það er forgangsmál að breyta þessu og mikilvæg prófraun á hvort tilvist stjórnstöðvarinnar er yfirhöfuð til einhvers,“ segir Dagur. Tilefni til-lögunnar segir hann vera þær yfirlýsingar Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, ráðherra ferðamála, að sérstök gjaldtaka af ferðaþjónustu sé ekki forgangsmál vegna þess að ríkissjóður njóti nú þegar milljarða skatttekna af ferðaþjónustu.

„Málflutningur ráðherra dregur í raun fram hversu óréttlátt það er að sveitarfélög beri fyrst og fremst kostnað af aukinni ferðaþjónustu á meðan ríkið hagnast gríðarlega.“

Það er forgangsmál að breyta þessu og mikilvæg prófraun á hvort tilvist stjórnstöðvarinnar er yfirhöfuð til einhvers.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri



## Veiðitímabilið hafið



Veiðitímabilið á Íslandi hófst í gær í ágætu veðri. Sumir nýttu tækifærið og brunuðu að Víflsstaðavatni til þess að kasta flugu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Aldrei reynt á 110 ára reglu

**ALÞINGI** Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalastjóri segir að ekki hafi reynt á ákvæði um 110 ára leynd yfir gögnum sem sett var í lög um opinber skjalasöfn árið 2014. „Engin gögn njóta þessarar 110 ára verndar í dag.“

Framsóknarflokkurinn hyggst leggja fram frumvarp um afnám reglunnar svo varpa megi ljósi á gögn sem varða uppgjör þrotabúa föllnu bankanna. Hefur það verið tengt við gögn sem varða færslu eignarhalds á nýju bönkunum í hendur slitabúanna sem þingmenn hafa aðgang að í lok-udu herbergi á nefndarsviði Alþingis.

Aðeins einn þingmaður í einu má skoða gögnin sem bundin eru trúnaði. Þingmenn mega ekki afrita gögnin og ekki vitna í þau opinberlega en sin á milli kalla þingmenn herbergið leynerbergið. – tpt / þea

# Vilja dekkjakurl burt í stað framkvæmda

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í borgarráði Reykjavíkurborgar vilja skipta út dekkjakurl á gervigrasvöllum í stað framkvæmda á Hverfisgötu. Formaður borgarráðs segir fé sem ekki nýttist við aðrar framkvæmdir fara í Hverfisgötuna.

**SKIPULAGSMÁL** Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í borgarráði Reykjavíkurborgar vilja að fé sem nýta á í framkvæmdir á Hverfisgötu milli Klapparstígs og Smiðjustígs fari í að skipta út dekkjakurl á gervigrasvöllum um borgarinnar. Tillaga þess efnis var lögð fram á fundi borgarráðs Reykjavíkurborgar á fimmtudag.

„Við erum að itreka það hvað það er mikilvægt að forgangsraða rétt,“ segir Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins. Halldór telur endurnýjun gervigrasvallanna með dekkjakurlinu meira aðkallandi en framkvæmdir á Hverfisgötunni og vill að dekkjakurlinu verði skipt út á einu ári.

S. Björn Blöndal, oddviti Bjartrar framtíðar og formaður borgarráðs, segir að þegar hafi verið samþykkt aðgerðaáætlun um að leggja nýtt gervigras og skipta út gúmmikurl á völlum Reykjavíkurborgar á næstu árum. Á þessu ári verður skipt um gras og gúmmikurl á Víkingssvelli, vorið 2017 á gervigrasvöllum Fylkis og KR auk þess sem skipt verður um gúmmikurl á gervigrasvelli Fram í Úlfarsárdal. Búist er við að kostnaðurinn á næstu þremur árum nemi rúmum 200 milljónum króna. Þá er stefnt að því að endurnýja gervigrasvelli Leiknis árið 2018 og hjá ÍR árið 2019.

Það er hins vegar ótengt fyrirhuguðum framkvæmdum við Hverfisgötu, að sögn Björns. „Það að tengja þetta við gúmmikurlsmálið er að mínu mati nokkuð langsótt,“ segir hann. „Nákvæmlega þessir peningar



Framkvæmdirnar á Hverfisgötu eiga að kosta Reykjavíkurborg 109 milljónir króna. Sjálfstæðismenn vilja að það fé fari í endurnýjun gervigrasvallanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þarna er verið að slá saman ótengdum málum.

S. Björn Blöndal, formaður borgarráðs



fara ekki í það. Þarna er verið að slá saman ótengdum málum.“

Tillaga um framkvæmdirnar við Hverfisgötu var samþykkt í borgarráði en tillögu sjálfstæðismanna var frestað. Á Hverfisgötunni, milli

Klapparstígs og Smiðjustígs, á að skipta um allar lagnir og brunna auk þess sem gatan verður endurnýjuð og hjólastígar lagðir beggja vegna götunnar.

Björn segir fjármunina koma til vegna þess að ekki takist að ljúka framkvæmdum við Geirsgötu. Það fé sem ekki verði nýtt þar eigi að fara í framkvæmdirnar við Hverfisgötu. Halldór gagnrýnir að féð til framkvæmdanna við Hverfisgötu hafi ekki verið á fjárhagsáætlun ársins. Áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar af framkvæmdunum nemur 109 milljónum króna.

ingvar@frettabladid.is

**Betri ferð fyrir betra verð - vita.is**

**Vorsólin á Tenerife** Verð frá: **89.900** 12.500 vildarpunktur  
Á mann m.v. 2 fullorðna í stúdíó á Tenerife Sur. Verð án Vildarpunkta: 99.900 kr.



**HÚSASMÍÐJAN**  
HLUTI AF BYGMA

# TILBOÐ

## GRILL OG HJÓL



Fullt af  
flottum tilboðum  
alla helgina



**AUTHOR EVRÓPSKT  
GÆÐAMERKI Á ÓTRÚLEGA  
GÓÐU VERÐI!**



HELGARTILBOÐ

**35.900** kr  
~~39.900~~

**AUTHOR TROPHY 26"**  
19" Grind úr álblöndu 6061.  
Skipting 18 girar Shimano Revoshift. Afturskipting Shimano TY21.  
V bremsur. Pyngd. 16.3 kg. M/fjöðrun 3901306



HELGARTILBOÐ

**49.990** kr  
~~59.990~~

**BROIL KING ROYAL 320**  
3 ryðfríir brennarar: 8,8 kW/h  
Grillgrind úr pottjárni  
Grillflötur: 38 x 67 cm  
3000604

20%  
afsláttur



HELGARTILBOÐ

**35.120** kr  
~~43.900~~

**Author Matrix 24"**  
18 gira Shimano Revoshift skipting,  
Tektro bremsur 855AL  
3901305/13

20%  
afsláttur



HELGARTILBOÐ

**30.320** kr  
~~37.900~~

**Author Energy 20"**  
6 gira Shimano Revoshift skipting,  
Tektro bremsur 855.  
3901310/11



HELGARTILBOÐ

**19.120** kr  
~~23.900~~

**Gasgrill**  
Outback Omega 200, gasgrill, 2ja  
brennara. Grillflötur: 50x36 cm  
3000225



HELGARTILBOÐ

**15.900** kr  
~~19.900~~

**Gasgrill**  
Outback Omega 100.  
2ja brennara. Grillflötur: 50x36 cm  
3000226



HELGARTILBOÐ

**59.900** kr  
~~69.900~~

**Broil King  
Monarch 320**  
3 brennarar, rafkveikja.  
Grillgrind úr pottjárni  
Brennari: 8.8 kW/h  
3000603



HELGARTILBOÐ

**69.990** kr  
~~79.990~~

**Broil King  
Baron 320**  
3 ryðfríir brennarar: 8,8 kW/h  
Grillgrind úr pottjárni  
Grillflötur: 2129 cm2  
3000611



HELGARTILBOÐ

**32.990** kr  
~~38.990~~

**Broil King  
Porta Chef 120**  
Ferðagrill, 4,1 kW/h brennari  
Postulínshúðuð grillgrind  
Grillflötur: 46 x 31 cm  
3000612



Frábært verð

**59.990** kr

**Weber Q2200**  
Flott gasgrill á fótum.  
Grillflötur: 54 x 39 cm  
3000378



HELGARTILBOÐ

**89.990** kr  
~~109.990~~

**Weber Spirit, E310, Premium**  
3ja brennara gasgrill. Ryðfríar  
grillgrindur. Grillflötur: 61x45 cm.  
3000311



Byggjum á betra verði

www.husa.is

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentavæði. Úval gætur verðs misgæfnt milli verslana

TÖLUR VIKUNNAR 27.03.2016 - 02.04.2016



**300 ÞÚSUND** börnum væri hægt að bjarga frá ótímabærum dauða á ári hverju ef þau hefðu nægan aðgang að hreinu neysluvatni

## 2 ÁKÆRUR

hafa verið gefnar út eftir átak lög- reglunnar á Norðurlandi eystra og Akureyrarbæjar gegn heimilsofbeldi.

## Þrjú í fréttum Tortóla, útlendingar og annar veruleiki

### Sigurður Ingi Jóhannsson

sjávarútvegs- og landbúnaðarráð- herra og varaformaður Framsóknar- flokksins

sagði það augljóslega talsvert flókið að eiga peninga á Íslandi þegar hann var spurður að því hvort eðlilegt væri að forsætis- ráðherra og eiginkona hans ættu stórar fjárhæðir á Tor- tóla. Hann sagði ekkert að því að fólk væri efnað á Íslandi en einhvers staðar yrðu peningarnir að vera.



### Árni Páll Árnason

formaður Samfylkingarinnar

sagði það alvarlegt ef stór hluti úr forystusveit stjórnmalaflokka væri að taka þátt í öðrum veruleika en fólkið í landinu. Ríkisstjórnin væri rúin trausti. Forsætisráðherra hefði ekki upplýst um hagsmuni sína sem máli gátu skipt við meðferð brýnna þjóðar- hagsmuna. Fjá- málaráðherra væri tvisaga um eignir í erlendum skattaskjólum.



### Kristin Völundardóttir

forstjóri Útlendingastofnunar

sagði misskilning ríkja varðandi stofnunina. Erfitt væri að neita fólki, sem hingað kæmi í leit að betra lífi, um dvalarleyfi en reglurnar væru skýrar og starfs- fólki bæri að fylgja þeim við ákvarðanir. Kristin sagði að veist hefði verið að starfs- mönnum fyrir utan heimili þeirra. Svo virt- ist sem landinn hefði tapað sér í orðum og gjörðum.



**126 af 210** málum á þingmálaskrá ríkisstjórnar- innan fyrir þennan vetur biðu fram- lagningar.



**10%** fækkun starfsmanna hefur orðið hjá Símanum og dótturfélagum það sem af er ári.



**120 MANNS** slösuðust í reið- hjólaslysum á síðasta ári, þar af 31 alvarlega og einn lést í slíku slysi.

## 3%

ÍSLENDINGA sækja sér ekki nauðsynlega læknis- þjónustu vegna kostnaðar.



# Fólk tilkynni um aukaverkanir

Getnaðarvarnarhormón, rafrettur og bólgueyðandi lyf eru á meðal þeirra sem voru tilkynnt til Lyfjastofnunar vegna alvarlegra aukaverkana árið 2015. Lyfjastofnun getur gripið til ráðstafana, svo sem að breyta upplýsingum um lyf og í einstaka tilfellum kemur fyrir að stofnunin þurfi að taka lyf af markaði.

**HEILBRIGÐISMÁL** Árið 2015 bárust Lyfjastofnun 105 aukaverkanatilkynningar, átta þeirra voru óalvarlegar aukaverkanir.

Í svari Lyfjastofnunar varðandi um hvaða lyf var að ræða, segir að tilkynnt hafi verið um heilablóðfall og blóð- tappa hjá konu sem tók getnaðar- varnarhormón, lífshættulegt ástand hjá sjúklingi sem tók hjartasjúk- dómalyf og nýrnabilum hjá sjúklingi sem tók bólgueyðandi lyf og gigtarlyf. Enn fremur hafði einstaklingur misst tímabundið mátt í útlimum, á kjölfar bólusetningar og lífshætta skapaðist eftir að konu var gefið legherpandi lyf í tengslum við fæðingu, barnið fæddist með merki fósturstreitunar en jafnaði sig að fullu. Jafnframt var einstaklingur með sjúkdóm í miðtaugakerfi lagður inn á sjúkrahús með flogakast og kippi, eftir að hafa reykt rafrettu.

Stofnunin bendir á að ekki megi draga þá ályktun að þessi lyf séu hættulegri en önnur og ekki hafi verið sýnt fram á að þau hafi orsakað framangreind einkenni. Fyrir utan til- kynningarnar sem voru óalvarlegar og rafrettuna er tilsvandandi einkenna þó getið sem þekktar aukaverkana í opinberum lyfjatextum viðkomandi lyfja. Opinberir lyfjatextar eru saman- tekt á eiginleikum lyfs, sem ætluð er heilbrigðisstarfsfólki, og fylgiseðillinn sem er í pakkningu lyfsins.

Lyfjastofnun minnir á mikilvægi þess að hafa viðbúinn ávinning með- ferðar ætíð í huga þegar lagt er mat á hugsanlega áhættu. Í svari stofnunar- innar segir jafnframt: „Ef fram koma óþægindi á meðan einstaklingur er að nota lyf er alls ekki öruggt að þau séu vegna lyfsins. Það er þó mikilvægt að sjúklingar segi læknum sínum frá slíku og lækni getur tilkynnt Lyfja- stofnun um óþægindi sem talin eru geta tengst lyfinu. Það eru þó ekki aðeins læknafræði sem geta tilkynnt um mögulegar aukaverkanir lyfja, það geta í raun allir gert. Það er mikilvægt að lyfjafirvöld fái slíkar tilkynningar,



Tilkynnt var um átta alvarlegar aukaverkanir á síðasta ári. Sjúklingar geta sjálfir sent inn tilkynningu um aukaverkun á heima- síðu Lyfjastofnunar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# 105

aukaverkanatilkynningar bárust Lyfjastofnun árið 2015.

einkum ef um alvarleg einkenni er að ræða. Á heimasíðu Lyfjastofnunar eru leiðbeiningar og rafræn eyðublöð til að nota við tilkynningar ef grunur er um aukaverkanir lyfja.“

Dæmi um ráðstafanir sem oft er gripið til eru breyttar ráðleggingar um notkun lyfsins. „Ef lyfjafirvöldum þykir nauðsynlegt að lækna og sjúk- lingar fái upplýsingar umfram þær sem eru í opinberum lyfjatextum geta þau farið fram á viðbótaraðgerðir til að lágmarka áhættu. Dæmi um slíkar aðgerðir er útgáfa sérstakra bréfa fyrir lækna eða fræðsluefnis fyrir heilbrigðis- starfsfólki og sjúklinga,“ segir í svari Lyfjastofnunar. Í einstaka tilfellum kemur fyrir að nýjar upplýsingar um fjölda eða alvarleika aukaverkana leiði til þess að taka þurfi lyf af markaði. kristjanabjorg@frettabladid.is

## Tilkynningar um alvarlegar aukaverkanir sem bárust Lyfjastofnun á árinu 2015

Lyf	Aukaverkun
<b>Rafrettur 24 mg nikótín</b>	● Sjúkrahúsinnlög. Kippi í útlimum, flogakast (sjúklingur var með sjúkdóm í miðtaugakerfi).
<b>Ofnæmisvaki</b>	● Sjúkrahúsinnlög, alvarleg ónæmisviðbrögð, bólginn augu, vanlíðan, liðverkir.
<b>Geðlyf/flogaveikilyf</b>	● Sjúkrahúsinnlög, vegna þunglyndis, minnistruflana og megrunar.
<b>Legherpandi lyf</b>	● Lífshættulegt ástand. Oförvun legs með fósturstreitun. Barn fæddist með merki fósturstreitunar en jafnaði sig að fullu.
<b>Bóluefni</b>	● Sjúkrahúsvist, sjúklingur fékk kast þar sem hann missti mátt í útlimum, fór á sjúkrahús og var lagður inn.
<b>Bólgueyðandi lyf og gigtarlyf, ekki sterar</b>	● Sjúkrahúsinnlög, prótein í þvagi og síðar nýrnabilun.
<b>Hjartasjúkdómalyf</b>	● Sjúkrahúsvist og lífshættulegt ástand. Mæði og brjóstverkur. Lungnafibrosis.
<b>Getnaðarvarnahormón</b>	● Sjúkrahúsvist. Heilablóðfall og blóðtappi.

● Ekki lyf og því ekki til opinberir lyfjatextar (SmPC/fylgiseðill)  
● Getið í lyfjatextum ● Ekki getið í lyfjatextum

## Tæplega tveggja milljarða fjárfesting

**VIÐSKIPTI** Á fyrsta fjórðungi ársins 2016 var fjárfest fyrir 13,4 milljónir dollara, eða 1,74 milljarða íslenskra króna, í sjö nýsköpunarfyrirtækjum. Þetta kemur fram í samantekt Norðurskauts.

Fjárfest var í rúmlega tvöfalt fleiri fyrirtækjum en á sama tímabili fyrir ári. Hins vegar var fjárfest fyrir mun lægri fjárhæð, sökum einnar stærðarfjárfestingar á tímabilinu í fyrra.

Hæsta fjárfestingin var 7,5 milljónir dollara, 922 milljóna króna, fjárfesting GluMobile í QuizUp. Þrjár fjárfestingar voru undir hálfri milljón dollara, jafnvirði 62 milljóna króna, tvær á bilinu 1,5-3 milljónir dollara, 185 til 370 milljónir króna, og ein yfir 370 milljónum króna.

Fjármagnið kom að 57 prósentu hluta frá útlöndum en 43 prósent frá Íslandi. Fjárfesting GluMobile nemur hins vegar stórum hluta erlenda fjármagnsins.



Stærsta fjárfestingin á tímabilinu var fjárfesting GluMobile í QuizUp sem Þorsteinn B. Friðriksson stofnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**922** milljónir var hæsta fjárfestingin, sem var í QuizUp.

Eitt fyrirtæki var selt á tímabilinu. Sænska fyrirtækið Enzymatica keypti íslenska fyrirtækið Zymetech fyrir um sjötiú milljónir sænskra króna, eða rúman milljarð íslenskra króna. – sg

## Þjáist þú af mígreni?

**MigraEeze**  
Feverfew tablets  
Feverfew herb 100mg  
Traditionally used for  
Migraine headaches

A traditional herbal medicinal product used for the prevention of migraine headaches based on traditional use only.

**TVEGGJA MÁNAÐA SKAMMTUR**

LYFJA – Lítið heil  
Apótekið – einfalt og ódýrt  
Heilsuhúsið

31. MARS-4. APRÍL

# KAUPHLAUP

## 20-50%

AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM

SKOÐAÐU TILBOÐIN Á [SMARALIND.IS](http://SMARALIND.IS) EÐA NÆLDU ÞÉR  
Í EINTAK AF KAUPHLAUPSBLAÐINU Í SMÁRALIND.



**SMÁRALIND**

Almeria | Mallorca | Tenerife | Albir | Benidorm | Kanarí

☆ Fjölskyldudagar Sumarferða

FÁÐU 10.000 KR. AFSLÁTT Á MANN MEÐ KÓÐANUM SUMAR2016

Fjögurra manna fjölskylda sparar 40.000 þúsund krónur með því að bóka á Fjölskyldudögum. Klíktu á sumarferdir.is og bókaðu í sólina.

SUMAR FERDIR  
...eru betri en aðrar

Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna

Umsóknarfrestur 3. maí 2016

Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna auglýsir eftir umsóknum um starfslaun úr sjóðnum sem veitt verða frá 1. júlí 2016.

Hlutverk sjóðsins er að styðja við starfsemi fræðimanna sem starfa sjálfstætt í sinni fræðigreini.

Rétt til að sækja um laun úr sjóðnum hafa höfundar fræðiritra, fræðigreina, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku.

Umsækjendur skulu kynna sér vel reglur sjóðsins áður en umsókn er gerð.

Nánari upplýsingar og aðgangur að rafrænu umsóknarkerfi á [www.rannis.is](http://www.rannis.is).



Styrkir úr Tónlistarsjóði 2016

Umsóknarfrestur til 17. maí

Auglýst er eftir styrkumsóknum í Tónlistarsjóð til verkefna sem efnt verður til á tímabilinu 1. júlí til 31. desember 2016. Umsóknarfrestur er til 17. maí kl. 17:00.

Hlutverk Tónlistarsjóðs er að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, tónlistardeild og markaðs- og kynningardeild.

Upplýsingar og umsóknargögn eru að finna á [www.rannis.is](http://www.rannis.is). Umsóknum og lokaskýrslum skal skila á rafrænu formi.

Vegna verkefna fyrri hluta árs 2017 verður auglýst eftir umsóknum í október 2016.

Fyrirspurnir óskast sendar á [tonlistarsjodur@rannis.is](mailto:tonlistarsjodur@rannis.is).



## Gassprenging í París



Efstu hæðarnar voru við það að hrynja eftir að gassprenging skók byggingu þessa í París í gær. Fimm manns slósuðust í sprengingunni en 140 slökkviliðsmenn unnu að björgunarstarfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Steyppustöð hafnar kröfu um brotthvarf

Lögmaður Rauðku ehf., sem rekur hótél, veitingastaði og fleira á Siglufirði, segir steypustöðina Bäs brjóta samkomulag um að stöðin hverfi af núverandi lóð sinni. Ekkert samkomulag verið gert og við förum ekki, segir stjórnarformaður Báss.

**DÓMSMÁL** Félag athafnamannsins Róberts Guðfinnssonar á Siglufirði, Rauðka, krefst þess að steypustöðin Bäs hverfi af núverandi stað á Tanganum svokallaða.

Í bréfi til Báss vísar lögmaður Rauðku til samkomulags við yfirvöld í Fjallabyggð frá því í apríl 2012. Þar komi fram að forsvarsmenn Rauðku telji umrætt svæði ekki samrýmast „hugmyndum þeirra um heildarmynd af því umhverfi sem þeir óska að starfa í“. Rauðka myndi byggja hótél og golfvöll og koma að uppbyggingu skíðasvæðis bæjarins.

Lögmaðurinn segir að fljótlega eftir að samkomulagið var gert við bæinn hafi Róbert Guðfinnsson fyrir hönd Rauðku og skyldra félaga gert munnlegt samkomulag við fulltrúa Báss „um flutning fyrirtækisins af svæðinu gegn því að Bäs ehf. myndi sitja eitt og án útboðs að allri jarðvegsvinnu og steypusölu“ fyrir hótelið og golfvöllinn.

„Við erum ekkert að fara,“ svarar Hilmar Zophoníasson, stjórnarformaður Báss. „Forsvarsmenn Báss hafa ekki gert neitt samkomulag við Róbert Guðfinnsson. Það hafa verið viðræður í gangi um þennan

flutning en það náðust bara ekki samningar. Málið er hjá lögfræðingi okkar.“

Lögmaður Rauðku segir hins vegar í fyrrnefndu bréfi óumdeilalegt að Bäs hafi skuldbundið sig til að flytja burt gegn því að sitja að vinnu við uppbyggingu golfvallarins og hótelsins. Bäs hafi fengið úthlutad lóð sem fyrirtækið hafi óskað eftir á hafnarsvæðinu. Ágreiningur sé nú um hvaða eignir Rauðka hafi skuldbundið sig til að kaupa af Bäs og á hvaða verði.

„Bäs ehf. hefur í stað þess að flytja af svæðinu nú óskað eftir viðbótarlóð og hyggst því starfa áfram á svæðinu og virða þannig samkomulag fyrirtækjanna að vettugi. Með því hefur Bäs ehf. bæði brotið margnefnt samkomulag og auk þess valdið Rauðku ehf. og skyldum félögum þess tjóni,“ skrifar lögmaður Rauðku og stingur upp á að matsmaður meti andvirði eignanna sem um ræðir.

„Verði Bäs ehf. ekki við þessari kröfu sér Rauðka ehf. og skyld félög sig knúin til að leita til dómstóla til að fá kröfunni framgengt sem og að krefjast skaðabóta.“

[gar@frettabladid.is](mailto:gar@frettabladid.is)



Steyppustöðin Bäs er á Tanganum á Siglufirði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Við erum ekkert að fara.

Hilmar Zophoníasson, stjórnarformaður Báss



TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# HYBRID STJÖRNUSÝNING

## Frumskýnum nýja kynslóð Prius Í DAG



Áður óséð stjörnutilboð á Yaris Hybrid og Auris Hybrid\*



Yaris Hybrid



Auris Hybrid



RAV4 Hybrid

Kynntu þér **Toyota FLEX**

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

Lág  
innborgun

Tryggt  
fram tíðarvirði

Fastar  
mánaðargreiðslur

Sjáðu fjórar skærustu hybrid-stjörnur landsins hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota, í dag kl. 12–16.

Við frumsýnum Prius nýrrar kynslóðar, fyrsta bílinn í hybrid-stjörnuflota Toyota, endurhannaðan og hlaðinn nýrri tækni. Sjáðu líka RAV4 í geislandi hybrid-útgáfu og kynntu þér áður óséð sértíloboð á Auris Hybrid og Yaris Hybrid, **sannkallað stjörnutíloboð**.

Fáðu nánari upplýsingar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**



Toyota Kaupúni  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

\*Stjörnutíloboð gildir ekki með öðrum tíloboðum.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

## Júlíus Vífill með eftirlaunasjóð í Panama

**STJÓRNMÁL** Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, greindi í gær frá vörslusjóði sínum sem skráður er í Panama. Sagði hann sjóðinn hafa verið stofnaðan í svissneskum banka. Tilgangurinn var að mynda eigin eftirlaunasjóð en sjóðurinn lýtur svipuðu regluverki og sjálfseignarstofnun.

Segist Júlíus Vífill ekki hafa haft einar tekjur eða haft heimild til þess að ráðstafa fjármunum úr sjóðnum.

Segir hann að ef greitt væri úr sjóðnum yrðu greiðslurnar skattskyldar á Íslandi líkt og gerist til dæmis með séreignarsparnaðarreikninga.

„Enda þótt þess sé ekki krafist að geta eftirlaunasjóðs í hagsmunagreiningu borgarfulltrúa tel ég, eftir á að hyggja, að betur hefði farið á því og biðst velvirðingar á að hafa ekki gert það,“ segir í yfirlýsingu frá Júlíusi Vífli en ekki náðist í hann þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. – **pea, tpt**



KARLAÞÓRINN STEFNIR

### SÖNGSTJÓRI

Karlaþórinn Stefnir óskar eftir að ráða söngstjóra, æskilegt að hann hafi reynslu í kórstjórn og tónlistarmenntun.

Allar upplýsingar gefur formaður kórsins  
Ingvi Rúnar Guðmundsson [irg@simnet.is](mailto:irg@simnet.is),  
sími 896 0421

# Send aftur til Sýrlands

Hundrað flóttamanna hafa flúið úr búðum á grísku eyjunum næst Tyrklandi. Samkvæmt samningi við Evrópusambandið á að flytja fólkið aftur til Tyrklands.

**GRIKKLAND** Tyrkir senda allt að hundrað flóttamenn daglega aftur yfir landamærin til Sýrlands. Þar á meðal hafa verið bæði barnshafandi konur og fylgdarlaus börn.

Mannréttindasamtökin Amnesty International segja þetta hafa viðgengist vikum saman og nauðungarflutningar af þessu tagi brjóti algerlega í bága við alþjóðareglur, reglur Evrópusambandsins og tyrknesk lög.

Þá hélt breska blaðið The Times því fram nú í vikunni að tyrkneskir landamæraverðir hefðu skotið á Sýrlendinga sem reyndu að komast yfir landamærin frá Sýrlandi til Tyrklands. Sextán manns hefðu fallið fyrir byssukúlum Tyrkja.

Á grísku eyjunum næst Tyrklandi sitja síðan þúsundir flóttamanna fastar, því samkvæmt samkomulagi Evrópusambandsins við Tyrkland ber Grikkjum að senda fólkið aftur til Tyrklands. Þeir fyrstu eiga að fara strax á mánudaginn.

Allt þangað til Evrópusambandið gerði samning við Tyrkland, þann 20. mars síðastliðinn, höfðu Grikkir flutt flóttafólkið áfram með ferjum yfir til gríska meginlandsins. Þeir sem komið hafa eftir 20. mars þurfa hins vegar að bíða og geta reiknað með að verða sendir aftur til baka yfir til Tyrklands.

Hundrað manna hafa flúið úr flóttamannabúðum á eyjunum, þar sem þeir eiga að bíða á meðan mál þeirra eru afgreidd.

Amnesty International gagnrýnir harðlega samninginn sem leiðtogar



Flóttafólk kemur til grísku eyjunnar Lesbos eftir að hafa siglt yfir sundið frá Tyrklandi. NORDICPHOTOS/AFP

**Tyrkland er ekki öruggt land fyrir sýrlenska flóttamenn, og verður óruggara með hverjum deginum sem líður.**

John Dalhuisen, framkvæmdastjóri hjá Amnesty International

Evrópusambandsins gerðu við Tyrkland í mars. „Í örvæntingu sinni við að loka landamærum sínum, þá hafa leiðtogar Evrópusambandsins vísitandi litið fram hjá einföldustu staðreynd málsins: Tyrkland er ekki öruggt land fyrir sýrlenska flótta-

menn og verður óruggara með hverjum deginum sem líður,“ segir John Dalhuisen, framkvæmdastjóri Amnesty International í Evrópu og Mið-Asíu.

„Þetta er samningur sem ekki er hægt að framfylgja nema af kaldlyndi og með því að sniðganga alþjóðalög af andvaraleysi,“ segir hann í umfjöllun á vef samtakanna. Að sögn Amnesty International eru um 200 þúsund Sýrlendingar, sem hrakist hafa að heiman, komnir að landamærum Tyrklands og hafast þar við í flóttamannabúðum, þar sem aðstæður eru mjög bágbornar. [gudsteinn@frettabladid.is](mailto:gudsteinn@frettabladid.is)

## Rafvædd framtíð í takt við samfélagið

– hverjar eru áskoranir Landsnets í stóru myndinni?

Landsnet býður til vöfundar á Hilton Reykjavík Nordica, kl. 9-11 þriðjudaginn 5. apríl 2016, þar sem fjallað verður um hlutverk raforku í tengslum við stöðu loftslagsmála á Íslandi:

- Hvaða áskorunum stöndum við frammi fyrir varðandi stefnumótun, þróun og uppbyggingu flutningskerfis raforku á Íslandi?
- Hver er staða loftslagsmála í heiminum, umræðan á Íslandi og hvernig geta Íslendingar lagt sitt lóð á vogarskálarnar?
- Með hvaða hætti má draga enn frekar úr losun gróðurhúsalofttegunda til framtíðar í íslenskum sjávarútvegi?

Morgunhressing er í boði frá kl. 8:30 og á fundinum.

Þátttökuskráning á [landsnet.is](http://landsnet.is), eða í síma 563 9300.

Allir velkomnir!

Áhugasamir, sem eiga þess ekki kost að mæta á fundinn, geta fylgst með beinni útsendingu frá honum á [landsnet.is](http://landsnet.is) og á [mbl.is](http://mbl.is).

Þá verður hægt að senda fyrirspurnir á twitter með merkingunni #landsnet.



### Dagskrá:



Ávarp – Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra



Stöðugra umhverfi og styrkari stoðir – Geir A. Gunnlaugsson, stjórnarformaður Landsnets



Leysa þarf knýjandi þarfir samtímans í takt við þróun til framtíðar – Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets



Íslands þúsund ár: Náttúruvernd á tímum loftslagsbreytinga – Guðni Elísson, prófessor



Forsendur tækifæra og sægrænnar uppbyggingar í sjávarútvegi – Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

### Pallborðsumræður



Fundarstjóri – Edda Hermannsdóttir



GOÐSÖGN ER ENDURFÆDD  
HEIMSBÍLL ÁRSINS 2016  
FRUMSÝNING Í DAG MILLI KL. 12 OG 16



MAZDA MX-5 frá 3.990.000 KR.

SKYACTIV  
TECHNOLOGY



mazda

Við frumsýnum fjórðu kynslóð Mazda MX-5, vinsælasta blæjubíll heims. Nýr Mazda MX-5 er byggður á firna sterkum rötum forvera síns og hefur allt sem þessi goðsögn innan sportbílaheimsins er þekkt fyrir og meira til.

Aksturseiginleikar Mazda MX-5 eru frábærir, það verður ást við fyrstu beygju. Mazda MX-5 steinliggur á veginum. Viðbragðið er næmt, gírskiptingin er snögg, þyngdarpunkturinn er lágur og vélarnar eru sprækar.

Nýr Mazda MX-5 sópar að sér verðlaunum. Hann var valinn heimsbíll ársins *World Car of the Year 2016* og einnig hlaut hann hönnunarverðlaunin *World Car Design of the Year*. Sá fyrsti með báða titlana. Sestu við stýrið á Mazda MX-5 og þú færð umsvifalaust réttu tilfinninguna fyrir veginum. Ekki bíða lengur en þú þarft, láttu drauminn rætast.

*Komdu og sjáðu goðsögnina Mazda MX-5  
Einnig verða til sýnis sérstakar sportútfærslur  
af öðrum Mazda bílum*

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.  
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | [mazda.is](http://mazda.is)

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Nýr vefur

brimborg

Öruggur staður til að vera á

## Mannréttindi sem íbúar átta ríkja á Vesturlöndum telja mikilvægust

<b>Bretland</b>	<b>66%</b> Kosningaréttur	<b>61%</b> Ókeyppis/ódyr heilbrigðisþjónusta	<b>61%</b> Sanngjörn réttarhöld	<b>60%</b> Öryggi á götum úti	<b>57%</b> Ókeyppis menntun	<b>54%</b> Líf án mismununar	<b>52%</b> Málfrelsi
<b>Bandaríkin</b>	<b>69%</b> Málfrelsi	<b>63%</b> Réttur til einkalífs	<b>61%</b> Kosningaréttur	<b>60%</b> Sanngjörn réttarhöld	<b>53%</b> Trúfrelsi	<b>51%</b> Líf án mismununar	<b>46%</b> Skotvopnaeign
<b>Þýskaland</b>	<b>66%</b> Málfrelsi	<b>57%</b> Réttur til einkalífs	<b>52%</b> Ókeyppis menntun	<b>50%</b> Ókeyppis/ódyr heilbrigðisþjónusta	<b>50%</b> Sanngjörn réttarhöld	<b>48%</b> Kosningaréttur	<b>48%</b> Líf án mismununar
<b>Frakkland</b>	<b>54%</b> Kosningaréttur	<b>52%</b> Málfrelsi	<b>50%</b> Lífeyrisréttur aldraðra	<b>48%</b> Lágmarkslaun	<b>45%</b> Öryggi á götum úti	<b>42%</b> Ókeyppis menntun	<b>40%</b> Sanngjörn réttarhöld
<b>Danmörk</b>	<b>72%</b> Málfrelsi	<b>71%</b> Kosningaréttur	<b>67%</b> Ókeyppis/ódyr heilbrigðisþjónusta	<b>67%</b> Sanngjörn réttarhöld	<b>57%</b> Ókeyppis menntun	<b>52%</b> Líf án mismununar	<b>42%</b> Öryggi á götum úti
<b>Svíþjóð</b>	<b>72%</b> Kosningaréttur	<b>71%</b> Málfrelsi	<b>58%</b> Öryggi á götum úti	<b>56%</b> Ókeyppis/ódyr heilbrigðisþjónusta	<b>55%</b> Ókeyppis menntun	<b>54%</b> Líf án mismununar	<b>50%</b> Sanngjörn réttarhöld
<b>Finnland</b>	<b>63%</b> Kosningaréttur	<b>60%</b> Öryggi á götum úti	<b>58%</b> Málfrelsi	<b>57%</b> Ókeyppis/ódyr heilbrigðisþjónusta	<b>55%</b> Ókeyppis menntun	<b>51%</b> Líf án mismununar	<b>50%</b> Búsetufrelsi innanlands
<b>Noregur</b>	<b>64%</b> Kosningaréttur	<b>60%</b> Ókeyppis/ódyr heilbrigðisþjónusta	<b>60%</b> Ókeyppis menntun	<b>59%</b> Líf án mismununar	<b>51%</b> Málfrelsi	<b>49%</b> Öryggi á götum úti	<b>45%</b> Sanngjörn réttarhöld

Í töflunni eru tilgreind þau réttindi sem íbúar átta landa settu í sjö efstu sætin af alls þrjátíu sem spurt var um. ■ Málfrelsi er auðkennt með bláum lit. ■ Kosningaréttur er auðkenntur með rauðum lit.

Heimild: YouGov

# Mannréttindi raðast ólíkt eftir löndum

Kosningarétturinn varð efstur á blaði í skoðanakönnun meðal íbúa átta ríkja um mikilvægustu mannréttindin. Tjáningarfrelsið lenti víðast hvar í öðru sæti. Nærri helmingur Bandaríkjamanna telur réttinn til að eiga byssu meðal mikilvægustu mannréttinda.

Guðsteinn Bjarnason  
gudsteinn@frettabladid.is



**BRETLAND** Áherslur á mannréttindi eru ólíkar eftir löndum, þótt meginlinurnar séu svipaðar. Þetta kemur fram í nýrri viðhorfskönnun sem breska könnunarfyrtækið YouGov hefur birt.

Þannig lita íbúar fimm af þeim átta löndum, sem höfð voru með í könnuninni, svo á að kosningarétturinn sé mikilvægastur allra mannréttinda. Í tveimur landanna er kosningarétturinn í öðru sæti, en í Þýskalandi lenti hann í sjöunda sæti. Meira en helmingur aðspurðra í öllum löndum telur síðan málfrelsið til mikilvægustu mannréttinda okkar.

Næst á eftir þessum tvennum grundvallarréttindum setja aðspurðir svo ýmis félagsleg réttindi, og eru þar víðast hvar efst á blaði rétturinn til þess að njóta ókeyppis heilsugæslu, ókeyppis menntunar, lífs án mismununar og öryggis á götum úti.

Áherslurnar eru þó mismunandi eftir löndum. Þannig leggja Frakkar minnst áherslu á rétt fólks til að þurfa ekki að búa við mismunun. Hins vegar leggja Frakkar mesta áherslu allra á réttinn til að hafa atvinnu og réttinn til þess að taka þátt í mótmælaaðgerðum gegn stjórnvöldum.

Bandaríkjamenn skera sig síðan sérstaklega úr vegna hins mikla áhuga þeirra á byssum. Nærri helmingur Bandaríkjamanna, eða 46 prósent, telur réttinn til skotvopnaeignar meðal mikilvægustu mann-



Kona í kjörklefa í Andalúsíu á Spáni þegar kosið var þar á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# 34%

Bandaríkjamanna og Frakka telja það meðal mikilvægustu mannréttinda okkar að einungis lágmarksskattur sé lagður á tekjur fólks.

réttinda. Í öllum hinum löndunum eru einungis fá prósent aðspurðra á því að byssueign teljist til mikilvægustu mannréttinda.

Ög þegar spurt var áfram, þá sögðust tíu prósent Bandaríkjamanna lita svo á að rétturinn til skotvopnaeignar væri mikilvægari en öll önnur mannréttindi.

Könnunin fór nefnilega fram í tveimur skrefum. Fyrst var settur fram listi yfir þrjátíu mannréttindi, sem tilgreind eru í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, mannréttindasáttmála Evrópu, bandarísku réttindaskránni og bresku réttindaskránni. Fólk var síðan beðið um að velja af þessum lista allt að tíu mannréttindi, sem það teldi mikilvægust.

Í seinna skrefinu var fólk svo beðið um að tilgreina ein mannréttindi, af þeim sem það hafði valið, sem það teldi allra mikilvægust.

Niðurstaðan þar varð svipuð, en þó dálítið frábrugðin niðurstöðunni úr fyrra skrefinu: Bandaríkjamenn, Þjóðverjar, Frakkar, Danir og Svíar settu þar málfrelsið í efsta sæti, en Bretar töldu réttinn til ókeyppis eða ódyrrar heilbrigðisþjónustu mikilvægustu réttindin.

Finnar og Norðmenn sögðu hins vegar réttinn til þess að vera laus við mismunun, á grundvelli kynferðis, þjóðernis, kynhneigðar eða annars, mikilvægastan allra réttinda.

Almennt skiptir eignarrétturinn Evrópubúa minna máli en félagsleg réttindi, en þetta er öfugt í Bandaríkjunum: Þar eru 37 prósent á því að eignarrétturinn skipti jafn miklu máli og rétturinn til ókeyppis skólagöngu og ódyrrar heilbrigðisþjónustu.

Hins vegar er rúmlega þriðjungur bæði Frakka og Bandaríkjamanna sammála um að rétturinn til lágmarksskattlagningar sé meðal mikilvægustu mannréttinda.



## FJÖLBREYTT FRAMHALDSNÁM

Breytingar á MS námi við Hjúkrunarfræðideild

Opinn kynningarfundur í Eirbergi 7. apríl kl. 16–17



Thelma B. Árnadóttir,  
MS-nemi í heilsugæsluhjúkrun

„Ég valdi meistaranám í heilsugæsluhjúkrun því mig langaði að öðlast dýpri þekkingu og fræðilega færni til að mæta þörfum barna og fjölskyldna þeirra. Námið er krefjandi en jafnframt fjölbreytt og skemmtilegt. Áhugaverðast var að sjá hversu flott hjúkrun er sem fræðigreini.“

Diplómanám á meistarastigi  
haustið 2016

- Gjörgæsluhjúkrun
- Hjúkrun aðgerðasjúklinga
- Þverfræðilegt diplómanám í kynfræði

Kandídatnám á meistarastigi

- Ljósómóðurfraði (embættispróf)

Meistaránám

- Barnahjúkrun
- Geðhjúkrun
- Heilsugæsluhjúkrun
- Hjúkrun aðgerðasjúklinga og bráðveikra
- Hjúkrun í langvinnum veikindum og á efri árum
- Hjúkrunarstjórnun
- Ljósómóðurfraði
- Rannsóknþjálfun
- Skurðhjúkrun
- Svæfingahjúkrun
- Önnur klínísk sérhæfing

Umsóknarrestur er til 15. apríl 2016

Upplýsingar á [www.hjukrun.hi.is](http://www.hjukrun.hi.is) og hjá verkefnastjórum framhaldsnáms; Margræti Gunnarsdóttur, [maggagu@hi.is](mailto:maggagu@hi.is), sími 525 5204 og Elínu Helgadóttur, [elinh@hi.is](mailto:elinh@hi.is), sími 525 4910.



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

# Nýjar ásakanir um kynferðislegt ofbeldi friðargæsluliða SP

**MIDAFRÍKULYÐVELDIÐ** Nær hundrað stúlkur hafa greint Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) frá því að friðargæsluliðar Sameinuðu þjóðanna (SP) í Mið-Afríkulyðveldinu hafi beitt þær kynferðislegu ofbeldi. Þrjár þeirra eru sagðar hafa verið þvingaðar til maka með hundi. Mannréttindasamtökin Aids-Free World segja að umfang ofbeldisins geti verið miklu meira, að því er greint er frá á vef sænska blaðsins Dagens Nyheter.

Friðargæsluliðar Sameinuðu þjóðanna í Mið-Afríkulyðveldinu hafa lengi verið grunaðir um kyn-

ferðislegt ofbeldi gagnvart íbúum landsins. Sænskur yfirmaður hjá SP, Anders Kompass, var rekinn úr starfi þegar hann greindi frá niðurstöðum skýrslu sinnar um ofbeldi gagnvart börnum á aldrinum átta til 15 ára fyrir tveimur árum. Börnin fengu meðal annars loforð um matargjafir í skiptum fyrir kynlíf. Upplýsingarnar sem komið hafa fram núna eiga að hluta til við sama tímabil.

Við rannsókn sína 2014 komst Kompass að því að flestir friðargæsluliðarnir sem sakaðir voru um kynferðislegt ofbeldi væru frá Frakklandi. Hann hafði samband við



Sviinn Anders Kompass, yfirmaður hjá SP, var rekinn þegar hann greindi frá ofbeldinu en fékk síðar uppreist æru.

NORDICPHOTOS/AFP

» Anders Kompass var rekinn úr starfi þegar hann greindi frá niðurstöðum skýrslu sinnar um ofbeldi gagnvart börnum á aldrinum átta til 15 ára fyrir tveimur árum. Börnin fengu meðal annars loforð um matargjafir í skiptum fyrir kynlíf.

franska stjórnarereindreka sem báðu um skýrsluna. Mál 14 friðargæsluliða eru enn í rannsókn í Frakklandi. Kompass var rekinn vegna þess að hann hafði afhent utanaðkomandi upplýsingar. Rökin voru þau að þær gætu skaðað fórnarlömbin. Dómstóll SP úrskurðaði í maí í fyrra að rangt hefði verið að reka Kompass. Í janúar síðastliðnum var tilkynnt að hann hefði fengið uppreist æru.

Greint er frá því á vef Dagens Nyheter að efnt hafi verið til neyðarfundar meðal yfirmanna hjá SP síðastliðinn þriðjudag vegna nýju upplýsinganna. – **ibs**



Líðan barnsins var sögð stöðug í gær.

## Nýfætt barn fannst í gámi

**DANMÓRK** Nýfætt stúlkubarn fannst í gærmorgun í ruslagámi í Bagsværd, einu úthverfa Kaupmannahafnar. Gámurinn var í sorpgeymslu í húsi þar sem eru félagslegar íbúðir. Samkvæmt fréttum danskra fjölmiðla er talið að barninu hafi verið fleygt niður um ruslalúgu inni í húsinu.

Starfsmaður húsfélagsins fann barnið snemma morguns þar sem það lá ofan á ruslinu og kallaði á félagi sinn sem sveipaði það danska fánanum sem hann tók úr geymslu hússins. Lögreglan lýsti í gær eftir vitnum. Líðan barnsins, sem strax var flutt á sjúkrahús, var sögð stöðug í gær. – **ibs**

## Starfsemi Sameinaða lífeyrissjóðsins 2015

Nafnávöxtun tryggingadeildar Sameinaða lífeyrissjóðsins var 9,2% á árinu, sem jafngildir 7,1% raunávöxtun. Raunávöxtun sjóðsins frá stofnun hans árið 1992 var 4,0%. Eignir tryggingadeildar voru 164,8 milljarðar króna í árslok 2015 og jukust um 14,7 milljarða króna á árinu.

Nafnávöxtun ávöxtunarleiða séreignardeildar sjóðsins var frá 4,0% til 7,6% á árinu 2015, sem jafngildir 1,9% til 5,5% raunávöxtun. Eignir séreignardeildar voru 6,3 milljarðar króna í árslok 2015 og jukust um 400 milljónir króna frá fyrra ári.


### Helstu tölur úr ársreikningi

	2015	2014
Heildariðgjöld	6.147 millj.kr.	5.708 millj.kr.
Heildarlífeyrisgreiðslur	5.237 millj.kr.	4.842 millj.kr.
Fjárfestingartekjur	14.654 millj.kr.	10.926 millj.kr.
Fjárfestingargjöld	204 millj.kr.	196 millj.kr.
Rekstrarkostnaður	179 millj.kr.	183 millj.kr.
Hrein eign til greiðslu lífeyris	171.106 millj.kr.	155.923 millj.kr.

Tryggingadeild	2015	2014
Nafnávöxtun	9,2%	7,4%
Hrein raunávöxtun	7,1%	6,3%
Hrein raunávöxtun – 5 ára meðaltal	6,0%	4,9%
Hrein raunávöxtun frá stofnun sjóðsins árið 1992 (árlegt meðaltal)	4,0%	3,8%
Tryggingafræðileg staða	-0,4%	-3,0%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	9.659	9.225
Fjöldi lífeyrisþega	6.524	6.164
Fjöldi stöðugilda	18	18

### Eignasamsetning tryggingadeildar í árslok 2014 og 2015



### Tryggingafræðileg staða

Athugun á tryggingafræðilegri stöðu hefur þann tilgang að meta eignir sjóðsins á móti þeim skuldbindingum sem felast í áunnum réttindum og framtíðarréttindum sjóðfélaga til lífeyris. Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnaði á milli ára og var -0,4% í lok árs 2015. Stjórn sjóðsins hyggst ekki leggja fram tillögu til réttinda-breytinga á komandi ársfundi.

### Séreignardeild

Ávöxtun séreignarsparnaðar sjóðsins á síðasta ári var eins og taflan sýnir:

	Aldursleið 1	Aldursleið 2	Aldursleið 3	Aldursleið 4	Innlánsleið
Nafnávöxtun 2015	5,9%	6,7%	7,5%	7,6%	4,0%
Raunávöxtun 2015	3,8%	4,6%	5,4%	5,5%	1,9%
Raunávöxtun sl. 5 ár	6,0%	5,4%	4,6%	3,8%	2,1%

### Stjórn sjóðsins:

Jón Bjarni Gunnarsson formaður	Þorbjörn Guðmundsson varaformaður
Bolli Árnason	Guðrún Helga Guðbjörnsdóttir
Guðrún Jónsdóttir	Gylfi Ingvarsson
Hanna Þórunn Skúladóttir	Unnur María Rafnsdóttir

Framkvæmdastjóri: Kristján Örn Sigurðsson

### Ársfundur 2016

Ársfundur sjóðsins verður haldinn miðvikudaginn 27. apríl nk. kl. 16.00 á Hilton Reykjavík Nordica. Fundurinn verður nánar auglýstur síðar.



Sundagörðum 2 / 104 Reykjavík / 510 5000 / lifeyrir.is

**MICKEY THOMPSON**  
PERFORMANCE  
M/T  
TIRES & WHEELS

**TILBOÐ**

4x JEPPEDEKK 265/70R17  
**MICKEY THOMPSON STZ**

~~175.000~~  
**KR. 139.900**  
TAKMARKAÐ MAGN

Ice-track ehf. Sími 773 4334  
mtdekk@mtdekk.is  
www.mtdekk.is

Vissir þú að...  
þetta er eiga ren á aðstoð  
og hjálp ef þú knda í ofbeldi



Kommuneqarfið Sermersooq



Reykjavíkurborg



Tórshavnar kommuna

## Vestnorræni höfuðborgasjóður Nuuk, Reykjavíkur og Þórshafnar auglýsir eftir styrkumsóknum fyrir árið 2016

Reykjavíkurborg er aðili að Vestnorræna höfuðborgasjóði Færeyja, Grænlands og Íslands. Sjóðurinn hefur að markmiði að efla skilning og samstarf, m.a. á sviði menningarmála, milli þessara borga, íbúa þeirra, samtaka og stjórnmalamanna og veita fjárfstyrki til verkefna sem þjóna þessum markmiðum.

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum til verkefna sem tengjast samskiptum milli höfuðborganna og efla tengsl þeirra með einhverjum hætti, t.d. á sviði menningar, fræðslu eða íþróttar.

Í umsókn skal lýsa fyrirhuguðum verkefnum ítarlega, fyrirkomulagi þeirra, tímasetningu og kostnaði.

### Umsókn skal beint til:

Vestnorræni höfuðborgasjóður Nuuk, Reykjavíkur og Þórshafnar  
b.t. skrifstofu borgarstjóra og borgarritara  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík

Umsóknir berist eigi síðar en **miðvikudaginn 1. júní 2016** og koma umsóknir sem síðar kunna að berast ekki til afgreiðslu. Umsóknum skal skila á umsóknareyðublaðum. Allar upplýsingar um sjóðinn er að finna á vef Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/vestnorræni](http://www.reykjavik.is/vestnorræni)

Upplýsingar eru veittar á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, Ráðhúsi Reykjavíkur, s: 411 4500.  
Stjórn sjóðsins mun afgreiða umsóknir í júní 2016.

Reykjavík 30. mars 2016  
Borgarritari

# Sendinefnd til bjargar markaði í Nígeríu

Markaður Íslendinga fyrir fiskafurðir í Nígeríu er botnfrosinn. Í undirbúningi er að ráðherra nefnd fari til að liðka fyrir viðskiptum – en vöruskipti hafa verið ámalguð vegna ástandsins. Staðan varðandi deilistofna er mikið áhyggjuefni.

**SJÁVARÚTVEGUR** Grafalvarleg staða er uppi á mörkuðum Íslendinga í Nígeríu vegna gjaldeyrisskorts og takmarkana þarlendrar stjórnvalda á notkun gjaldeyris. Þá eru blikur á lofti þar sem ekki hefur samist um veiðar úr þremur mikilvægum deilistofnum.

Þetta kemur fram í máli Jens Garðars Helgasonar, formanns Sambands fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS), í nýrri ársskýrslu samtakanna.

Jens Garðar segir að SFS hafi átt gott samstarf við þau fyrirtæki sem selja afurðir sínar til Nígeríu. Einnig hafi sambandið fundað með fulltrúum utanríkisráðuneytisins, Seðlabanka Íslands og olíufélaganna.

„Farið hefur verið yfir stöðu mála og kostir í stöðunni skoðaðir, þar með taldir möguleg vöruskipti. Í undirbúningi er að íslensk sendinefnd undir forystu utanríkisráðherra fari til Nígeríu og þess verði freistað að koma aftur á viðskiptum á milli landanna.“

Jens Garðar gerir einnig að umtalsefni að hvorki gengur né rekur í viðræðum um sameiginlega fiskistofna, eða deilistofna, sem nýttir eru af Íslandi, Evrópusambandsríkjum, Noregi, Færeyjum og Rússlandi [sild]. Á það við um makríl, norsk-íslenska síld og kolmunna.

Eins og þekkt er hefur ekkert þokast í samkomulagsátt. „Staðan í strandríkjaviðræðunum er mjög alvarleg og þjónar ekki hagsmunum Íslands, né annarra veiðiríkja, til lengri tíma lítið vegna augljósrar ofveiði auk þess sem orðspor þessara veiðipjóða er í húfi sem og geta þeirra til að axla þá ábyrgð sem fylgir réttindum þeirra til nýtingar þessara sameiginlegu stofna,“ segir Jens Garðar.

Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra gerði einmitt



Þorsteinn Már Baldvinsson, Sigurður Ingi Jóhannsson og Jens Garðar Helgason á fundi SFS í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þetta er í raun svartur blettur á fiskveiðistjórnun allra þessara þjóða.

Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra

Þetta að umtalsefni í ræðu sinni á ráðstefnu SFS í gær, þar sem vaxtarækifæri íslensks atvinnulífs voru til umræðu.

„Engir samningar eru í gildi milli þjóða um síld, makríl og kolmunna eins og sakir standa. Afleiðing þessa er að það er regla, frekar en undantekning, að stofnarnir eru veiddir umfram ráðgjöf – líklega um 15 til

## Nígeríumarkaður 15 milljarða virði

- Útflutningur íslenskra fyrirtækja til Nígeríu þegar markaðir voru opnir námu um 20 þúsund tonn um ári af þurrkuðum afurðum.
- Verðmæti útflutningsins er um 15 milljarðar króna.

30 prósent,“ sagði Sigurður og bætti við að umframveiði á úthafskarfa á Reykjaneshrygg væri yfir 300 prósent.

Öllum er ljóst hvað gerist ef ekki verður breyting á, sagði Sigurður Ingi og bætti við: „Þetta er í raun svartur blettur á fiskveiðistjórnun allra þessara þjóða.“  
[svavar@frettabladid.is](mailto:svavar@frettabladid.is)

## Ársfundur 2016

### Dagskrá

1. Fundur settur.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Gerð grein fyrir ársreikningi.
4. Tryggingafræðileg úttekt.
5. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt.
6. Önnur mál.

Ársfundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verður haldinn þriðjudaginn 19. apríl 2016 kl. 17:00, að Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 15.03.2016

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda



Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda



Hress gerði tíu ára samning við Hafnarfjarðarbæ árið 2008 um rekstur líkamsræktarstöðvar við Ásvallalaug. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Gögn um Hress hafa verið fjarlægð af bæjarvefnum

**HAFNARFJÖRÐUR** Skjöl sem birt voru á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar með síðustu fundargerð bæjarráðs og vörðuðu rekstur líkamsræktarstöðvarinnar Hress hafa verið fjarlægð.

Um var að ræða fjögur skjöl; ósk Hress frá í október 2015 um að rifta samningi við Hafnarfjarðarbæ vegna reksturs líkamsræktarstöðvar við Ásvallalaug, ósamþykkt tillögu Hafnarfjarðarbæjar um lækun leigunnar og fleira, bréf Gymheilsu frá í janúar með boði um að taka við rekstri við laugina og loks bréf lögmanns Hress frá 18. mars síðastliðnum með tillögu um uppgjör og lok samnings fyrirtækisins við bæinn.

Tillaga Hress felur meðal annars í sér endurgreiðslu og niðurfellingu á leigu þannig að engin leiga verði borguð síðustu tólf mánuði leigutímans vegna vanefnda bæjarins.

„Við erum leið yfir því að tillaga okkar að uppgjöri við bæinn, sem send var í trúnaði á Sigríði Kristinsdóttur bæjarlögmann og Geir Bjarnason íþróttafulltrúa, hafi verið send til bæjarráðs og birt í heild sinni á vef Hafnarfjarðarbæjar,“ sagði Linda Hilmarsdóttir, eigandi og framkvæmdastjóri Hress, í Fréttablaðinu í gær þar sem farið var yfir málavöxtu. Nú hefur þetta skjöl og önnur sem bærinn birti á vef sínum verið fjarlægð eins og fyrr segir. – gar



HVITA HÖNDUR/SA - 16-0330

# Öflugustu hjól atvinnulífsins

**Við bjóðum þér á atvinnubílasýningu hjá söludeild atvinnubíla Öskju, Fosshálsi 1, í dag kl. 12–16**

Mercedes-Benz atvinnubílar eru einstaklega fjölbreyttir og uppfylla ólíkustu þarfir svo þeir skili örugglega sínu við allar aðstæður. Komdu á atvinnubílasýninguna og kynntu þér möguleikana!

Af þessu tilefni verða ýmsir sérútbúnir Mercedes-Benz bílar til sýnis á staðnum. Má þar nefna Actros-dráttarbil, VIP-Sprinter, Tourismo-hópfarabíl, 24 tíma þjónustu-Sprinter, V-Class með hjólastóláaðgengi, Jökla-Sprinter og fleiri fallega bíla.

Hlökkum til að sjá þig á Fosshálsinum.

## Mercedes-Benz



# LA-Z-BOY TAXFREE

Allir LA-Z-BOY stólar og sófar á taxfree tilboði\*



## Góður heimilisvinur – Komdu til okkar og veldu þitt draumasæti

Glæsilegur 250 m<sup>2</sup> LA-Z-BOY sýningasalur með allt það nýjasta í Húsgagnahöllinni Bíldshöfða – ÓTRÚLEGT ÚRVAL

18 MISMUNANDI  
HÆGINDASTILLINGAR

LA-Z-BOY  
STOFNAÐ  
1928

MEST SELDI  
HÆGINDASTÓLL  
Í HEIMI



LA Z BOY®  
*Live life Comfortably.®*



### EMPIRE

Grátt eða brúnt slitsterkt áklæði  
Stærð: 80 x 70 x 102 cm

**72.573 kr.** ~~89.990 kr.~~



### ASPEN

Klæddur leðri á slitflötum.  
Brúnn, vínrauður eða hvítur.  
Stærð: 80 x 85 x 102 cm

**119.990 kr.** ~~159.990 kr.~~



### RIALTO

Nettur og skemmtilegur La-Z-Boy sjónvarpssófi.  
Klæddur gráu eða svörtu áklæði.  
Einnig fánlegur 2ja sæta.  
Stærð: 205 x 90 x 105 cm

**258.056 kr.**

~~319.990 kr.~~

Reykjavík 10 – 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga  
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is  
558 1100

Verð og vöruupplýsingar / auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

# LOKAHELGIN

SÝNINGAREINTÖK  
MEÐ ALLT AÐ 40%  
AFSLÆTTI



\* Taxfree tilboðið gildir bara á LA-Z-BOY og jafngildir 19,35% afslætti.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður viðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar og gildir til 31. mars 2016

 HÚSGAGNA  
HÖLLIN

# Ópolið og bresturinn



Þorbjörn Þórðarson  
thorbjorn@frettabladid.is

Hvers vegna fluttu svona margir efnaðir Íslendingar eignir sínar í aflandsfélög á árunum fyrir hrún? Og hvers vegna vilja auðmenn geyma sparnaðinn sinn erlendis? Ad einhverju leyti er svarið fólgið í óstöðugleika íslenskrar krónu.

Július Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi upplýsti í gær að hann ætti vörslureikning fyrir séreignarsparnað sem skráður er í Panama. Július Vífill bætist þar með í hóp flokkssystkina sinna, Bjarna Benediktssonar og Ólafar Nordal, sem eiga, hafa átt eða hafa verið skráð fyrir félögum á aflandssvæðum. Forsætisráðherrahjónin eiga síðan jafnvirði 1,2 milljarða króna á Jómfrúaejyum.

Umræða síðustu daga hefur borið þess vitni að það sé á einhvern hátt slæmt að ráðherrar eða stjórnmalamenn almennt eigi peninga í útlöndum. Tvær hliðar eru á því máli en aðeins önnur þeirra hefur verið í kastljósinu. Það getur verið kostur að stjórnmalamenn séu efnaðir því þá eru minni líkur á því að hægt sé að hafa áhrif á þá. Of margir alþingismenn voru styrktir af bönkum og útrásarfyrirtækjum fyrir hrúnið. Í sumum tilvikum námu styrkir til einstakra stjórnmalamanna samtals tugum milljóna króna. Í prófkjörum einstakra flokka, eins og Sjálfstæðisflokksins, var það regla fremur en undantekning að framþjódendur væru styrktir af ríku fólki. Auðmenn „keyptu“ þessa stjórnmalamenn því þeir sáu hagnaðarvon í því að styrkja þá í prófkjörum. Margir þeirra sitja enn á Alþingi.

Fjársterkur einstaklingur sem fer í stjórnmal er ekki fjárhagslega háður öðrum. Minni líkur eru á því að hægt sé að hafa áhrif á viðkomandi með styrkjum eða gjöfum. Bæði þegar beinir styrkir eru annars vegar en einnig þegar um er að ræða mögulegar hagsbætur í framtíðinni. Til dæmis þegar ferli í stjórnmalum lýkur. Þegar fólk tekur ákvarðanir litast þær oft af eigin hagsmunum í framtíðinni og það getur mengað dómgreindina.

Umræða síðustu daga um eignarhald stjórnmalamanna á aflandsfélögum má ekki verða til þess að það skapist óþol gagnvart fólki sem á peninga. Það fæli hæft fólk frá stjórnmalabátttöku og almenningur situr þá uppi með framboð eintómra kverúlanta. Starf þingmannsins á að vera eftirsóknarvert og þangað á að veljast hæft fólk með góða menntun, þótt á þingi eigi auðvitað að sitja fulltrúar allra stétta. Hæfileikar og fjárhagslegt sjálfstæði halda gjarnan í hendur.

Síðferðisbrestur stjórnmalamanna sem eiga aflandsfélög og eignir í erlendum gjaldeyri felst ekki í eignarhaldinu eða auðlegðinni. Síðferðisbresturinn felst í skilaboðum innanlands um hvað sé almenningi fyrir bestu. Enda er þetta fólk allt krónusinnar í orði en evrusinnar á borði. Það er ekki vist að það þjóni langtímahagsmunum íslensku þjóðarinnar að fara í myntsamstarf um evru. Þvert á móti bendir margt til þess í augnablikinu að ókostirnir sem fylgi slíku séu fleiri en kostirnir. Hins vegar gerum við þá einföldu kröfu til stjórnmalamanna sem tala fyrir ágæti krónunnar að þeir fylgi eigin trúarboðskap. Allt annað er hræsin.



**Síðferðisbrestur stjórnmalamanna sem eiga aflandsfélög og eignir í erlendum gjaldeyri felst ekki í eignarhaldinu eða auðlegðinni.**

Gunnar



## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir

### Að drita eins og Sigmundur Davíð



Gerald Ratner byrjar alla daga á að kveikja á fartölvunni og fara á samfélagsmiðilinn Twitter. Tilgangurinn er þó ekki að tista eitthvað hnyttið í 140 bókstöfum eins og hinir hádfuglarnir sem halda þar til heldur kanna hve margir eru búnir að gera grin að honum þann daginn.

Gerald Ratner minnst þess í mánuðinum að tuttugu og fimm ár eru frá því tilvera hans fór á hvolf. Þriðjudagurinn 23. apríl árið 1991 hefði ekki átt að vera neitt öðruvísi en aðrir dagar í lífi Ratners. Í raun hefði hann átt að vera betri því auk þess að mæta á skrifstofuna til að sinna daglegum rekstri fyrirtækis síns sem metið var á tæpar 500 milljónir punda var þetta dagurinn sem hann átti að halda ræðu á virtri samkomu atvinnurekenda í Royal Albert Hall í London. Dagurinn fór hins vegar öðruvísi en Ratner hafði ætlað.

Gerald Ratner fæddist árið 1949 í London. Hann hætti ungur í skóla og fékk vinnu í fjölskyldufyrirtækinu, lítilli keðju skartgripavarslana sem seldi skart á hagstæðu verði. Þegar Ratner var gerður að framkvæmdastjóra fyrirtækisins fór boltinn að rúlla. Á sex árum fjölgaði skartgripavarslunum Ratner Group úr 150 í 2.000. Ratner var kallaður undrabarni í viðskiptum. Hann lifði hátt, keypti sér þyrlu og Porsche, ferðaðist um heiminn á fyrsta farrými, gisti í finustu hótelsvítunum og þrátt fyrir að vera giftur var hann við margan kvenmanninn kenndur.

En svo rann upp dagur „Ræðunnar“ eins og Ratner kallar atvikið í dag.

Ræða Ratners gekk vel framan af. En sakleysisleg spurning áhorfanda í salnum markaði endalokin. „Hvernig getið þið selt vörurnar ykkar svona ódyrt?“ Ratner hikaði ekki: „Því þær eru andskotans drasl.“ Hann lét ekki staðar numið. „Við seljum eyrnalokka sem kosta minna en samloka með rækjusalat í Marks & Spencer – en þeir endast líka skemur.“

Viðskiptavinum skartgripavarslana Ratners fannst þeir hafðir að fíflum. Salan hrundi og fyrirtækið varð næstum gjaldþrota. Ratner var gert að segja af sér. Svo

epískt var fall Ratners að í enskri tungu er nú til frasinn „að gera Ratner“ sem merkir að skíta ærlega upp á bak.

#### Arkitekt einangrunarstefnunnar

Íslensk stjórnvöld „gera nú Ratner“ eins og enginn sé morgundagurinn. Ekki þarf að orðlengja um stóra skattaskjólsmálið þar sem sjálfur forsætisráðherra er í broddi fylkingar. Sitt sýnist hverjum um háttsemi Sigmundar Davíðs. Er það síðleysi, taktleysi, hroki, græðgi, valdniðsla eða lögleysa? Eitt er þó ljóst. Sigmundur Davíð er sekur um sama athæfi og Gerald Ratner. Hann seldi umbjóðanda sínum, íslenskum almenningi, vísitandi „andskotans drasl“.

Forsætisráðherra er sérlegur arkitekt einangrunarstefnunnar sem Íslendingar búa við nú um stundir. Keikur selur hann okkur ágæti íslenskrar krónu, gjaldreyrishafta, skattaumhverfis, tollamála og innflutningsbanna. Orð um Evrópusambandið jaðrar við landráð. Evran er samsæri elítunnar og RÚV gegn honum persónulega.

Gerald Ratner hefði aldrei látið sjá sig með þá skartgripum sem seldir voru í verslunum hans. Það sama gildir um Sigmundur Davíð. Þótt krónan og sparireikningur hjá Landsbankanum séu alveg nógu góð úrræði fyrir sauðsvartan almúgann dugur ekkert minna fyrir forsætisráðherra en alþjóðlegir fjármálamarkaðir og skattaskjól.

Á hvaða öðrum sviðum leikur Sigmundur tveimur skjöldum? Situr hann kannski í kjallaranum heima hjá sér í Garðabænum þar sem enginn sér til og raðar í sig veigum úr gámi af nautakjötsskrokkum frá Argentínu, alíöndum frá Frakklandi og grískum fetastí frá Grikklandi en ekki Selfossi á meðan við hin gerum okkur SS pylsur og Skólaost að góðu?

Stóra skattaskjólsmálið markar gjaldþrot stjórnmalá Sigmundar Davíðs. Svo feitt er klúður hans að í stað þess að kalla það „að gera Ratner“ getum við talað um „að drita eins og Sigmundur Davíð“.

11. apríl í 7 nætur

Frá kr. 84.900 m/allt innifalið

2FYRIR1

**TENERIFE**

Tamaimo Tropical

Netverð á mann frá kr. 84.900 m.v. 2 fullorðna í íbúð.

Heimsferðir



# Stjórnlagaráð um tillögur stjórnarskrárnefndar



**Þorkell Helgason** áhugamaður um bættu stjórnarskrár og sat í stjórnlagaráði

Stjórnarskrárnefnd sú er skipuð var 2013 hefur lagt fram drög að frumvörpum um breytingar á þremur meginþáttum núgildandi stjórnarskrár; nánar tiltekið um þjóðaratkvæðagreiðslur, umhverfisvernd og náttúruauðlindir.

Stjórnlagaráð sem starfaði sumarið 2011 fjallaði um öll þessi atriði og tók á þeim í frumvarpsdrögum sínum. Ítarlegan samanburð á tillögum nefndarinnar og ráðsins er að finna á vefsíðunni <http://thorkellhelgason.is/?p=2395>. Um margt gengur stjórnarskrárnefnd skemur en stjórnlagaráð.

## Nefndin og ráðið

Undirritaður hnýtur einkum um eftirfarandi atriði þar sem stjórnlagaráð og stjórnarskrárnefnd greinir á:

- Stjórnlagaráð lagði til að 10% kosningabærra manna gætu kallað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu til að hnekkja nýsamþykktum lögum frá Alþingi. Í tillögum stjórnarskrárnefndar er þetta hlutfall hækkað í 15%.
- Stjórnlagaráð gekk út frá því að meirihluti þeirra sem taka þátt í þjóðaratkvæðagreiðslunni ráði örlögum laganna, staðfestingu þeirra eða höfnun. Stjórnarskrárnefnd gerir þeim sem vilja hafna lögnum erfiðara fyrir. Auk þess að skipa hreinan meirihluta verði þeir að samsvara a.m.k. fjórðungi kosningabærra manna. Stjórnarskrárnefndin leggur til þetta um greiðslu fyrir nýtingu á auðlindum í þjóðareigu, svo sem fyrir aflaheimildir: „Að jafnaði skal taka eðlilegt gjald fyrir heimildir til nýtingar auðlinda sem eru í eigu íslenska ríkisins eða þjóðareign.“ Stjórnlagaráð vildi kveða skýrt að orði og tala um „fullt gjald“ í þessu sambandi.
- Stjórnarskrárnefnd hefur fengið dagóðan fjölda athugasemda, m.a. frá undirrituðum (sjá <http://thorkellhelgason.is/?p=2417>) og eru þar nokkrar ábendingar um breytingar sem kynnu að brúa bilið milli tillagna stjórnarskrárnefndar og stjórnlagaráðs. Minnt skal á að í þjóðaratkvæðagreiðslunni í október 2012 voru 2/3 þeirra kjósenda, sem afstöðu tóku, því hlynntir að tillögur stjórnlagaráðs yrðu lagðar til grundvallar að nýrri stjórnarskrá.

## Afnotagjöld að jafnaði

Hér verður staldrað við síðasta punktinn hér að framan; þann sem snýr að gjaldtöku fyrir auðlindaafnot.

Í 72. gr. gildandi stjórnarskrár er kveðið á um friðhelgi eignarréttarinnar. Þar segir: „Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.“ Stjórnlagaráð hélt þessu ákvæði um eignarréttinn óbreyttu en taldi jafnframt að sama grundvallaratriði ætti að gilda um þjóðareignir. Því er freistandi að samræma í hina áttina og færa orðalag stjórnarskrárnefndar um eignarrétt þjóðarinnar yfir á hinn almenna eignarrétt. Þá yrði þetta sagt um eignarnámsbætur: „Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi að jafnaði eðlilegt verð fyrir.“ Varla þætti þetta góð latína. Er hún eitthvað betri þegar hún er látin taka til þjóðareigna?

## Heildarendurskoðunar er þörf

Í núgildandi stjórnarskrá vantar ekki aðeins öll þau þrjú atriði, sem stjórnarskrárnefnd tekur nú til umfjöllunar, heldur og margt annað. Auk þess eru í stjórnarskránni andlýðræðisleg ákvæði eins og ójafnt vægi atkvæða. Og ekki má gleyma því að gildandi ákvæði um kjör forseta Íslands er

með öllu ótækt. Viðbúið er að næsti forseti verði kjörinn með atkvæðum lítills hluta kjósenda. Kveða verður á um fyrirkomulag sem tryggir að forsetinn njóti stuðnings meirihluta kjósenda. Á því tókum við í stjórnlagaráði, en það sem annað hefur dagað uppi.

Bútasamur á plagginu frá 1944, sem er grundvallað á konungsgjöf frá næst síðustu öld dugar því skammt. Núgildandi stjórnarskrá er full af hortittum og innra ósamræmi og gæti orðið enn grautarlegri með nýjum

þjötlum hér og þar. Allir sémilega læsir menn verða að geta lesið og skilið grundvallarlög hvers ríkis. Þar á ekki að þurfa langar útskýringar meintra sérfræðinga. Í slíku skjali má ekki standa staðhæfingin „Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki“. Allir vita að þetta er ekki svo, enda er forsetanum ætlað að skilja ákvæðið – eins og svo margt annað – í samhengi við annað ákvæði þar sem segir „Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt“, sem er í senn torskilinn og vond íslenska. Eða þá að

forsetinn hefur heimild til að veita „[...] annaðhvort sjálfur eða með því að fela það öðrum stjórnvöldum, undanþágur frá lögum samkvæmt reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til.“ Vonandi tekur enginn forsetaframbjóðandi mark á þessari forneskju.

Um allt þetta – og margt fleira – fjallaði stjórnlagaráð og gerði tillögur til bóta. Rætt verður áfram um stjórnarskrármálið í næstu grein undir heitinu: Er ein kráka í hendi betri en tvær í skógi?



**Kveða verður á um fyrirkomulag sem tryggir að forsetinn njóti stuðnings meirihluta kjósenda. Á því tókum við í stjórnlagaráði, en það sem annað hefur dagað uppi.**

# Gefðu sparnað í fermingargjöf

**Gjafakort Landsbankans** er góð leið til að gefa sparnað í fermingargjöf. Ef fermingarbarnið leggur 30.000 krónur eða meira í sparnað hjá Landsbankanum greiðir bankinn 6.000 króna mótframlag. Þannig getur gjafakortið lagt grunn að góðum fjárhag.

**Kortið** kemur í fallegum gjafaumbúðum og fæst í útibúum Landsbankans. Kynntu þér sparnaðarleiðir fyrir fermingarbarnið á [klassi.is](http://klassi.is).

Erna Sóley Eyjólfsdóttir  
Klassafélagi og karate-lærlingur

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



# Ekki verið í betra formi í 20 ár

Fyrirverandi landsliðsmarkvörðurinn Hreiðar Levý Guðmundsson er á leið aftur í atvinnumennsku 35 ára að aldri. Markvörðurinn er búinn að taka af sér 20 kíló og vonast til að toppa á næstu árum.

Henry Birgir Gunnarsson  
henry@frettabladid.is



**HANDBOLTI** „Þetta er mjög spennandi og gaman að fá þetta tækifæri núna,“ segir markvörðurinn Hreiðar Levý Guðmundsson en hann er á förum frá Akureyri í sumar og heldur aftur til Noregs. Hann er búinn að semja við úrvalsdeildarfélagið Halden Toppáhandball sem varð í fimmta sæti í deildinni.

Hreiðar þekkir vel til í Noregi eftir að hafa leikið með Nøtterøy þar í landi við góðan orðstír. Hreiðar hefur einnig leikið með sænska liðinu Sävehof og þýska liðinu Emsdetten.

## Setur meiri pressu á mig

Er menn koma heim á fertugsaldri er atvinnumannsferlinum venjulega lokið. Ekki í tilfalli Hreiðars sem verður 36 ára gamall seint á árinu. Halden hefur staðið fyrir söfnun á meðal stuðningsmanna félagsins til þess að fjármagna endanlega kaupin á Hreiðari.

„Þetta er mjög sérstakt en skemmtilegt. Þetta setur líka meiri pressu á mig. Áhorfendurnir eiga í mér og því eins gott fyrir mig að standa mig,“ segir Hreiðar. Félagið reyndi að safna 1,5 milljónum króna en náði á endanum að safna um tveimur milljónum. „Þetta eru peningar upp í samninginn og býr líka til stemningu.“

## Bjóða syninum út

Hreiðar segir að hann hafi verið búinn að gefa frá sér þetta dæmi enda þarf hann að skilja ungan son sinn eftir á Akureyri. Norska félagið hafi aftur á móti komið til móts við hann. „Það er erfitt að fara frá stráknum mínum en félagið er búið að skipuleggja að ég fái lengri frí heima og hvenær hann geti komið út. Félagið ætlar að bjóða honum með í æfingamót sem VIP-gesti. Þeir hafa komið mjög skemmtilega til móts við mig og það hjálpaði til við að ég sagði já á endanum.“

Markvörðurinn hávaxni viðurkennir að atvinnumannsdráumar hafi verið úti er hann kom heim.

„Þetta ár snerist eiginlega bara um að koma til baka eftir meiðsli.

Að sjá að ég gæti þetta enn. Það voru engar framtíðaráætlanir og útlönd alls ekki inni í myndinni. Ég ætlaði að reyna að eiga nokkur góð ár hér á Íslandi áður en ég hætti. Mér finnst ég eiga nóg eftir núna og vonandi eru bara bestu árin eftir.“

## Passar í Hagaskóla-buxurnar

Það er eftir því tekið í hversu góðu líkamlegu formi Hreiðar er þessa dagana. Hann hefur í raun aldrei litið betur út og viðurkennir það fúslega sjálfur. Hann breytti um lífsstíl.

„Ég hef ekki verið í betra formi í 20 ár. Ég er farinn að passa aftur í gömlu Hagaskóla-buxurnar,“ segir Hreiðar Levý léttur. „Helsta breytingin hjá mér er mataræðið. Ég hef verið að borða vitlaust í gegnum tíðina. Ég er hættur að borða pasta og braud. Í staðinn er komið meira kjöt og prótein. Ég hef auðvitað verið að æfa vel í öll þessi ár en eftir að mataræðið var orðið gott þá kvaddi ég loksins þriggja tölu klúbbinn,“ segir Hreiðar en hvað er hann búinn að skafa mikið af sér?

„Ég er kominn niður um rúm 20 kíló frá því síðasta sumar. Ég var þyngstur 118 kíló en er 96 í dag. Þegar ég var í atvinnumenskunni og í landsliðinu var ég um 105 kíló. Þá fannst mér ég vera í finu standi og auðvitað sé ég aðeins eftir því að hafa ekki verið í sama forminu þá og núna. Mig vantaði meiri leiðsögn í matarmálunum en þau skipta öllu máli. Ég er að kaupa mér nýtt líf með þessu og tel að ég eigi mikið inni ef ég hugsa vel um mig áfram.“

## Enn með hugann við landsliðið

Hreiðar er mjög jákvæður og segist enn vera að elta stóra drauma á ferli sínum.

„Ég vil elta mína stóru drauma. Einn af þeim er að komast aftur í íslenska landsliðsbúninginn og spila aftur fyrir Ísland. Svo vil ég spila vel og reyna að halda heilsu. Vera sáttur við sjálfan mig og sjá hvert það leiðir mig. Það væri gaman að toppa á síðustu árunum. Af hverju ekki, segi ég?“

Meiðsli hafa farið illa með Hreiðar síðustu ár og hann hefur þurft að fara í aðgerð á báðum hnjónum. Hann var skorinn upp síðustu tvö sumur. Svo lenti hann í meiðslum á hásin í



Hreiðar er bjartsýnn á að bestu árin séu fram undan. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ég er kominn niður um rúm 20 kíló frá því síðasta sumar. Ég var þyngstur 118 kíló en er 96 í dag.

Hreiðar Levý Guðmundsson

kringum áramótin sem eru enn að plaga hann.

„Ég byrjaði ekki að æfa fyrr en í september og var í raun byrjaður að spila áður en ég gat hlaupið. Þessi hásinarmeisli voru mjög svekkjandi því ég var kominn vel í gang og að keppa um landsliðs-

sætið. Hásinarmeislin eru enn aðeins að plaga mig,“ segir Hreiðar Levý sem litur mjög björtum augum á framtíðina. „Ég ætla að klára þetta tímabil með stæl hjá Akureyri og svo verður ekkert farið til Benidorm í ár. Bara æft af krafti og komið inn í flottu formi í Noregi.“

## Nýjast

ÓLAFÍA ÞÓRUNN Í 19. SÆTINU Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, kylfingur úr GR, er í 19. til 25. sæti fyrir lokahringinn á Terre Blanche golfmótinu á LET Access atvinnumótaröðinni í Frakklandi. Ólafía hefur leikið tvo fyrstu hringina á 74 og 72 höggum og er á pari eftir tvo fyrstu keppnisdagana. Hún var á einu höggi undir pari í gær.



## EIÐUR SMÁRI MED SITT FYRSTA MARK Í NORSKA BOLTANUM

Eiður Smári Guðjohnsen skoraði eitt mark og átti stóran þátt í öðrum tveimur mörkum í 4-2 sigri Molde í Íslendingaslag á móti Lilleström í norsku úrvalsdeildinni í fótbolta. Eiður skoraði fjórða mark Molde úr víti. Rúnar Kristinsson þjálfar Lilleström og Árni Vilhjálmsson spilar með liðinu.

## Í dag

11.34	Aston Villa - Chelsea	Sport 2
13.25	Mainz - Augsburg	Sport 4
13.25	Bayern - Frankfurt	Bravó
13.50	West Ham - C. Palace	Sport 6
13.50	Norwich - Newcastle	Stöð 3
13.50	Arsenal - Watford	Sport 2
13.50	Bournem. - Man. City	Sport 3
13.50	Stoke - Swansea	Sport 5
14.50	F1: Timataka í Bahrain	Sport
16.20	Liverpool - Tottenham	Sport 2
17.55	Grindavík - Haukar	Sport 3
18.20	Barca - Real Madrid	Sport
18.40	Juventus - Empoli	Sport 2

13.30	ÍBV - Haukar	Eyjar
13.30	Valur - Fjölnir	Valshöllin
13.30	HK - Selfoss	Digranes
13.30	Grótta - Fram	Seltjarnarnes
13.30	Fylkir - Afturelding	Fylkishöll
13.30	FH - Stjarnan	Kaplakriki
17.00	Valur - Snæfell	Valshöllin
17.30	KA/Þór - ÍR	KA-hús
18.00	Grindavík - Haukar	Grindavík
18.00	ÍA - Fjölnir	Norðurálsv.

## Á morgun

10.25	Udinese - Napoli	Sport
12.20	Leicester - Southamp.	Sport
12.55	Lazio - Roma	Sport 3
14.30	F1: Bahrain-keppni	Sport
14.50	Man. United - Everton	Sport 2
18.40	Inter - Torino	Sport 2
19.00	Haukar - Tindastóll	Sport
19.15	Haukar - Tindastóll	Ásvellir





**RENAULT**  
Passion for life

# CLIO LIMITED

## GLÆSILEGUR BÍLL, GÓÐUR DÍLL



TAKMARKAÐ MAGN

### MEÐ 300.000 KR. AUKAPAKKA

Glerpak · 16" álfelgur · Bakkskynjarar  
Tölvustýrð miðstöð með loftkælingu · Lykillaut aðgengi  
Dynamic útlitspakki · Svartir speglar með háglans lakki

**Verð: 2.590.000 kr.**  
CLIO 90 TCe  
Bensín, beinskíptur  
Eyðsla 4,6 l/100 km\*

**Verð: 2.990.000 kr.**  
CLIO 1,5d  
Dísil, sjálfskíptur  
Eyðsla 3,8 l/100 km\*

**Bílalán 39.745 kr. á mán.**  
m.v. 10% innborgun.\*\*

**Bílalán 45.863 kr. á mán.**  
m.v. 10% innborgun.\*\*

\*\*Mánaðarlegar afborganir af bílaláni í 84 mánuði samkvæmt fjármögnunar reiknivél Lykill.is. Verð og afborganir geta breyst án fyrirvara. Gengið frá fjármögnun á staðnum. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,39%.



**„ÞÚ TANKAR SJALDNAR  
Á RENAULT“**

**OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 12–16**

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





Messan á sunnudag verður með rokkouðu ívafi þar sem spiluð verða þekkt rokkklög með trúarlegum textum. Hér má sjá hópinn sem kemur að messunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Rokkað í kirkjunni á sunnudag

Sérstök rokkmessa verður haldin í Víðistaðakirkju á sunnudag þar sem einvalalið tónlistarmanna flytur þekkt rokkklög með nýjum trúarlegum textum. Agnes M. Sigurðarsdóttir, biskup Íslands, prédikar í messunni.

**Viktória Hermansdóttir**  
viktoria@frettabladid.is



Tónlist er menningarleg umgjörð en boðskapur kirkjunnar er bara einn. Það er gaman að blanda þessu saman," segir séra Kjartan Jónsson, sóknarprestur í

Ástjarnarkirkju. Hann ásamt Matthíasi V. Baldurssyni tónlistarstjóra stendur fyrir rokkmessu í Víðistaðakirkju á sunnudag. Þar verða flutt klassísk rokkklög með íslenskum kristilegum textum sem hljómsveitir eins og Guns'n'roses, U2, Janis Joplin, Whitesnake, Bon Jovi og Nazareth hafa gert fræg. Einnig verða fluttir sálmar úr sálmabókinni í rokkouðum útgáfum.

Kjartan hefur áður staðið fyrir óhefðbundnum messum þar sem tónlistin fær að njóta sín. „Þetta byrjaði með U2-messu fyrir fimm árum og við höldum hana tvö ár í röð. Síðan höfum við mánaðarlega verið með tilraunamessum með mismunandi þemu.“ Kjartan segir þetta hafa mælst vel fyrir. „Við erum að reyna að prófa eitthvað nýtt til þess að höfða til fleiri. Fólki er rosalega ánægt með þessar til-

raunir og það hefur verið vel mætt.“ Hann segist hafa verið spurður hvort ekki komi til greina að halda diskó- og rappmessur. „Það kemur vel til greina. Ég er alveg til í að prófa mismunandi tónlistarform. Tónlist er alltaf menningarlega skilin og engin tónlist er guði meira þóknarleg en önnur. Ég er opinn fyrir því að prófa þetta en slæ ekkert af boðskapnum. Við höfum verið með texta sem eru svo góðir að þeir eru

ekkert síðri en í sálmabókinni. Textar með trúarlegan boðskap og tengjast við lífað líf nútímans.“

Í messunni kemur fram kór Ástjarnarkirkju og hljómsveit skipuð þeim Friðriki Karlssyni, Sigurgeiri Sigmundssyni, Matthíasi V. Baldurssyni, Þorbergi Ólafssyni og Þóri Rúnari Geirssyni. Agnes M. Sigurðardóttir biskup prédikar í messunni sem hefst klukkan 20 á sunnudagskvöld.

Það er alltaf betra að hafa val

Hjá okkur getur þú valið um VISA eða MasterCard

Kynntu þér kortaúrvalið á [arionbanki.is](http://arionbanki.is)



**Arion banki**  
– fyrir framtíðina

„Frábærir aksturseiginleikar,  
gott verð og ríkulega búinn“

- niðurstaða bíladóms Auto Express  
um Ford Focus



## NÝR FORD FOCUS

Ford Focus er Íslendingum kunnur fyrir framúrskarandi gæði, frábæra aksturseiginleika og hagkvæmni í rekstri.

Nú er kominn nýr Ford Focus sem hefur verið endurhannaður bæði að innan og utan. Fjöðrunin er jafnframt ný, staðalbúnaðurinn mikill og hann er fánlegur með margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins (e. International Engine of the Year), þrjú ár í röð.



### Ferðafjör Ford

Reynsluaktu nýjum Ford og þú gætir unnið **300.000 kr.** gjafabréf frá WOW air.

Allir sem reynsluaka nýjum Ford hjá Brimborg í apríl fara í pott og geta haft heppnina með sér. Heppinn þátttakandi verður svo dreginn út 2. maí.

Einnig verða tveir aukavinningar frá WOW air að verðmæti **100.000 kr.** dregnir út.

## FORD FOCUS

BEINSKIPTUR

FRÁ **3.190.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR

FRÁ **3.390.000** KR.

FORD FOCUS ER EINNIG FÁANLEGUR  
STATION FRÁ 3.350.000 KR.

Upplifðu frábæra  
aksturseiginleika Ford Focus  
- komdu og prófaðu



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.  
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

[ford.is](http://ford.is)

Ný kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína. Eins má nefna endurbættu Bílastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Að auki er nú fánlegt GPS leiðsögukerfi með Íslandskorti. Ford Focus er jafnframt eini bíllinn sem hefur hlotið fjögur öryggisverðlaun frá Euro NCAP. Nýi Ford Focus hlaut einnig titilinn „Besti bíllinn“ í flokki meðalstórra fjölskyldubíla eftir að hafa fengið fullt hús stiga í öryggis- og árekstraprófunum Euro NCAP. ♦ Ford Focus, EcoBoost bensín 125 hð. 6 gíra beinskiptur/sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/5,5 l/100 km. CO<sub>2</sub> losun 108/125 g/km. ♦ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Kamelljón sem langar í taste af öllu

**Gauti Þeyr Másson**, Emmsjé Gauti, segir býsna fullnægjandi að fólk sé loks farið að átta sig á að rapp eigi rétt á sér. Hann ákvað tólf ára gamall að hann ætlaði sér að verða bæði frægur og nettur. Hann hefur unnið ötullega að því síðan en forðast samt í lengstu lög að kalla sig rappara þar sem staðalímyndirnar séu ansi lífseigar.

Guðrún  
Ansnes  
gudrun@frettabladid.is



Ég er náttúrulega mjög at-  
hyglissjúkur og er að hluta  
til að gera tónlist vegna  
þess að ég elska það þegar  
fólk horfir á mig. Það eru  
kannski fáir sem viðurkenna það, en  
ég nærast á þessu. Þetta er mitt tján-  
ingarform. Þegar ég var litill, eftir að  
hafa spilað í fyrsta skipti og einhver  
kallaði „Gauti!“ úr salnum, sagði ég: Ég  
ætla að verða frægur og nettur. Þetta  
er það sem ég ætla að gera, sama hvort  
ég fæ fyrir það peninga eða ekki,”  
segir Gauti Þeyr Másson tónlistar-  
maður sem getið hefur sér gott orð  
sem rapparinn Emmsjé Gauti um  
arábil.

Gauti hefur sum sé fyrir löngu  
stimlað sig inn í hipphopp-  
senuna hérlandis. Og senan hefur líklega  
aldrei verið blómlegri en einmitt  
nú. Sjálfur hefur hann sett mark sitt  
á þróun hennar með útgáfum platn-  
anna Bara ég árið 2011 og Þeyr 2013.  
Nýjasta afurðin er á lokametrinum  
og væntanleg til landsins í blábyrjun  
sumars.

## Staðalímynd rapparans

„Ég og strákarnir í Úlfur Úlfur hlæjum  
dálítið að því núna að þetta sem við  
urðum að eiga sem áhugamál varð  
síðan að atvinnu. Allt þetta fólk sem  
var hlæjandi og spurði: „En ætlarðu  
ekki að fara að gera alvöru tónlist?“  
Starfsheitið rappari hefur alltaf, þó

það sé að breytast núna, vakið upp  
svona krúttstemningu í fólk. Eins og  
þetta sé tímabil: „Æ, ertu rappari?“  
Ég er ekki partur af neinum minni-  
hlutahóp sem lendir í fánlegum eða  
hræðilegum barsmíðum, en það er  
alltaf þetta viðmót. Fólk gerir ráð fyrir  
að maður reyki gras, hafi átt erfiða  
æsku eða að rappið tengist kynþætti.  
Fólk er búin að gera sér staðlaðar hug-  
myndir um hver maður er og hvað  
maður gerir. Ég finn fyrir þessu. Mér  
finnst sjálfum meira að segja eitthvað  
erfitt við að svara spurningunni „Við  
hvað vinnurðu?“ með að segja: Ég er  
rappari. Ég segi alltaf tónlistarmaður  
en ekki rappari. Það er eitthvað hálf-  
fynndið við það,“ bendir Gauti á og  
heldur áfram: „Svo bara fór folkjü  
puttinn að speglast alvarlega til baka  
á þá sem voru einmitt uppteknastir  
af að spyrja þessara spurninga. Það er  
dálítið fullnægjandi og kannski eftir  
allt ágætt að halda sig við að nota  
barnlega orðið rappari sem atvinnu-  
heiti, þegar það sýnir fólk að þetta  
var svo alveg hægt,“ segir Gauti.

Sjálfur hefur hann geta lifað alfar-  
ið á listinni undanfarin þrjú ár og  
haft í nægu að snúast. Hann telur  
að þann uppgang, sem raun ber  
vitni um innan íslensku hipphopp-  
senunnar, megi rekja til rapparans  
Gísla Pálma. „Hann breytti senunni  
með fyrstu plötunni sinni. Reyndar  
get ég sagt að flest íslenskt rapp fyrir  
árið 2010 sáandar bara ekki vel. Þá er  
ég ekki að tala um skemmtanagildið  
heldur tæknilegu hliðina. Auðvitað  
eru undantekningar. Það er erfitt að  
útskýra þetta, en það er eins og eitt-



Gauti segist finna fyrir ákveðnum fordómum í garð rappara og forðast í raun að nota þann starfstítil. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**AÐ SEGJA AÐ REYKJAVÍKURDÆTUR SÉU PÆLING SEM EKKI GENGUR UPP,  
ER HATTUR SEM ÉG ER TIL Í AÐ KYNGJA MEÐ STÆL.**

hvað hafi smellið varðandi pródú-  
seringuna þarna. Fólk náði að mast-  
era sándið. Síðan hefur flest sándað  
allavega ókei.“

Um ræðir aðra bylgju íslensks  
rapps, eftir því sem Gauti segir, sú  
fyrri hafi skolið á í kringum alda-  
mótin síðustu. „Fyrsta bylgjan var  
óneitanlega XXX Rottweiler. Þá kom  
þessi dúndra með massív dólglæti,  
sem var geggjað. Þeir ruddu veginn  
fyrir okkur hin. Sú bylgja stóð í þrjú  
eða fjögur ár svo þess vegna tala ég um  
aðra bylgju, sem á sér stað núna og  
hefur virkað dálítið lengi. Ég held að  
sándið sem ég talaði um og stærðar-  
gráðan á því sem rapparar eru að gera  
í dag sé komin á þann stað að jafnvel  
mestu heiterarnir verði að setta sig  
við að þeim líki þetta kannski og að  
þetta sé alvöru tónlist.“

## Étur hattinn sinn með stæl

„Ég er búinn að sjá að stelpur eru að  
fá miklu meiri áhuga á þessu,“ segir  
Gauti og heldur áfram og leiðir sam-  
talið að býsna umdeildu tvíti sem  
hann sendi frá sér í upphafi árs í fyrra.  
Þar beindi hann spjótum sínum að  
rappsveitinni Reykjavíkurdætrum er  
hann skrifaði: „Þetta er ekki spurning  
um kyn. Rapp er rapp. RVK dætur var  
feit pæling sem gekk ekki upp. Vond  
tónlist er vond tónlist. Ég tek fyrir að

stelpur hafi ekki verið að rappa áður  
en Reykjavíkurdætur komu til sög-  
unnar. En þær mega samt sem áður  
eiga að það er þeim að þakka að fleiri  
stelpur hafa fengið áhuga á því að gera  
rappmúsik.

Að segja að Reykjavíkurdætur séu  
pæling sem ekki gengur upp, er hattur  
sem ég er til í að kyngja með stæl. Við  
getum alveg ennþá deilt um hvort ég  
fili allt rappið þeirra. Það er enn dót  
þarna sem mér finnst jafn leiðinlegt  
og þegar ég tvítaði þessu. En skoðun  
mín á hljómsveitinni er algjörlega  
búin að breytast því pælingin um þær  
sem fyrirmyndir fyrir aðrar stelpur er  
svo sterk að hún gekk klárlega upp.  
Ég sá þetta vel á Rímnaflæði í fyrra,  
þar sem sjö stelpur tóku þátt. Það er  
alveg eitthvert met og það þarf eng-  
inn að segja mér að það sé einhverjum  
öðrum en þeim að þakka. Þetta er allt  
að gerast.“

Sjálfur segist Gauti hafa alist upp  
við sterka kvenfyrirmynd í rappinu.  
„Cell7, Ragna Kjartansdóttir, var fyrir-  
mynd fyrir mér. Ég naut þeirra forrét-  
inda að vera í stúdíóinu þegar hún var  
að taka upp hjá pabba. Það var ekki  
eins aðgengilegt fyrir alla aðra að hafa  
svona sterka kvenfyrirmynd í rappinu  
á þessum tíma. Við viljum sjá fleiri  
stelpur rappa, það er staðreynd. En  
það er samt ekki hægt að skamma

rappstráka fyrir að vera partur af  
sporti sem skartar fáum stelpum.  
Ég held að þar séu eingungis opnir  
faðmar og við viljum sjá sem flestar  
stelpur koma inn í senuna. Ef einhver  
er á annarri skoðun má sá hinn sami  
hypja sig.“

## Feministi á rangan hátt

Gauti varð faðir í fyrsta skipti í fyrra  
er dóttir hans Stella María kom í  
heiminn. Hún er orðin átta mánaða  
og heillar pabba sinn greinilega upp  
úr skónum. Má velta fyrir sér hvort  
föðurhlutverkið hafi haft sitt að segja  
varðandi viðsnúning á viðhorfi hans  
til Reykjavíkurdætra? „Auðvitað vil ég  
að hún fái jöfn tækifæri á öllum svið-  
um alls staðar. En það er samt skoðun  
sem ég hafði áður en hún kom til. Ég  
er alinn upp á heimili með þremur  
konum, bæði eldri en ég og yngri. Á  
tímabili var ég eini karlmaðurinn  
á heimilinu, fyrir utan litla bróður  
minn, og það skipti alltaf öllu máli að  
allir fengu sömu tækifærin. Heima  
kom aldrei upp þessi hugmynd að  
eitthvað væri stráka eða stelpu. Hins  
vegar getur maður samt verið blindur,  
það er án þess að vera að gera eitthvað  
karllægt er hægt að taka óvart þátt í  
að gera það. Eins og með rappið, ég  
pældi bara aldrei neitt í af hverju þar  
væru ekki stelpur. Maður hefði ➔

## Viðurkenning Öldrunarráðs Íslands 2016

*Árlega veitir Öldrunarráð Íslands sérstaka viðurkenningu  
til einstaklings, stofnunar eða félagsamtaka sem þykja  
hafa unnið einstakt starf tengt málefnum aldradra.*

Hér með óskar Öldrunarráð eftir tilnefningum til viðurkenning-  
ingar Öldrunarráðs Íslands. Öllum er heimilt að senda inn  
tilnefningar.

Frestur til að senda inn tilnefningar er til og með 13. apríl 2016  
og skulu tilnefningar sendar til Öldrunarráðs Íslands, Hrafnistu  
við Laugarás, 104 Reykjavík eða á netfangið  
oldrunarrad@oldrunarrad.is

  
Öldrunarráð Íslands

Reynsluaktu  
nújum Hyundai

**VIP PAKKI**  
FYRIR TVO Á EM

Vinnur þú ferð?



# Komdu á Hyundai sýningu í dag

Þú gætir unnið VIP ferð á EM

Landsliðið er á fullu að undirbúa sig fyrir EM og þú átt möguleika á að fara þangað með þeim. Komdu og reynsluaktu nújum Hyundai og þá ferðu í pott og gætir unnið sannkallaða þjóðhátíðarferð með öllu á leik Íslands og Ungverjalands í Marseille þann 18. júní. Þann 31. maí verða dregnir út tveir vinningshafar sem hljóta hvor um sig ferð fyrir tvo til Marseille. Innifalið er flug, gisting, miðar á leikinn og ferðir með fararstjórn til og frá leikvanginum.

**Hyundai er einn af aðalstyrktaraðilum UEFA EURO 2016**



**HYUNDAI**

NEW THINKING.  
NEW POSSIBILITIES.



Hyundai Tucson. Dísilvél 2,0 lítrar, 136 hestöfl, eldsneytisnotkun 6,1 l/100 km\* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,6 l/100 km\*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai / Kaupþúni 1 / Sími 575 1200 / [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is) OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16





# SOCIAL PROGRESS WHAT WORKS?

28 APRIL 2016

HARPA Conference Centre, Reykjavík, Iceland

Norðurljós Hall: 08:30-15:00

Silfurberg: 16:00-18:00

Join Professor **Michael E. Porter** for a meeting of social innovators from around the globe to identify solutions to some of the world's biggest problems.



The conference will be a watershed discussion of how countries, cities and regions have achieved standout social progress results. Insight from the Social Progress Index will anchor these conversations.

**Space is limited, so register now: [www.gekon.is](http://www.gekon.is)**

## SESSION 1: BASIC HUMAN NEEDS



**Dr. Swarnim Wagle, Nepal**  
Former Member, Nepal Planning Commission



**Francis Gatare, Rwanda**  
Chief Executive Officer, Rwanda Development Board

## SESSION 2: FOUNDATIONS OF WELLBEING



**Dr. Gunnar Haraldsson, Iceland**  
Chief Economist, Gekon



**Mr. Beto Verissimo, Brazil**  
Co-founder, Imazon

## SESSION 3: OPPORTUNITY



**Dr. Girol Karacaoglu, New Zealand**  
Chief Economist, New Zealand Treasury



**Basque Government representative (TBD)**

## SESSION 4: SOCIAL PROGRESS IN AGGREGATE



**Victor Umaña, Costa Rica**  
Director CLACDS, INCAE Business School



**City of Medellin representative (TBD)**

## OTHER SPEAKERS

**Mr. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson**, Prime Minister of Iceland

**Ms. Liv Bergþórsdóttir**, CEO, NOVA

**Mr. Dagur B. Eggertsson**, Mayor, City of Reykjavik

**Mr. Matthew Bishop**, The Economist

**Dr. Jón Atli Benediktsson**, President, University of Iceland

**Prof. Martha Minow**, Dean, Harvard Law School

**Prof. Marc Fleurbaey**, Chair, International Panel on Social Progress

**Ms. Mette Lindgaard**, Partner, Deloitte

**David Erasmus & Louis Cole**, founders of The Solvey Project

**More information and full program here: [www.socialprogressimperative.org](http://www.socialprogressimperative.org)**



PRIME MINISTER'S OFFICE



NOVATOR



# HELGAR

LAUGARDAG 11-16 og SUNNUDAG 13-17

Jamie  
Oliver  
LOVE THE OUTDOORS

Gas Grill



**Jamie Oliver G1040XX**

- 2 brennarar
- Grillgrindur úr pottjárni
- Orka 24500 BTU - 7.2 Kw
- Grillflötur 52x44,5 sm
- Þrýstjafnari fylgir ekki

HELGARTILBOÐ

**49.995**

FULLT VERÐ 64.995



**Jamie Oliver G1140XX**

- 3 brennarar
- Grillgrindur úr pottjárni
- Orka 36900 BTU - 10.8 Kw
- Grillflötur 63,6x44,5 sm
- Þrýstjafnari fylgir ekki

HELGARTILBOÐ

**59.995**

FULLT VERÐ 79.995



**Jamie Oliver G1340XX**

- 4 brennarar
- Grillgrindur úr pottjárni
- Orka 57700 BTU - 16.9 Kw
- Grillflötur 84,8x44,5 sm
- Þrýstjafnari fylgir ekki

HELGARTILBOÐ

**69.995**

FULLT VERÐ 99.995



**Jamie Oliver G1540XX**

- 4 brennarar
- Grillgrindur úr pottjárni
- Orka 57700 BTU - 16.9 Kw
- Grillflötur 84,8x44,5 sm
- Þrýstjafnari fylgir ekki

HELGARTILBOÐ

**109.995**

FULLT VERÐ 149.995

GRILLIN ERU AÐEINS TIL SÝNIS Á SUÐURLANDSBRAUT

LE CREUSET VÖRURNAR VINSÆLU  
**20% AFSLÁTTUR**

LE CREUSET®



PHILIPS

Senseo

**Philips HD7884**

1450w SENSEO Up kaffivél sem hellir upp á 1 bolla í einu. Persónuleg stilling fyrir bolla. 2 stillingar. Direct start. Hver bollur er ferskur og með froðu. 0,7 lítra tankur. Tekur lítið pláss á borði.

HELGARTILBOÐ

**9.995**

FULLT VERÐ 19.995



TILVALIN Í  
BÚSTAÐINN!

12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR

# HELGARTILBOÐ

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT



PHILIPS

Panasonic

LG

## SJÓNVRÖRP

ÚTLITSGÖLLUÐ OG SÍÐUSTU EINTÖK  
Á FRÁBÆRUM ÚTRÝMINGARVERÐUM



Bauknecht

**Bauknecht GKA332**  
159 cm frystiskápur með 202L frysti og hraðfrystingu. 4 skúffur. 2 hillur. Orkuflokkur A+. 24kg frystigeta á dag. Geymslutími eftir straumrof 23 klst. Mál (HxBxD): 159 x 59,5 x 60,6 cm.

HELGARTILBOÐ

59.995

FULLT VERÐ 99.995



LG

**LG 49LF510**  
49" HD sjónvarp með 1920x1080p upplasun og DVB-T2+S2 móttakara. 300Hz PMI. Triple XD Engine. Real Cinema 24p. Gervihnattamóttakari. USB, HDMI tengi, CI rauf og USB upptaka o.fl.

HELGARTILBOÐ

89.995

FULLT VERÐ 119.995



Whirlpool

**Whirlpool AW0D7313**  
1400sn 7kg þvottavél með 6th Sense. 52L tromla. Rafeindastýrður kerfisveljari og hitastillir. LCD skjár. Clean+ blettakerfi. 15 þvottakerfi og 15 mín hraðkerfi. Stafræn niðurtalning. Þvott hæfni A. Vinduhæfni B. Orkunýting A+++.

HELGARTILBOÐ

59.995

FULLT VERÐ 69.995

KOLALAUS MÓTOR

Íslenskt stjórnborð og leiðarvísir



PHILIPS

**Philips HR2096**  
800w Avance Collection blandari. ProBlend 6 hnifar. 1.5L glerskál. Stiglaus hraðstilling með Pulse. Taka má hnifa úr og hreinsa. Gúmmítappar fyrir stöðugleika. Stál.

HELGARTILBOÐ

11.995

FULLT VERÐ 16.995

## VÖFFLUJÁRN

20% AFSLÁTTUR




Dantax

**Dantax M171**  
17 lítra og 700w örbylgjuofn með fimm 5 hitastillingum.

HELGARTILBOÐ

7.995

FULLT VERÐ 12.995



Heimilistæki ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500

# APRIL SPRENGJA! BUMM!



Strix GTX970  
leikjaskjækort  
3 ára ábyrgð!

**59.995**  
ÁÐUR 79.995

SPRENGT!  
-20.000  
25 STK.



Ótrúlegt  
sprengjutilboð á  
Vivo PC smátölvu

**39.995**  
ÁÐUR 59.995

SPLITTING!  
-20.000  
25 STK.



Vinsælustu  
Razer leikja-  
heyrnartólin

**13.995**  
ÁÐUR 23.995

PUFFFFFF!  
-42%  
25 STK.



40" 4K ofurskjár  
með 1 milljarði lita  
og hátölurum

**139.995**  
ÁÐUR 179.995

SPRENGT!  
-40.000  
10 STK.



EPSON  
þráðlaus fjölnota  
heimilisprentari

**9.995**  
ÁÐUR 14.995

SKRAMMJI!  
-33%  
50 STK.



1TB 2,5"  
vasaflakkari

**9.995**  
ÁÐUR 12.995

SPLITTING!  
-23%  
50 STK.



Mekanískt  
Razer Blackwidow  
Chroma

**23.995**  
ÁÐUR 37.995

KAZZAAAAA!  
-14.000  
30 STK.



120GB  
SSD

**6.995**  
ÁÐUR 9.995

PUFFFFFF!  
-3.000  
15 STK.



**OPIÐ ALLA**  
LAUGARDAG 11-16 &

**KAZZAAAAAM!**  
**-33%**  
**50 STK**



**9.995**  
ÁÐUR 14.995

Langvinsælasta  
**8"**  
spjaldtölvan  
okkar

**SPREEENGJ!**  
**-30.000**  
**15 STK**



15,6" fartölva,  
Intel i5, 1TB SSHD,  
8GB vinnsluminni  
**109.995**  
ÁÐUR 139.995

**BLUMM!**  
**-50%**  
**140 STK**



Steelseries  
Rival Optica  
100 leikjamús  
**4.995**  
ÁÐUR 9.995

**BÖMM!**  
**-25.000**  
**25 STK**



**113.995**  
ÁÐUR 123.995  
iPhone 6S  
með Retina HD  
og 3D Touch

**SPREEENGJ!**  
**-10.000**  
**5 STK**



22" FHD  
skjátölva með  
fjögurra kjarna  
Intel Pentium.  
**84.995**  
ÁÐUR 109.995

**SKRAMM!**  
**-20%**  
**25 STK**



24" AOC  
háskerpu  
tölvuskjár  
**23.995**  
ÁÐUR 29.995

**BAAAANG!**  
**-36%**  
**25 STK**



Þráðlaust  
lyklaborð og mús  
10 metra drægni  
**4.495**  
ÁÐUR 6.995

**SKRAMM!**  
**-44%**  
**50 STK**



**2.495**  
ÁÐUR 4.495  
32GB  
minnislykill með  
150M á sekúndu

**KAZZAAAAAM!**  
**-10.000**  
**20 STK**



500GB  
EVO SSD  
3 ára ábyrgð  
**24.995**  
ÁÐUR 34.995

**HELGINA!**  
**& SUNNUDAG 13-17**

**TÖLVULISTINN**

tl.is



# Með svaðið fyrir neðan sig

Þúsundir flóttamanna búa í flóttamannabúðunum í Calais sem stundum hafa verið kallaðar frumskógurinn. Frönsk yfirvöld vinna að því að jafna búðirnar við jörðu. **Páll Stefánsson** ljósmyndari heimsótti búðirnar.

**Y**ohannes horfir yfir Ermarsundið til Englands, aðeins 33 kílómetra í burtu – áfangastaðinn eftir 6.000 km ferðalag heiman frá Eritreu, gegnum stríðshrjád Súdan, Líbíu, þar sem ISIS ræður yfir stórum hluta landsins, síðan yfir Miðjarðarhafið til Ítalíu og áfram gegnum Frakkland. Sex mánaða ferð, síðan fastur hér í Calais síðustu þrjá mánuðina. Einn af 5.000 flóttamönnum sem búa hér í The Jungle, eins og flóttamannabúðirnar í Calais eru kallaðar. Flóttamannabúðir sem Frakkar vilja losna við, og eru þegar byrjaðir að brytja niður, rífa með stórvirkum vinnuvélum, með aðstoð þungvopnaðra lögreglumanna.

Það var skítkalt, skúrir og fjórar gráður, þegar ég sté mín fyrstu skref inn í búðirnar nú í byrjun mars. Þvílík drulla, var það fyrsta sem kom upp í hugann. Og í svaðinu hefur fólk komið sér upp húsaskjóli úr plastdúk strekktum á auma timburgrind, með móður jörð, mold og drullu oftast sem gólf. Þarna var líka kirkja, matsölustaðir og sjoppur sem seldu dósamat, sigarettur í stykkjatali, tannkrem og túrtappa. Og þvottahús fyrir kropp og sál, sem reyndar brann síðasta daginn minn í helvíti.

Það voru fáir, mjög fáir, á ferli þennan fyrsta morgun. Fáeinir sjálfbodaliðar, flestir breskir, og svo nokkrir ljósmyndarar og blaðamenn, öllum kalt. En nóttina áður höfðu verið róstur og

Heimilisfastur íbúi reynir að kæfa eld, sem læstist í húsið hans eftir að nágrannahúsið varð eldi að bráð.

kveikt var í húsum, ef hús mætti kalla þessi skrifli, áður en lögreglan næði að moka þeim burt með skurðgröfum.

Allan, ungur franskur ljósmyndari fyrir AP-fréttaveituna, var mættur eins og hann hafði gert síðustu 80 daga. „Ég ætla í langt frí, þegar ég verð leystur af eftir tíu daga. Ég er alveg búinn á sálinni. Að horfa upp á þessa eynd, dag eftir dag, hitta þetta fólk sem var að flýja herkvaðningu, loftárásir og jarðsprengjur heima fyrir. Og þetta er það sem Evrópa býður upp á. Held að Evrópusambandsbóndi gæti ekki, fengi ekki að setja framleiðsluna á markað, yrði kærður fyrir dýraníð, ef hann færi svona með dýrin sín, gæfi þeim þá aðstöðu og aðbúnað sem þessu fólki er boðið upp á hér í hjarta Evrópu.“

Og þá mættum við Yohannes, innvöðum í rakt teppi, með klút fyrir andlitinu, í blautum skóm, með tannbursta að vopni. Hann var á leið í eina af þremur stöðvum, þar sem hann gat náð sér í vatn í morgunteið, burstað tennurnar og þvegið stírnarnar úr augunum og hendurnar. „Já, mér er kalt inn að beini, svafvarla dúr í nótt, fyrst vegna hávaða vegna barnings við lögguna, síðan út af tannaglamri, ég skal svo úr kulda.“ Hundrað metra frá búðunum, þar sem við stöndum, eru glæsihús Calais-búa, hlý og hlýleg í morgunbirtunni.

Yohannes er hinn tYPÍSKI íbúi þessarar 5.000 manna borgar, karlmaður um þritugt, fæddur og uppalinn utan Evrópu. Og þetta er fjölbreyttur og sibreytilegur hópur. Nú í mars eru Kúrdar frá Írak fjölmennastir, annar stærsti hópurinn kemur frá afríska horninu; Eritreu og Sómalíu. Afganar eru líka nokkuð fjölmennir og virðast yngri, allt niður í börn, sem hafa komist allar þessar þúsundir kílómetra gegnum Íran, Írak, ➔



Innovation  
that excites

Zero Emission

# NÝ 30 KWH RAFHLAÐA. 250 KM DRÆGNI. KLÁRT.



Nú færðu nýjan Nissan Leaf með stærri rafhlöðu og meiri drægni en nokkur annar bíll í þessum stærðarflokki. Komdu og reynsluaktu þessum vinsæla rafbíl og kynnstu af eigin raun hvers vegna Nissan Leaf er mest seldi rafbíll í heimi.

**NISSAN LEAF ACENTA 30kWh**  
Verð: 4.290.000 kr.

**100% RAFKNÚINN NISSAN LEAF.**  
RAFBÍLL ER FRAMTÍÐIN

[ 30 kWh ]  
← 250 km\* →

[ 24 kWh ]  
← 199 km\* →

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





Þessir strákar, nýkomnir alla leið frá Afganistan, reisa sér húsaskjól á besta stað í bænum, við aðalgötuna inn í bæinn.



Rétttrúnaðarkirkja, fyrir hina réttlátu, messa alla sunnudaga. Reist á sama hátt og íbúðarhús bæjarins. Einföld grind klædd plastdúk. Fallegar freskur inni.



Lögrelglumenn passa upp á að gröfur fái að jafna búðirnar við jörðu.



Vinur vor hann Yohannes horfir á hús vinar síns verða eldi að bröð.

➔ og Sýrland hingað að Ermarsundinu, ein. Konur og börn eru um þriðjungur, en þau eru minna á ferðinni í þessari drullu og kulda. Halda sig heima.

Frakkland hefur sloppið vel við flóttamannaflóðbylgjuna miðað við stóru Evrópuþjóðirnar. Á síðasta ári, sóttu 79 þúsund um hæli þar, hundrad þúsund færri en komu til Svíþjóðar, og milljón færri en komu til Þýskalands, á sama tíma.

„Hér vil ég ekki vera. Ég hef komist þrisvar inn í vöruflutningabíl eftir ótal tilraunir til að komast yfir,“ segir Yohannes. „Löggan hefur handtekið mig í öll skiptin og síðan sleppt mér. Ég gefst ekki upp, ég ætla mér yfir. Þar eru tveir vinir mínir hólpnir. Annar meira að segja kominn í svarta vinnu, í Leeds. Ég tala hvorki frönsku eða þýsku. Þarna hinum megin get ég allavega bjargað mér, byrjað nýtt líf.“

En það getur verið þrautin þyngrri að komast yfir. Frakkar og Bretar hafa víggirt alla vegi sem liggja að göngunum. Landmærin rétt norðar, að Belgíu, eru meira að segja undir ströngu eftirliti. „Ég þekki einn afganskan strák, hér í næstu götu, sem hefur náð 30 sinnum að laumast inn í truck til að komast yfir. Hann hefur alltaf náðst, en hann ætlar sér yfir, þrátt fyrir að hafa misst sinn besta vin, sem kafnaði undir Ermarsundinu.“

Já, hinum megin er fyrirheitna landið. Yohannes horfir hátt, og segir: „Hér er ekkert nema drulla og vosbúð, en himinninn er eins og heima.“

Stundum velti ég fyrir mér hvort hann hafi komist yfir, komist einhvern tíma yfir. Og allir hinir.

Og ekki hjálpa þessu vesalings fólki árásirnar í Brüssel á dögnum. Margir setja alla flóttamenn undir einn hatt, hatt haturs og hryðjuverka.



**HVERT EIGUM VIÐ AÐ FARA? ÞESSIR TVEIR MEÐ ALLT SEM ÞEIR EIGA, SVEFNPOKANA, VETTLINGA, NOKKRAR NIÐURSUÐUDÓSIR, PRÍMUS, OG GÖTÓTTAR PEYSUR, Á LEIÐ EFTIR AÐALGÖTUNNI Í NORDURENDA BÚÐANNA EFTIR AÐ LÖGREGLAN JAFNAÐI HÚS ÞEIRRA VIÐ JÖRÐU.**





## LAUGARDAG 2/4 & SUNNUDAG 3/4

\*Gildir ekki um vörur á áður lækkuðu verði og merktum Everyday low price. Afsláttur reiknast á kassa.



NÚ 37.425

Voss-sófaborð. Oliuborin gegnheil eik. 90 cm. Áður 49.900 kr.



NÚ 59.996

Ball multi pend-loftljós. 35 cm. Áður 79.995 kr.



NÚ 12.675

Summer-eldstæði. Áður 16.900 kr.



NÚ 127.425

Lissabon-sófi. Tveggja sæta sófi með legubekk. L 258 x D 138 cm. Áður 169.900 kr



NÚ 5.246

Nature-rúmföt. Áður 6.995 kr.



NÚ 11.175

Asta-stóll. Áður 14.900 kr.



NÚ 168.600

Consul-hægindastóll og skemill. Áður 224.800 kr.



NÚ 12.746

Globe-hnöttur m/ljóni. Áður 16.995 kr.



NÚ 1.196

Salad-salatáhöld. Áður 1.595 kr.



NÚ 7.496

Digital tern-púði. 45x45 cm. Áður 9.995 kr.



NÚ 13.496

Majestic-skemill/sessa. 45x40 cm. Áður 17.995 kr.



NÚ 4.496

Abby-kryddkvöm. Áður 5.995 kr.



NÚ 26.175

Mansion-barstóll. Áður 34.900 kr.



NÚ 224.925

Kingston-tveggja sæta + legubekkur. Áður 299.900 kr.

**TILBOÐ**

*kaffi* **ILVA**

Mozzarella quesadilla með kjúkling, mozzarella, tómát, ólífum, kryddblöndu og salsasósu. 995 kr.  
Nú 795 kr.

## Hvað er skattaskjól?

Skattaskjól er svæði þar sem ekki eru greiddir tekjuskattar. Þá skiptir ekki máli hvaðan tekjurnar koma; þar sem og annars staðar í heiminum gildir sú regla að félög eru skattskyld í heimalandi sínu af öllum sínum tekjum.

Það er ekki ólöglegt að eiga peninga í aflandsfélögum í skattaskjólum. Það hvílir algjör leynd yfir félaginu og það eru ekki gefnar neinar upplýsingar um það. Það eru ekki gerðar neinar kröfur um að félögin skili ársreikningum eða leggi fram neinar upplýsingar um starfsemi sína, sem er algild regla í öðrum löndum að sögn Indriða H. Þorlákssonar, fyrrverandi ríkisskattstjóra.

Það er hins vegar ólöglegt að stinga undan skatti og þá skiptir engu hvort menn gera það utanlands eða innanlands að sögn Erlends Magnússonar, fjárfestis og stjórnarformanns í bresku fjárfestingafyrirtæki.

Erfitt er fyrir Íslendinga í dag að stofna svona félög nema þeir eigi eignir erlendis. „Eins og ég skil það, vegna gjaldeyrishafta, geta menn ekki stofnað félög og ekki fjárfest utanlands, nema þá að fá leyfi Seðlabankans til þess. En menn geta endurfjárfest, innan ákveðinna reglna, eignir sem þeir eiga utanlands,“ segir Erlendur.

„Flestallir fjárfestingasjóðir alþjóðlega, þó þeir séu reknir frá London eða New York, eru með lögheimili í einhvers konar aflandsfélagi og það er fyrst og fremst til þess að fjárfestarnir séu skattlagðir í sínu heimalandi en ekki í þriðja landi. Þegar íslenskir lífeyrissjóðir fjárfesta í slíkum sjóðum vegna þess að þeir borga ekki skatta á Íslandi þá fá þeir þessar tekjur skattfrjálsar til Íslands. Umræðan hefur verið þannig að allt þetta sé gert til að reyna að stinga undan fé, en flestir eru að gera þetta í mjög skynsamlegum tilgangi til þess að forðast tvísköttun.

## Af hverju færir fólk peningana sína í skattaskjól?

Eín ástæða fyrir notkun aflandsfélaga er ef viðskiptin eru umfangsmikil, til dæmis ef tveir eða fleiri aðilar með lögheimili í ólíkum löndum vilja stofna til sameiginlegra fjárfestinga, þá getur borgað sig að halda utan um þær í aflandsfélagi fremur en að skrá eignina í heimalandi eins aðilans. Þá greiðir hver aðili fyrir sig skatta þar sem hann hefur lögheimili og þannig er komið í veg fyrir mögulega tvísköttun að hluta eða öllu leyti, segir Erlendur Magnússon. Annar kostur við að vera með eignir í aflandsfélögum er að þau eru ekki bundin íslenskum gjaldeyrishöftum, svo framarlega sem þau eiga ekki viðskipti á Íslandi. „Viðast hvar er hægt að greiða út arð hvenær árs sem er, eigi fyrirtæki óráðstafað eigið fé, en á Íslandi eru hömlur á slíku,“ segir Erlendur.

„Hér áður fyrr gátu eigendur aflandsfélaga frestað skattlagningu hagnaðar af fjárfestingum sínum með því að skrá þær í eigu slíkra félaga – frestað en ekki koma í veg fyrir skattlagningu. Þess vegna var talað um skattaskjól slíkra fjárfestinga. Það er ekki lengur hægt, eftir að svo kölluð CFC-löggjöf var innleidd á Íslandi, líkt og í flestum, ef ekki öllum OECD-löndum,“ segir Erlendur.

Jersey ● Luxemborg  
Sviss ●  
Bahamaeyjar ●  
Cayman-eyjar ● Dóminika ●  
Bresku jómfrúareyjar ●  
Panama ●

● Míritius

● Nýja-Sjáland

# Saga skattaskjóra eins gömul og skatta

Skattaskjól eru svæði þar sem ekki eru greiddir tekjuskattar. Ekki er ólöglegt að eiga peninga í aflandsfélögum, hins vegar er ólöglegt að stinga undan skatti. Erfitt er að meta umfang skattaskjóra en talið er að milli 21 þúsund og 32 þúsund milljarðar dollara liggi í skjóli.

Sæunn Gísladóttir  
saeunn@frettabladid.is



Mikið hefur verið rætt um aflandsfélög í skattaskjólum undanfarið eftir að í ljós kom að þrjú ráðherrar í ríkisstjórninni, þau Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra, Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra og Ólóf Nordal innanríkisráðherra tengjast slíkum félögum.

Mál félaganna eru þó ólík inn-

byrðis þar sem Wintris, félag Önnu Sigurlaugar Pálsdóttur, eiginkonu Sigmundar Davíðs, er það eina sem enn er til en eignir þess nema um milljarði króna.

Skattaskjól er svæði þar sem ekki eru greiddir tekjuskattar, það er hins vegar ekki ólöglegt að eiga peninga í aflandsfélögum, séu allir skattar greiddir samkvæmt lögum. Helstu aflandsvæði eru meðal annars Bahamaeyjar, Bresku jómfrúareyjar og Sviss.

Margvíslegar ástæður eru fyrir notkun aflandsfélaga, sem ekki endilega fela í sér skattsvik. Til dæmis ef viðskipti eru umfangsmikil, ef tveir eða fleiri aðilar með lögheimili í

ólíkum löndum vilja stofna til sameiginlegra fjárfestinga, eða til þess að geta greitt út arð hvenær árs sem er. Dæmi eru þó um að erlend stórfyrirtæki nýti sér skattaskjól til að komast hjá skattgreiðslum í þeim löndum þar sem þau eru með starfsemi.

Fræðimenn telja að einhvers konar skattaskjól hafi verið til frá því að byrjað var að skattleggja almenning. Í Grikklandi til forna voru einhverjar af grísku eyjunum notaðar sem skjól fyrir varning sjómanna sem skildu varninginn þar eftir til að forðast tveggja prósentu skatt sem borgrikið Áþena lagði á innfluttar vörur.

Frá því á sjötta áratug síðustu aldar hafa vinsældir skattaskjóra

## Hvernig er verið að reyna að hindra skattaskjól?

Frá því á tíunda áratug síðustu aldar og fram til dagsins í dag hefur efnahags- og framfarastofnun OECD beitt sér gegn skatta-paradísum til þess að vinna bug á því sem hún kallar „ósanngjarna skattasamkeppni“. Þar sem lægri skattstofn þýðir minni fjárfestingu í innviðum og velferðarþjónustu sem skilar lakari lífsskilyrðum í viðkomandi ríki.

Samkvæmt upplýsingum frá OECD hefur meiri árangur náðst gegn skattsvikum og skattaskjólum undanfarið en áratuginn þar á undan. Frá því á G20-fundinum í London í apríl 2009 hefur verið skrifað undir meira en þrjú hundruð skattasamninga til að mæta skilyrðum OECD um skattagagnsæi og upplýsingaflæði. Öll OECD og G20-lönd munu uppfylla þessi skilyrði.

Í lok síðasta árs gaf OECD út reglubók til að herða fyrirtækjaskattalöggjöf í því skyni að loka fyrir alþjóðlegar leiðir til þess að sniðganga skatta. Markmiðið er að reglurnar komi í veg fyrir að fyrirtæki geti fært sölutekjur og hagnað milli landa í skattaskjól.

frarið vaxandi. Frá því á tíunda áratug síðustu aldar og fram til dagsins í dag hefur efnahags- og framfarastofnun OECD beitt sér gegn skatta-paradísum til þess að vinna bug á því sem hún kallar „ósanngjarna skattasamkeppni“. Ástæðan er sú að þegar fjárfestar geyma peninga í skattaskjólum og komast hjá því að greiða skatta, verður ríkissjóður viðkomandi landa af milljörðum. Tax Justice Network áætlaði árið 2012 að milli 21 þúsund og 32 þúsund milljarðar Bandaríkjadala lægi í skattaskjólum viðsvegar um heiminn. Hins vegar er mjög erfitt að áætla töluna nákvæmlega.

Í lok síðasta árs sendi OECD frá sér reglubók til að taka á fyrirtækjaskattalöggjöf í því skyni að loka fyrir leiðir til að forðast skatta, meðal annars með notkun skattaskjóra. Niútiú lönd hafa unnið með stofnuninni að þessari áætlun. Einungis tíminn mun leiða í ljós hvort vinnan skilar tilætluðum árangri.

## Hvað er skattaskjólsvandamálið stórt?

Þegar fjárfestar geyma peninga í skattaskjólum og komast hjá því að greiða skatta verður ríkissjóður viðkomandi landa af milljörðum.

Tax Justice Network áætlaði árið 2012 að **21-32 þúsund milljarðar Bandaríkjadala** lægi í skattaskjólum viðsvegar um heiminn.

Hins vegar er mjög erfitt að áætla töluna nákvæmlega.

Sextíu stórfyrirtæki í Bandaríkjunum settu árið 2012 yfir **166 milljarða dollara í aflandsfélög í skattaskjól**

Það samsvarar yfir **40%** af hagnaði þeirra skv. rannsókn á sextíu stórfyrirtækjum.

Breski ríkissjóðurinn hefur árlega orðið af **11,8 milljörðum breskra punda vegna þess að fimmtíu stærstu fyrirtæki Bretlands komu sér undan sköttum** samkvæmt áætlun Trade Union Congress frá því fyrir nokkrum árum.

**15%** landa í heiminum eru skattaskjól

Samkvæmt áætlun efnahagsrannsóknadeildar bandaríska ríkisins. Nokkur lönd eru hins vegar ekki lengur skattaskjól og má þar nefna Líbanon, Líberíu og Kýpur.

Ég hef ekki frá því ég byrjaði í stjórnárum fundið eins mikinn og þéttan stuðning og í þessu máli. Ég held að það sé vegna þess að þetta fólk sem hefur unnið með mér veit að ég hef verið vakinn og sofinn í þessari baráttu og hef ekkert látið stoppa mig í henni.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson



Ég gerði grein fyrir kaupum á félaginu og niðurlagningu þess gagnvart íslenskum skattfyrirvöldum og hef alla tíð staðið í þeirri trú að félagið ætti varnarþing í Lúxemborg. Það var ekki fyrir en mér barst ábending frá erlendum blaðamanni að ég komst að því að svo hefði ekki verið, en umrætt félag, Falson & Co, var skráð á Seychelles-eyjum. Það hafði þó engin áhrif í skattalegu samhengi.

Bjarni Benediktsson (Af Facebook)



Í undirbúningi þessa máls veitti bankinn Tómasi umboð á umrætt félag og óskaði hann jafnframt eftir því að ég fengi sambærilegt umboð. Það mun vera skýring á því að nöfn okkar eru á umræddum lista. En aðstæður breyttust og aldrei kom til þess að Tómas tæki yfir eignarhald þessa félags eða nýtti það til fjárfestinga. Allt þetta gerðist áður en ég tók sæti á Alþingi og voru þessi áform löngu aflögð þegar reglur um hagsmunaskráningu þingmanna tóku gildi.

Ólöf Nordal (Af Facebook)



## Munur á Lúxemborg og Bresku jómfrúareyjunum

„Menn mega ekki rugla Lúxemborg saman við aflandseyjar vegna þess að Lúxemborg er með almennt skattkerfi sem er ekki ósvipað því sem gengur og gerist hjá öðrum Evrópuríkjum.

Síðan eru þeir með sérreglur fyrir ákveðna tegund af félögum sem eru háð alveg sérstökum skattlagningarreglum.

Þessi félög eru í eigu einstaklinga eða félaga og þau mega ekki vera með neina starfsemi í Lúxemborg heldur mega þau bara vera með tekjur sem koma erlendis frá,“ segir

Indriði H. Þorláksson, fyrrverandi ríkisskattstjóri.

Þessi félög séu nánast undanþegin skatti og það séu því þessi félög sem séu skattaskjól en ekki Lúxemborg í heild sinni.

„Þannig að það að félag sé í Lúxemborg þarf ekki að þýða að það sé í skattaskjól því það fer eftir því um hvers konar félag er að ræða. Þá hefur það líka komið slæmu orði á Lúxemborg að landið er notað sem milliliður þar sem peningum er komið þangað og þaðan til skatta-paradísa.“



Fyrrverandi ríkisskattstjóri segir mikinn munur á skattaumhverfinu á Bresku Jómfrúareyjunum og Lúxemborg.



Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

## Lífeyrissjóðurinn fyrir þig

Góður kostur fyrir þá sem þurfa að velja sér lífeyrissjóð

Eignir í árslok 2015 námu 140 milljörðum króna.

Langtímaávöxtun sjóðsins er ein sú besta.

Sjóðurinn greiddi 12.806 sjóðfélögum lífeyri sl. ár.

Sjóðurinn hefur aldrei skert áunnin réttindi.

Sjóðurinn veitir mjög hagstæð lán til sjóðfélaga með veðhlutfalli allt að 75%.

Ekkert uppgreiðslugjald, hægt er að greiða upp lán hvenær sem er.

135 þúsund manns eiga réttindi hjá sjóðnum.

### Ársfundur 2016

Ársfundur sjóðsins verður haldinn þriðjudaginn 19. apríl kl. 17:00.

Traustur sjóður tryggir framtíð

Nánar um uppgjör ársins 2015 á [www.sl.is](http://www.sl.is)

Borgartún 29 · 105 Reykjavík · Sími 510 7400 · [www.sl.is](http://www.sl.is)

## TÆKNI

 **FJÖRTÍU ÁRA SAGA APPLE**


**1. apríl 1976**  
**Apple stofnað** Vinirnir Steve Jobs og Steve Wozniak stofna Apple.

**11. apríl 1976**  
**Apple I** Fyrsta tölva Apple, Apple I, fer í sölu.

**10. júní 1977**  
**Apple II** Apple slær í gegn með Apple II og seldi milljónir eintaka næstu árin.

**Mai 1980**  
**Apple III** Ýmsir hönnunargallar leiða til lélegrar sölu Apple III. Sama ár fer Apple á markað.

**19. janúar 1983**  
**Apple Lisa** Fyrsta tölvan með myndrænt viðmót. Apple Lisa seldist aðeins í um 100.000 eintökum.

**22. janúar 1984**  
**Macintosh** Apple skorar risann IBM á hólm og kynnir Macintosh til leiks.



Ein fyrsta „heimilistölvan“. Kynnt til leiks í sögulegri auglýsingu Ridley Scott: „1984“.

**24. apríl 1984**  
**Steve Jobs yfirgefur Apple** Apple kynnir nýja útgáfu af Macintosh. Sama ár hætta Jobs hjá Apple og stofnar NeXT.

**20. september 1989**  
**Macintosh Portable** Fyrsta rafhlöðuknúna fartölvan frá Apple kynnt. Tölvan leggur línurnar fyrir hönnun fartölva.

**Ágúst 1993**  
**Apple Newton** Lófátölvan Apple Newton fer í sölu. Nýstárlegt en dyrt tæki sem fékk dræmar viðtök.



**Júlí 1997**

**Steve Jobs snýr aftur** til Apple sem kaupir NeXT og Jobs verður framkvæmdastjóri Apple í september. Jobs hefur hönnun iMac.

**15. ágúst 1998**

**iMac** Apple kynnir iMac. Heillandi hönnun og sanngjarnt verð leiða til mikillar sölu. Milljón tæki seld á ári.

**21. júní 1999**  
**iBook G3** Byltingarkennd fartölva Apple, sem byggir á hönnun iMac, fer í sölu.

**15. maí 2001**  
**Apple-búðirnar opnaðar** Sögulegur áfangi Apple þegar fyrsta Apple-búðin er opnuð í McLean í Virgíníu. Í dag rekur Apple 463 búðir um allan heim.

**10. nóvember 2001**  
**iPod** Ný bylting hefst með tilkomu iPod-tónlistarspilarans. 100 milljónir eintaka seljast á 6 árum.



**7. janúar 2002**  
**iMac G4** Steve Jobs kynnir iMac G4 í Tókyó. Bjartur LCD-skjær og nýstárleg hönnun vekja mikla hrifningu.

**28. apríl 2003**  
**iTunes** Í samstarfi við við fimm alþjóðlegar plötuútgáfur kynnir Apple iTunes. Í fyrstu eru 200.000 lög í boði, hvert á 99 sent.

**6. janúar 2004**  
**iPod Mini** Ný og minni hönnun tónlistarspilarans. Fáanlegur í fimm litum.

**Janúar 2006**  
**MacBook Pro og iPod Shuffle** Apple nýttir örgjörva frá Intel í MacBook Pro og kynnir iPod Shuffle til leiks. Milli 2003 og 2006 tífaldast virði hlutabréfa í Apple.

**9. janúar 2007**  
**iPhone** Snjallsími Apple lítur dagsins með 3,5 tommu snertiskjá og 2 MP myndavél. Upphafid að öld snjalltækjanna.

**29. janúar 2008**  
**MacBook Air** Gríðarleg velgengi Apple heldur áfram þegar fyrirtækið kynnir MacBook Air.



**27. janúar 2010**  
**iPad** Steve Jobs kynnir iPad til leiks við mikinn fögnuð. 300.000 eintök seljast á fyrsta degi. Jobs berst við krabbamein í brisi.

**5. október 2011**  
**Steve Jobs allur** Nokkrum mánuðum eftir að hafa kynnt iCloud-þjónustu Apple heldur Jobs á vit forfeðra sinna, þá 56 ára gamall.

**September 2012**  
**iPhone 5 og iPad Mini** Tim Cook tekur við af Steve Jobs og kynnir iPhone 5 og síðar iPad Mini.

**10. september 2013**  
**iPhone 5S og 5C** Apple sviptir hulunni af tveimur nýjum snjallsímum með hraðari örgjörva og fingrafaraskanna.

**9. september 2014**  
**iPhone 6 og Apple Watch** Apple, sem ávallt hafði freistað þess að minnka tækin, kynnti stærri og endurhannaða útgáfu iPhone-snjallsímans ásamt Apple Watch.

**9. september 2015**  
**iPad Pro** Risavaxin útgáfa af iPad-spjaldtölvunni er kynnt, með 12,9 tommu skjá.

**21. mars 2016**  
**iPhone SE** Nýr iPhone frá Apple sem byggir á hönnun iPhone 5 en með öflugri örgjörva, myndavél og skjá.

# Tölvan fyrir okkur hin og alla aðra

Í gær voru 40 ár liðin frá því að Steve Jobs og Steve Wozniak stofnuðu verðmætasta fyrirtæki veraldar í bílskúr foreldra Jobs.

Kjartan Hreinn Njálsson  
kjartanh@365.is



Jobs var 21 árs gamall þegar hann stofnaði Apple ásamt Steve Wozniak og Ronald Wayne. Hann bjó hjá foreldrum sínum í Los Altos í Kaliforníu. Apple var stofnað í bílskúrnum hjá Jobs. Hann seldi VW rúnstykkið sitt til að fjármagna stofnkostnaðinn og Wozniak fórnaði Hewlett-Packard reiknivélinni sinni. Í dag er Apple verðmætasta fyrirtæki veraldar og leiðandi afl í tækni-geiranum sem rutt hefur sér til rúms á síðustu áratugum. Hagnaður þessa geira er yfirþyrmandi. Á þeim 40 sekúndum sem hafa liðið síðan þú byrjaðir að lesa þessa grein hafa þessi fyrirtæki (Apple, Alphabet, Microsoft o.fl.) hagnast um 11,7 milljónir króna. Helmingurinn fór til Apple.

**Aðlaðandi einfaldleiki** Apple, rétt eins og Facebook og Microsoft, hefur mótað nýjan veruleika afþreyingar, samskipta og sköpunar. Um milljarður Apple-tækja var í notkun á fyrsta fjórðungi þessa árs. Það er því athyglisvert að flestir þeirra sem nota vörur Apple í dag kynntust

tölvum í gegnum keppinauta fyrirtækisins.

„Það er gaman að segja frá því að ég var mikill andófsmaður gegn Apple í æsku,“ segir Sverrir Björgvinsson, ritstjóri Einstein.is og Apple-maður mikill. „Maður var alls ekki að hygla Apple, einmitt á þeim tíma þegar Steve Jobs var ekki hjá fyrirtækinu. Og maður hélt í raun áfram að hata Apple eftir að hann kom til baka.“

Hugarfarsbreyting Sverris átti sér stað eftir að hafa fengið eina affyrstu kynslóðum iPod-spilarans að gjöf, og þegar hann komst í kynni við PowerBook G3-fartölvuna. Í báðum tækjum var grunnstef Steve Jobs alls-ráðandi: „Tölva fyrir okkur hin.“ Samkvæmt Jobs verður tölvan, sem hluti af daglegu lífi fólks, að vera aðlaðandi og einföld.

**Ég var ung gefin Apple**

Steve Wozniak sagði eitt sinn að sníll Steve Jobs hafi falist í því að gera hlutina einfalda, en það útheimti altæka stjórn yfir öllu. Þannig er stýrikerfi fyrirtækisins lokað, öfugt við Microsoft o.fl. Ef þú notar iPhone, þá eru litlar líkur á að þú hafir fyrir því að fara eitthvað annað.

Sverrir tekur undir þetta og vitnar í Brennu-Njáls sögu: „Ég var ung gefin

Njáli. Maður er innviklaður í þetta kerfi.“ Sverrir hefur prófað aðrar tegundir tækja við prófanir á síðunni sinni, en það var oft eitthvað sem gekk ekki sem skyldi. Háþróað og ofur-skilvirkt vistkerfi Apple heillar.

Hjá flestum fer að hægjast á hlutunum eftir að 40 ára aldrinum er náð. Apple virðist ekki bera nein merki stöðunar, það er, ef sölu- og hagnaðartölur eru annars vegar. Engu að síður bíða margir eftir nýrri og byltingarkenndri vöru frá Apple. „Steve Jobs talaði um að allar vörur Apple ættu að komast fyrir á einu skrifborði. iPad, iPhone og Mac-tölvurnar. Núna eru þrjár mismunandi stærðir iPhone í boði, sama á við um iPad. Meiri valmöguleikar eru ekki alltaf af hinu góða.“

**Að dreyma stórt**

Apple hefur í gegnum tíðina mætt gríðarlegri mótspyrnu frá þeim sem hafa ríkjandi stöðu á tilteknum mörkuðum. Það þótti fjaránlegt af Apple að ætla að ryðja sér til rúms á farsimamarkaði. Ljóst er að Apple hyggst sundra og endurheimta fleiri geira. Bilamarkaðurinn þykir augljóst næsta skref fyrir tæknirísann.

Sverrir segir spurninguna ekki vera hvort, heldur hvenær Apple kynnir bíl til leiks. „Margir telja að Apple muni nýta aukinn veruleika (e. augmented reality) í bílnum þar sem þú sérð leiðarvísi GPS-tækisins í bílrúðunni. Það verður gríðarlega áhugavert að sjá hvernig þessi mál þróast [...] Ég, sem Apple notandi þá, var mjög effins um iPhone-inn. Ég var mjög seinn að fá mér iPhone. Þegar hann var kynntur hugsaði maður: „Hvað ætla þeir eiginlega að fara að gera með þennan síma? Þeir eru ekki að fara að skáka Nokia?““ segir Sverrir og bætir við: „Það hefur nú aldeilis breyst.“



## RAUÐUR ÞEGAR HEITT ER OG BLÁR ÞEGAR KALT ER? ÞAÐ ER HÆGT AÐ FJARLÆGJA HARÆÐASKEMMDIRNAR



Fyrir

Eftir

**PANTAÐU FRÍAN TÍMA Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA 893-0098**



**Snyrtistofan Hafblik**

Ármúla 21, 2. hæð • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com

## ÍSLENSK ARMBANDSÚR SLÁ Í GEGN

**24Iceland kynnis** Ný lína af armbandsúrum frá 24Iceland hefur vakið mikla athygli fyrir fallegt og skemmtilegt útlit. Myndir af Íslandi og ýmsum náttúruyrirbærum prýða skífur þeirra. Hluti sölnunnar rennur til Barnaspítala Hringins.

Nýlega kom á markað héraðs úramerkið 24Iceland. Um er að ræða nokkrar tegundir armbandsúra með skífum sem prýða myndir af Íslandi eða ýmsum náttúruyrirbærum á borð við norðurljós og eldfjöll.

Stofnandi fyrirtækisins er Valþór Sverrisson og þótt hann sé ekki sjálfur úrsmiður á hann ekki langt að sækja áhugann og hæfileikana. „Afi minn heitinn, Hermann Jónsson, var úrsmiður og með verslun í Veltusundi í Reykjavík í áratugi. Við vorum góðir vinir en aldrei datt mér í hug, nokkrum árum eftir andlát hans, að ég mynda feta í fótspor hans að einhverju leyti. Auk þess eru bræður móður minnar allir úrsmiðir þannig að þetta virðist vera í blóðinu.“

Ferlið frá hugmynd að veruleika var ekki langt. „Ég fékk hugmyndina í nóvember og var kominn með úr í hendurnar í desember. Ég fundaði með snillingunum hjá auglýsingastofunni Jökulá en þeir teikna öll úrin fyrir mig. Samstarfið hefur verið mjög gott og við erum himinlifandi með útkomuna.“

### FRÁBÆR ÞJÓNUSTA

Hann segist upphaflega hafa ætlað að stíla inn á erlenda ferðamenn. „Annað kom þó á daginn því það eru ekki bara þeir sem eru hrifnir af úrunum heldur elska margir Íslendingar þau einnig.“

Mikið er lagt upp úr góðri þjónustu og skömmum afgreiðslutíma að sögn Valþórs. „Við fáum mörg skilaboð frá viðskiptavinum og öðrum sem eru hrifnir af úrum okkar. Margir hrósa útliti þeirra en ekki síður þjónustu okkar. Þar á Thelma Rut Svansdóttir allan heiður skilið en hún hóf störf hér í janúar. Við værum ekki stödd þar sem við erum í dag ef hennar nyti ekki við.“

Öll úrin eru vatnsheld og send um allan heim án endurgjalds. „Svo tekur bara tvo daga að fá úrið sent heim innanlands. Við bjóðum upp á frábært verð og tveggja ára ábyrgð er á öllum úrum okkar. Einnig má nefna að



„Við fáum mörg skilaboð frá viðskiptavinum og öðrum sem eru hrifnir af úrum okkar. Margir hrósa útliti þeirra en ekki síður þjónustu okkar,“ segir Valþór Sverrisson, stofnandi og framkvæmdastjóri 24Iceland. Með honum á myndinni er Thelma Rut Svansdóttir, lykilstarfsmaður fyrirtækisins. MYND/PJETUR

tvö prósent af allri sölu á vefnum okkar renna til Barnaspítala Hringins.“

### ÚRIN SELD VÍÐA

Úrin eru seld í mörgum verslunum héraðs, t.d. í Nordic Store, Jöklu Hönnunarhúsi og Júník í Kringlunni. „Einnig erum við í verslunum víða um land og fleiri munu bætast við í sumar.“ Auk fyrrnefndra verslana er hægt að heimsækja 24Iceland í Síðumúla 25 í Reykjavík og máta eða kaupa úr.

Nánari upplýsingar um úrin má finna á [www.24iceland.is](http://www.24iceland.is), á facebook og í síma 690-0334.

Við bjóðum upp á frábært verð og tveggja ára ábyrgð er á öllum úrum okkar. Einnig má nefna að tvö prósent af allri sölu á vefnum okkar renna til Barnaspítala Hringins.

Valþór Sverrisson



## AUKAKÍLÓIN BURT

>> tvö góð þyngdarstjórnunarefni saman! <<

### Raspberry Ketones

Eitt mest selda fitubrennsluefnið

Sykurlöngun og snarlþörf minnkar og fitubrennslan eykst.



### Trim-It

NÝTT þyngdarstjórnunarefni

Trim-It örvar meltinguna og hjálpar til við hreinsun líkamans.

### Losnaði við sykurþörfina – 19 kíló farin!



Raspberry Ketones hefur gert kraftaverk fyrir mig. Ég fann strax mikinn mun og kílóin fuku af mér. Ég bætti Trim-It við og held áfram að léttast. Ég er orkumeiri, borða minna og hollara og sleppi sælgæti algjörlega.

Karen Hauksdóttir starfar við garðyrkju

### Sykurlöngunin hvarf, mittismálið minnkaði!



Raspberry Ketones hefur gert frábæra hluti fyrir mig. Ég fann mun strax á fyrstu vikunni því sykurlöngunin nánast hvarf. Raspberry auðveldar mér að borða minna og hollari mat. Ég mæli 100% með þeim.

Sigrún Emma Björnsdóttir íþróttakona og einkaþjálfari

Söluastaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.



Sigríður Eypórsdóttir hefur slegið í gegn í sjónvarpsauglýsingum frá Saga Film þar sem hún leikur ráðagóða ömmu. MYND/PJETUR

# RÁÐAGÓÐA AMMAN KÍKTI Á TINDER

Auglýsingar frá Saga Film sem sýndar hafa verið í sjónvarpi þar sem leikararnir **Sigríður Eypórsdóttir** og **Arnmundur Ernst Backman** fara á kostum í spjalli hafa vakið mikla athygli. Sigríður segist hafa haft ótrúlega gaman af því að vinna við upptökurnar. Hún er ekki síður ánægð með viðbrögðin sem komu henni stórkostlega á óvart. Svo lærði hún margt.

Sigríður á langan feril að baki í leiklist. Hún stýrir eigin leikklúbbi, Perlunni, sem hefur verið starfandi í meira en þrjú áratugi og hefur nóg að gera. Henni fannst spennandi að taka þátt í gerð auglýsinganna fyrir Saga-Film. „Ég var að vinna að auglýsingum með leikhópnum Perlunni þegar ég var beðin að taka þetta hlutverk að mér. Þetta var skemmtileg vinna í góðum hópi fólks. Við skemmtum okkur öll konunglega meðan á tókum stóð. Ég átti nú samt ekki von á þessum ótrúlegu miklu viðbrögðum. Ég er oft spurð af okunnugum hvort ég sé ekki konan í sjónvarpinu,“ segir Sigríður og hlær. „Mér finnst það soldið myndi.“ Sigríður bætir við að það hafi líka verið frábært að leika á móti Arnmundi Ernst Backman. Hann er sonur leikaranna Eddu Heiðrúnar Backman og Björns Inga Hilmarssonar.

## STÝRDI BARNATÍMA

Sigríður var lengi með barnatíma í útvarpinu og margir muna eftir henni frá þeim tíma. Þess utan var hún með hina ýmsu útvarpsþætti. Hún segir að þrátt fyrir tölvuöld hafi börn enn sama áhuga og áður á barnaefni og lestri góðra bóka. Það finni hún hjá barnabörnum sínum. „Ég passa stundum dótturdóttur mína og ég les sömu bækur fyrir hana og ég las fyrir börnin mín. Ég finn engan mun á áhuga hennar og þeirra. Það sama má segja um

leiki,“ segir Sigríður. „Það þyrfti kannski að leika meira við börnin, þeim finnst það svo skemmtilegt. Nú eru börn svo mikið í burtu frá foreldrum.“ Sigríður á tvö þjóðþekkt börn, Eypór Arnalds, tónlistarmann og pólitíkus, og Bergljótu Arnalds, leikkonu og rithöfund.

„Ég byrjaði í leiklist áður en ég vissi hvað það var. Sem krakki lék ég mér með tölurnar hennar mömmu og bjó til heilan leikhúshéim úr þeim,“ segir Sigríður sem fór í leiklistarskóla og síðar í Kennaraháskólann. Sigríður var lengi sérkennari í Hagaskóla. „Eitt hlutverkið mitt í lífinu var að kenna fótluðum. Ég hef haft mörg hlutverk og lært mikið af þeim öllum.“

## SKOÐAÐI TINDER

„Ég hef ekki mikið verið í auglýsingum í gegnum tíðina. Var þó einu sinni í súpuauglýsingu frá Vilko,“ segir Sigríður. Þegar hún er spurð hvort henni hafi þótt flókið að læra unglingslangrið sem um er fjallað segist hún hafa flett orðunum upp. „Ég vissi að Tinder væri stefnumótasíða enda reyni ég að fylgjast með samfélagsmiðlum. Mér fannst þó betra að vera alveg viss svo ég tékkaði á henni. Ég hafði hins vegar aldrei heyrt orðið „fuccboi“ svo ég spurðist fyrir. Þetta eru víst svona Justin Bieber týpur,“ segir Sigríður og hlær. „Maður verður að fara djúpt í hlutverkið,“ bætir hún við kímín. „Mér finnst auglýsing-

Ég hafði hins vegar aldrei heyrt orðið „fuccboi“ svo ég spurðist fyrir. Þetta eru víst svona Justin Bieber týpur.

Sigríður Eypórsdóttir

arnar góðar að því leyti að þær sýna að amma er alltaf ráðagóð. Nú er farið að sýna auglýsingar aftur og mér dauðbregður í hvert sinn sem nærmynd af mér birtist í tækinu,“ segir hún. „Ég hélt að sýningar-tímanum væri lokið.“

## VIRK Á NETINU

Sigríður er 75 ára en hvergi sest í helgan stein. Hún er nokkuð virk á netinu og er með Facebook-síðu. „Ég myndi sakna netsins ef ég hefði það ekki. Ég segi stundum að bækur opni fyrir manni heiminn en netið gerir það sannarlega líka. Ég er því ekkert hrædd við að börn séu á netinu svo framarlega sem einhver stjórn er á því. Mamma mín tók stundum af mér bækur ef ég lá of lengi fram eftir við lestur.“

Sigríður segir að það sé mikil listhneigð í sínum börnum. „Eypór var snemma forvitinn krakki og fljótur að tileinka sér hluti. Hann byrjaði að leika í Þjóðleikhúsinu ellufu ára. Var í aðalhlutverki í Karlinum á þakinu. Seinna lék hann í leik-



Úr auglýsingu frá Saga Film. Sigríður og Arnmundur í hlutverkum sínum.

ritinu Hvar er hamarinn og síðan í nokkrum kvikmyndum. Svo tók tónlistin við hjá honum og stjórnmálin,“ segir Sigríður. „Bergljót hefur gefið út barnabækur og er að gefa út disk núna með eigin tónlist. Listin virðist því ganga í ættir.“

## VÖRÐUR Í STRANDAKIRKJU

Sigríður ólst upp í Selvogi í næsta húsi við Strandarkirkju. „Ég dvel þar alltaf á sumrin og er kirkjuvörður. Ég hlakka til allt árið að fara í Selvog,“ segir Sigríður sem sýnir ferðamönnum kirkjuna þegar þeir banka upp á. „Það er svo fallett á þessum stað og gott að vera þarna. Á veturna heldur hún utan um leikhópinn Perluna sem hefur aðset-

ur í Borgarleikhúsinu og samanstendur af átta til tíu manns. „Núna erum við að æfa Spunakerlingarnar þrjár. Ég skrifaði handritið upp úr þjóðsögum á kjarnyrtri íslensku. Við vonumst til að geta frumsýnt í haust. Ég hef því marga þræði í höndunum og nóg að gera sem betur fer,“ segir Sigríður. „Ég er líka með í leikhóp sem heitir 50+ sem mér finnst gefandi og skemmtilegt. Maður kemur alltaf ríkari heim af fundi með þeim.“

Ert þú sama týpan og konan í sjónvarpinu? „Ég er frekar kát að eðlisfari. Húmorinn hefur oft hjálpað mér í lífinu. Maður verður að sjá þetta spaugsama í tilverunni,“ segir Sigríður Eypórsdóttir. [elin@365.is](mailto:elin@365.is)

# MINNI MATARLYST OG SYKURÞÖRF

**Icecare kynir** Amínó® Létt er seðjandi blanda sem auðveldar þyngdarstjórnun þar sem glúkómannan stuðlar að þyngdartapi, sé það tekið inn sem hluti af orkusnaudu mataræði. Guðrúnu Lilju Hermannsdóttur finnst það virka vel.

Amínó® Liðir, Amínó® Létt og Amínó® 100% eru nýjar vörur úr fiskprótíni sem var þróað og unnið hjá Iceprotein, íslensku sprotafyrirtæki á Sauðárkróki. Amínó® vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda þorskrótín, ásamt öðrum lífvirkum efnum sem styðja við eða auka heilsuþætandi virkni þorskróttíða.

## Stuðlar að þyngdartapi

Auk fiskprótíns inniheldur Amínó® Létt glúkómannan sem eru náttúrulegar trefjar unnar úr hnýði rötur konjac-plöntunnar. Glúkómannan er þekkt fyrir einstaka hæfileika til að auka umfang sitt í meltingarveginum og auka þannig seddutilfinningu og seinka tæmingu magans. Það hefur verið staðfest í klínískum rannsóknum að glúkómannan stuðli að þyngdartapi [1]. Einnig inniheldur Amínó® Létt króm-pikkólínat. Króm er nauðsynlegt fyrir orkubúskap líkamans vegna hlutverks þess í efnaskiptum glúkósa. Króm-pikkólínat hefur mikið verið notað við þyngdarstjórnun þar sem það er talið minnka sykurlöngun.

## Borðar reglulegar og hollar

Amínó® Létt er seðjandi og mettandi blanda sem auðveldar þyngdarstjórnun sé það tekið inn sem hluti af orkusnaudu mataræði. GLP-1 er boðefni fyrir mettun og bendir margt til að ekki sé nóg af því boðefni hjá fólki sem þjáist af ofþyngd. Guðrún Lilja Hermannsdóttir segist hafa átt erfitt með að létta sig, sama hvað hún reyndi. Henni finnst Amínó® Létt hafa hjálpað sér við að vera saddari og borða þar af leiðandi minna, þökk sé glúkómannan. „Ég er mjög ánægð með Amínó® Létt, finn mikinn mun á mér og langar til að nota það áfram. Ég hef allt-



af verið með mikið uppþembdan maga en það hefur lagast mikið eftir að ég byrjaði á töflunum auk þess sem ég hef losnað við nokkur kíló. Matarlystin hefur minnkað, sem og sykurlöngun, meltingin er betri, ég borða reglulegar og er ekki að fá mér eitthvert nasl á kvöldin nema þá grænmeti og ávexti. Ég mæli því heils hugar með Amínó® Létt,“ segir Guðrún Lilja.

## Amínó® Liðir

Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr fiskprótíni úr hafinu við Ísland. Það inniheldur sæbjúga (Cucumaria frondosa) og IceProteins® (vatnsrofin þorskrótín). Skrápurinn samanstendur að mestu leyti af brjóski og er því mjög ríkur af kollageni en einnig lífvirka efninu chondroitin sulphate sem verndar liði fyrir skemmdum og örvar endurbyggingu á skemmdu brjóski. Fyrir utan að innihalda kollagen og chondroitin sulphate er sæbjúgaextractið ríkt af

sinki, jöði og járni sem og bólgu-hemjandi efnum sem nefnast saponin. Auk sæbjúgna og IceProteins® inniheldur Amínó® Liðir túrmerik, D-vítamín, C-vítamín og mangan. Kollagen, chondroitin sulphate, D-vítamín, C-vítamín og mangan eru allt efni sem eru mikilvæg fyrir liðaheilsu.

## GÓÐA REYNSLA AF AMÍNÓ® LIÐUM

Þær Steinþóra Sigurðardóttir og Ida Haralds Malone hafa báðar notað Amínó® Liði og eru ánægðar með áhrifin. „Ég var mjög slæm í baki og leiddu verkirnir í bakinu niður í annan fótinn. Ég var með stöðug óþægindi og hálf haltraði. Eftir að ég fór að taka inn Amínó® Liði öðlaðist ég meiri liðleika í bakinu og verkirnir minnkuðu,“ segir Steinþóra. Ida hefur haft liðagigt í um þrjátíu ár og hefur henni liðið misvel. „Stundum hefur mér liðið ágætlega í nokkur ár en svo fer að síga á ógæfuhliðina. Ég á ekki nógu mörg orð yfir hvað ég er ánægð með Amínó® Liði.“



„Ég er mjög ánægð með Amínó® Létt, finn mikinn mun á mér og langar til að nota það áfram,“ segir Guðrún Lilja Hermannsdóttir.



Steinþóru liður betur í baki eftir að hún fór að taka Amínó® Liði. MYND/ANTON BRINK

# ACTIVE LIVER VIRKAR FYRIR MIG

Fita er ekki bara bundin við maga, rass og læri. Hún getur einnig sest innan í líffærin, þar á meðal lifrina.

Jóna Hjálmsdóttir hefur notað Active Liver í nokkra mánuði með góðum árangri. „Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er úr náttúrulegum efnum og ég hef fulla trú á að náttúru-efnin í vörnunni stuðli að eðlilegri lifrarstarfsemi. Ég er sjúkralíði að mennt og er meðvitað um líkamsstarfsemina og veit að fita getur safnast á lifrina, þess vegna vildi ég prófa.“

Hún segist fljótt hafa fundið mun á sér. „Ég fékk fljótlega aukna orku og mér finnst auðveldara að halda mér í réttari þyngd, enda inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum. Ég er í vinnu þar sem ég þarf að vera mikið á ferðinni, ég er í góðu formi, og hef trú á að Active Liver virki fyrir mig. Einnig finn ég mikinn mun á húðinni, hún ljóm- ar meira og er mýkri.“



Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um að halda meltingunni góðri,“ segir Jóna.

Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lifrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin. Það geta verið margar ástæður fyrir því að fita safnast upp í lifrinni. Það getur verið vegna áfengisneyslu en það getur einnig verið vanda- mál hjá fólki í yfirþyngd. Þreyta og þróttleysi geta verið merki um að mikið álag sé á lifrinni.

## NÝTUR ÞÚ LÍFSINS OF MIKIÐ?

Þegar lífinu er lifað til fulls er auðvelt að finna fyrir því og það sést á fólki. Dagsdaglega leiðir fólk almennt ekki hugann að lifrinni. Hún gegnir þó mikilvægu hlutverki varðandi efnaskipti og niðurbrot á fitu. Of mikið af kolvetnum, of mikið



Jóna Hjálmsdóttir Icecare Active Liver

áfengi og feitur matur valda of miklu álagi á starfsemi lifrarinnar og gallans.

Matur sem neytt er nú á dögum inniheldur meira af kolvetnum en matur sem forfeður okkar neyttu. „Við erum ekki vön þeim. Of stór skammtur af kolvetnum miðað við prótein gerir lifrinni erfitt að við-

halda eðlilegum efnaskiptum og niðurbroti á fitu. Sem betur fer eru það ekki einungis prótein sem geta örvað lifrarstarfsemina,“ útskýrir Ólöf Rún Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri hjá IceCare. Active Liver inniheldur náttúrulegu jurtirnar túrmerik og svartan pipar. Einnig ætíðistil og mjólkur-

## NEW NORDIC ACTIVE LIVER:

- Inniheldur kólín sem stuðlar að:
  - eðlilegum fituefnaskiptum.
  - viðhaldi eðlilegrar starfsemi lifrarinnar.
  - eðlilegum efnaskiptum að því er varða aminósýrunnar hómósystemsins.
- Inniheldur mjólkurþistil og ætíðistil sem talið er að stuðli að eðlilegri starfsemi lifrar og gallans.
- Inniheldur túrmerik og svartan pipar.

þistil sem eru þekktir fyrir að stuðla að eðlilegri starfsemi lifrarinnar og gallans. Einnig inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum, viðheldur eðlilegri starfsemi lifrarinnar og stuðlar að eðlilegum efnaskiptum að því er varðar aminósýruna hómósystemin.

**SÖLUSTADIR OG UPPLÝSINGAR** Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, [www.icecare.is](http://www.icecare.is)

**IceCare**

59,9%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.\*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.

59,9% lesa Fréttablaðið

29,9% lesa Morgunblaðið

Skv. prentmiðlakönnun Gallup, okt.–des. 2015.



Allt sem þú þarft ...



Meðlimir Nykurs (f.v.): Davíð Þór Hlinason, Jón Svanur Sveinsson, Kristján B. Heiðarsson og Guðmundur Jónsson.

## EINURÐ OG ÁSTRÍÐA

Reynsluboltar úr bransanum skipa rokksveitina Nykur sem nýlega gaf út aðra breiðskífu sína. Sveitin heldur útgáfutónleika í kvöld.

Rokksveitin Nykur gaf nýlega út aðra breiðskífu sína sem ber nafnið Nykur II. Sveitin er mönnuð miklum reynsluboltum úr bransanum og spilar kraftmikið sigilt rokk með grimmum gítarriffum, ofnum saman við ágengar laglínur sem innihalda bitastæða texta á íslensku að sögn Guðmundar Jónssonar, gítarleikara sveitarinnar, sem best er þekktur sem einn meðlima Sálarrinnar hans Jóns míns.

Nykur heldur þrenna útgáfutónleika þessa dagana og verða lokatónleikarnir á Kaffi Rauðu á Siglufirði í kvöld. Áður hafði sveitin spilað á Gauknum á fimmtudag og á Akureyri í gær. Hann segir fyrstu tvenna útgáfutónleikana hafa heppnast vel og að tónleikagestir megi búast við algjörum tudda í kvöld. „Þetta er íslensk rokktonlist, framin af einurð og ástríðu. Öll lög nýju plötunnar verða flutt í kvöld auk vel valinna ópusa af fyrri disknum og jafnvel eitthvað óvænt. Við hvetjum alla til að mæta og tékka á okkur, styðja nýtt band með nýja frum-samda tónlist. Þó það sé alltaf gaman að heyra gömlu slagarana á heiðurstónleikum út og suður, þá er þetta það sem hefur eitt-hvert gildi, að skapa eitthvað nýtt upp úr engu.“ Aðrir meðlimir Nykurs eru Davíð Þór Hlinason (Dos Pilas) sem syngur og spilar á gítar, Kristján B. Heiðarsson (Dark Harvest) sem spilar á trommur og Jón Svanur Sveinsson (Númer Núll) sem spilar á bassa.

### Grófara tungutak

Nykur varð til sumarið 2013 og gaf út sína fyrstu plötu sama ár sem fékk góðar viðtökur. Vinnuferli beggja gripanna var svipað að sögn Guðmundar. „Ég og Davíð byrjum á því að hittast einu sinni í viku í gömlum skúr. Þar stillum við upp tveimur gítarmögnurum og míkrafónum hvor andspænis öðrum og hækum í ellefu. Hvor



Nykur heldur tónleika í kvöld og lofar algjörum tudda. MYND/ÚR EINKASAFNI

„Þetta er íslensk rokktonlist, framin af einurð og ástríðu. Öll lög nýju plötunnar verða flutt í kvöld auk vel valinna ópusa af eldri plötu

Guðmundur Jónsson

okkar kemur með einn ókláraðan rokkfrasa, laglínur eða hljóma-gang og síðan vinnum við lög úr þessu saman. Þegar upp er staðið höfum við kannski samið 10-20 frambærilegar lagahugmyndir eftir mánaðar törn. Þá hefjast útsetningar og að síðustu upptökur.

Snemma var tekin ákvörðun um að hafa alla texta á íslensku og tók Guðmundur verkið að sér, enda með meiri reynslu en aðrir í bandinu. „Tungutakið verður grófara en í poppinu og maður getur sett öðruvísi hluti á blað. Við erum ánægðir með fyrstu plötuna en mér finnst við hafa náð að pikka út þau element sem okkur hugn-

aðist þar og komið þeim betur til skila á nýju plötunni.“

### Gítarriffin snurfusuð

Vinnubrögðin eru því talsvert ólík þeim sem Guðmundur á að venjast úr Sálinni, einni vinsælustu hljómsveit landsins til tæplega þriggja áratuga. „Sálin er orðin stöndugt fyrirbrigði í gegnum farsælan feril og rennur eftir traustum brautum. Ég sem flest laganna þar á bæ en ekki textana og ekki er mikið æft eða legið yfir hlutunum, efnið kemur næsta tilbúið frá höfundum. Í Nykri er því öðruvísi farið. Við Davíð erum forfallnar stúdíórottur og getum verið mánuðum saman að snurfusa gítarriff og gleymt okkur í smáatriðunum. Ef Dabbi fengi að ráða væri aldrei farið úr skúrnum. Svo er Nykur óþekkt nafn og hefur ekki spilað mikið á tónleikum enda markaðurinn ekki stór fyrir þungt rokk. En vonandi verður breyting þar á.“

**Tónleikarnir í kvöld hefjast kl. 22. Nánari upplýsingar um Nykur og tóndæmi má finna á Facebook-síðu sveitarinnar og á YouTube-rásinni Nykur.**





## FAGMENN SS SKARA FRAM ÚR

**Kjötiðnaðarmenn SS stóðu sig frábærlega í Fagkeppni Meistarafélags kjötiðnaðarmanna sem fór fram 10. og 11. mars.**

- Jón Þorsteinsson varði titillinn „Kjötmeistari Íslands“, auk þess að fá verðlaun fyrir bestu vöruna unna úr svínakjöti og bestu vöruna í flokknum sælkeravörur.
- Björgvin Bjarnason fékk verðlaun fyrir bestu vöruna unna úr alifuglakjöti.
- Steinar Þórarinnsson fékk verðlaun fyrir bestu vöruna unna úr hrossa- eða folaldakjöti.



Við hjá SS erum afskaplega stolt af því að hafa slíka fagmenn í röðum okkar og óskum þeim öllum innilega til hamingju með þennan glæsilega árangur.



## Aðalfundur Heyrnarhjalpar

Félags heymarkertra á Íslandi  
verður haldinn þriðjudaginn 12. apríl 2016 kl. 20.00  
í Safnaðarheimili Langholtskirkju 104 Reykjavík

### Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf  
Önnur mál

Félagsmenn eru hvattir til að mæta og taka með sér nýja féлага.

Rittúlkur á staðnum.

Allir velkomnir.

Stjórnin.



Uppistandarinn Bylgja Babýlons segir grín vera mikilvægt. „Fólk sem finnst ekkert fyndið er ekki fólk sem aðrir vilja vera í kringum. Ég þekki engan sem hlær aldrei, ég hef heyrt að svoleiðis fólk sé til en það hefur það örugglega ekki gott. Mig langaði alltaf að prófa uppistandið og starfa við það í augnablikinu og finnst það voða huggulegt.“ MYND/ANTON BRINK

# ER EKKI EINS GRÓF OG FÓLK HELDUR

Draumur leikkonunnar **Bylgju Babýlons** er að „gera fyndið og lifa á því“. Segja má að hún lifi nú þann draum enda hefur hún vakið athygli að undanfögnu fyrir fyndni sína á hinum ýmsu sviðum bæjarins.

Þegar Bylgja Babýlons var í leiklistarnámi leiddist henni klassíska hliðin á því og reyndi að gera flest allt fyndið. Það reyndist ekki vinsælt og segir Bylgja að það virðist vera að grín sé ekki eins virðingavert í leiklistarheiminum. Hún er á annarri skoðun og segir grín vera mikilvægt. „Fólk sem finnst ekkert fyndið er ekki fólk sem aðrir vilja vera í kringum. Ég þekki engan sem hlær aldrei, ég hef heyrt að svoleiðis fólk sé til en það hefur það örugglega ekki gott. Mig langaði alltaf að prófa uppistandið og starfa við það í augnablikinu og finnst það voða huggulegt.“

### Í HÖFUÐIÐ Á BIBLIÚPERSÓNU

Nafnið Bylgja Babýlons er ekki raunverulegt nafn uppistandarans heldur eitthvað sem byrjaði í gríni og festist svo við hana. Hún vill ekki gefa upp sitt rétta nafn. „Mér finnst gaman að fólk viti ekki hvað ég heiti, það er svolítið „Bubba Morthenslegt“, það kemur þannig fílingur að ég sé merkilegri en ég er kannski,“ segir hún létt í bragði og bætir við að hún sé nefnd í höfuðið á Babýlonshórinni úr Biblíunni. „Mér var sendur linkur á hana einhvern tíma og þá komst ég að því að hún er rosa svöl þá þannig að ég tók þessu viðurnefni fagnandi og það hefur fylgt mér síðustu tíu árin eða svo.“

### PRÓFAR ALLS KONAR

Bylgja hefur komið víða við og prófað hin ýmsu störf en hún segir ferilskrána sína vera um tuttugu metra langa. „Ég var alltaf að byrja í nýjum störfum en hætti af

“Ég er með smá neðanbeltishúmor, tala um klám, blæðingar og píkuna á mér en ég held að fólk finnst það gróft af því að það er tabú.“

Bylgja Babýlons

því að þau voru ekki skemmtileg en ég held að ég sé búin að finna mig í uppistandinu, að ég geti miðjað mig þar. En ég verð að gera eitthvað annað með því. Ég var til dæmis á Domino's um daginn og hugsaði að það væri örugglega gaman að vinna þar. Mig langaði að prófa og hver veit nema ég geri það bara, mér finnst nauðsynlegt að prófa alls konar,“ útskýrir hún.

### ÞÍKA OG BLÆÐINGAR

Þessa dagana flakkar Bylgja um landið með sýninguna Fólk er ópolandi og kemur hún fram í kvöld á skemmtistaðnum Mælifelli á Sauðárkróki. Sýningin er nokkurs konar uppskerusýning á vinnu síðustu tveggja ára eða frá því hún byrjaði í uppistandinu. Þegar Bylgja er beðin um að lýsa uppistandi sínu segir hún að það sé ekki jafn gróft og fólk haldi. „Ég er oft bókuð út á að ég sé gróf sem ég er held ég ekki. Ég er með smá neðanbeltishúmor, er að tala um klám, blæðingar og píkuna á mér en ég held að fólk finnst það gróft af því að það er tabú. Við höfum kannski ekki verið að gera nóg

grín að blæðingum,“ segir hún og játar því aðspurð að fólk finnst þetta fyndið sem gleðji hana ákaflega því henni finnst það mjög fyndið sjálfri.

### OG ENGINN HLÓ

Allir uppistandarar lenda í því einhvern tíma að enginn í salnum hlær að bröndurinum þeirra. Bylgja lenti í því í fyrsta skipti um daginn. „Það var ekki gott. Ég hafði aldrei lent í því að bomba algjörlega en vissi að það myndi gerast einhvern tímann. Ég man að ég stóð á sviðinu og heyrði í sjálfri mér og hugsaði með mér að þetta væri að gerast núna, momentíð sem ég var búin að bíða eftir. Þetta var hræðilegt en ég gat lítið gert, kláraði bara mitt og reyndi að biðjast ekki afsökunar á tilvist minni,“ segir Bylgja og hlær. „Mér var hins vegar sagt þegar ég var að vera mjög dramatísk yfir þessu að líklega ætti ég eftir að muna þetta lengur en allir aðrir sem urðu vitni að þessu.“

Næsta uppistand Bylgju gekk þó mjög vel. „En ég kveið því mikið af því að ég hugsaði: „Ef þetta gerist aftur þá er þetta bara búíð, þá verð ég að finna mér eitthvað annað, þá verð ég bara að hringja niður á Domino's,“ segir hún hlæjandi og bætir við að þetta hafi bara gerst í þetta eina skipti en hún geri sér þó grein fyrir að það séu allar líkur á að þetta gerist einhvern tíma aftur. Í bili er hún búin að finna sína hillu þó hún þori ekki að fullyrða um það. „Það getur vel verið að ég prófi að gera við reiðhjól og fli það og fari bara að gera það.“

liljabjork@365.is

## SPRENGISANDUR ER Í LOFTINU

SIGURJÓN M. EGILSSON OG UMRÆÐA SEM SKIPTIR MÁLI

SUNNUDAG KL. 10:00 - 12:00

**BYLGJAN**  
989



BAUHAUS er ein af stærstu verslunarkeðjum á byggingasviði í Evrópu og rekur fleiri en 260 verslanir í 19 löndum. Hjá BAUHAUS er viðskiptavinurinn alltaf í öndvegi, stjórnendur eru virkir og hvetja sitt fólk til dáða.



## BAUHAUS leitar að öflugum fólki

Hjá Bauhaus erum við alltaf með viðskiptavininn í fyrsta sæti þar sem markmiðið er að veita sem besta þjónustu. Til að mæta mikilli aukningu viðskiptavina í verslun leitum við nú að kröftugu starfsfólki til að slást í hópinn.

### Deildarstjórar í Baðlandi og Garðalandi

**BAUHAUS leitar að öflugum deildarstjórum í Baðland og Garðaland.**

Deildarstjórar bera ábyrgð á allri sölu og þjónustu deildarinnar og því er viðvera í búðinni stór hluti af starfinu. Ef þú ert góður samstarfsmaður með reynslu af stjórnun hópa skaltu endilega hafa samband. Reynsla af verslunarrekstri væri mikill kostur.

### Sölumaður í verslun

**Ertu brosandi og þjónustulundaður einstaklingur með reynslu af sölustörfum?**

Eitt mikilvægasta verkefni starfsmanna Bauhaus er að þjónusta viðskiptavininn með bros á vör. Ef þú ert með léttu lund og hraðar hendur skaltu endilega hafa samband.



Upplýsingar veitir:

**Sverrir Briem**  
sverrir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is)**  
**Umsóknarfrestur er til og með 12. apríl nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Hagsýni

Liðsheild

Heilindi

[nordural.is](http://nordural.is)



## TÆKNIMAÐUR Í VERKÁÆTLUNUM OG ÁREIÐANLEIKAFRÆÐUM

Norðurál leitar að metnaðarfullum tæknimanni í áreiðanleikafræða- og verkáætlanadeild. Verkefnin eru margþætt og krefjandi.

Hjá Norðuráli leggjum við áherslu á jafna möguleika karla og kvenna, endurmenntun og starfsþróun, frábæran starfsanda og samstarfsfélaga. Starfinu fylgir góð starfsaðstaða í lifandi umhverfi þar sem metnaður og fagmennska eru í fyrirrúmi.

### VERKSVIÐ OG ÁBYRGÐ:

- Gerð áætlana um fyrirbyggjandi viðhald til lengri eða skemmri tíma
- Skipulagning verka, gerð viðhaldsleiðbeininga með áherslu á öryggi, umfang verks og helstu verkþætti
- Þátttaka í öflugum viðhaldshópi sem sér um viðhald á raf- og vélbúnaði álversins
- Umsjón vikulegra áætlanafunda með fulltrúum framleiðslu- og rekstrareininga
- Utanumhald og greining lykiltalna

### MENNTUN OG HÆFNI:

- Menntun á sviði vélfræði, iðnfræði, rafvirkjunar eða vélvirkjunar
- Sveinspróf í raf- eða vélvirkjun æskilegt
- Reynsla af viðhaldi á almennum raf- og vélbúnaði er æskileg
- Góð öryggisvitund og vilji til að ná árangri
- Góðir samskiptahæfileikar og hæfni til að vinna í hópi
- Góð enskukunnátta og tölvuþekking æskileg
- Þekking á SAP tölvukerfi er kostur

Umsóknarfrestur er til og með **11. apríl nk.** Sótt er um starfið á [www.nordural.is](http://www.nordural.is). Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað.

Upplýsingar um starfið veita Valka Jónsdóttir starfsmannastjóri og Þórður Sigurbjartsson, deildarstjóri áreiðanleikafræða og verkáætlana, í síma **430 1000**.

Spennandi starf

# Verkstjóri veitna

Norðurþing auglýsir eftir öflugum starfskrafti í starf verkstjóra veitna. Orkuveita Húsavíkur er í eigu Norðurþings og er starfsstöðin í þjónustumiðstöð Norðurþings á Húsavík. Orkuveita Húsavíkur sér um rekstur veitna víðsvegar í sveitafélaginu. Rekstur og viðhald hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu ásamt ljósleiðra og götuljóskerfa er meðal þeirra verkefna sem eru á borði verkstjóra.

Umsóknarfrestur

**18. apríl**

Starfssvið

- Verkstjórn.
- Skipulag og undirbúningur verkefna sem snúa að veitum og öðrum kerfum.
- Vinna að verkefnum tengdum veitunum.
- Samskipti við verkataka.

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/2631**

Menntunar- og hæfniskröfur

- Iðnmenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af stjórnun kostur.
- Reynsla af stýringu verkefna kostur.
- Góð tölvukunnátta.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Skipulögð vinnubrögð og álagsþol.
- Mjög góð samskiptahæfni og lipurð í almennum samskiptum.



Sveitarfélagið Norðurþing varð til árið 2006 við sameiningu fjögurra sveitarfélaga: Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps. Nær það yfir rúmlega 4% landsins, frá Reykjahverfi í Suður Þingeyjarsýslu að Ormarsá austan við Raufarhöfn og upp fyrir Grímsstaði á Fjöllum, í Norður Þingeyjarsýslu. Þéttbýliskjarnarnir í sveitarfélaginu eru Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Í ársbyrjun 2015 voru íbúar Norðurþings 2806 talsins.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Þú getur orðið

# Leiðtogi í starfsmannabjónustu

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi í starf leiðtoga starfsmannabjónustu. Meginhlutverk er að sinna fjölbreyttum starfsmannamálum og gegna lykilhlutverki við uppbyggingu fyrirtækjamenningar og þróunar mannauðs í alþjóðlegu starfsumhverfi. Deildin heyrir undir starfsmannabjónustu Rio Tinto Alcan í Evrópu.

Umsóknarfrestur

**13. apríl**

Starfssvið

- Ábyrgð á innleiðingu stefnu Rio Tinto í starfsmannamálum.
- Yfirumsjón með allri launavinnslu ásamt erlendum starfsmannakerfum.
- Umsjón með ráðningum og móttöku nýliða.
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur í starfsmannatengdum málum.
- Ráðgjöf við gerð starfslýsinga og framkvæmd starfsmannasamtala, frammistöðumats og fylgja henni eftir.
- Vinna að áætlanagerð, greiningu og upplýsingagjöf.
- Erlend samskipti.

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/2632**

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Yfirgrípsmikil þekking og reynsla af stjórnun mannauðsmála.
- Þekking og reynsla af launasetningu, launavinnslu og kjaramálum.
- Mjög góð tölvukunnátta og þekking á H3 launakerfinu kostur.
- Framúrskarandi samskipta- og leiðtogahæfni.
- Faglegur metnaður, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

RioTintoAlcan

Rio Tinto Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar. Við setjum umhverfis-, öryggis-, og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífnum og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

[www.capacent.is](http://www.capacent.is)

Spennandi starf

# Sviðsstjóri umhverfismats



Svið umhverfismats er eitt fjögurra fagsviða á Skipulagsstofnun. Meðal helstu verkefna þess er mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og umhverfismat áætlana. Það varðar leiðbeiningar um þessi efni, sem og afgreiðslu framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum og áætlana sem háðar eru umhverfismati.

Umsóknarfrestur

**18. apríl**

Starfssvið

- Ábyrgð og umsjón með afgreiðslu mála varðandi mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og umhverfismat áætlana.
- Dagleg stjórnun á sviðinu.
- Ábyrgð og umsjón með áætlanagerð fyrir sviðið.
- Samskipti við viðskiptavini og samstarfsaðila.
- Þátttaka í stefnumótun fyrir stofnunina.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/2630**

Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistaragráða í umhverfis- og auðlindafræði, landfræði, skipulagsfræði eða sambærilegt.
- Reynsla af umhverfismati æskileg.
- Leiðtogaþæfileikar og færni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af stjórnunarstörfum og opinberri stjórnslu æskileg.
- Gott vald á íslensku, bæði í ræðu og riti.
- Frumkvæði, sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð nauðsynleg.

Skipulagsstofnun sinnir stefnumótun, stjórnslu og leiðbeiningum um skipulag og framkvæmdir með sjálfbæra nýtingu auðlinda og vandaða byggð að leiðarljósi. Stofnunin vinnur í víðtæku samráði við sveitarfélög, önnur stjórnvöld og hagsmunaaðila. Skipulagsstofnun starfar á grundvelli skipulagslaga, laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um umhverfismat áætlana og heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Spennandi störf

# Leitar þú nýrra tækifæra?

RioTintoAlcan

Rio Tinto Alcan á Íslandi óskar eftir að ráða jákvæða og drífandi einstaklinga í neðangreind störf:

## Sérfræðingur í málmfræði og framleiðslueftirliti

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/2633**

Starfssvið

- Efnagreiningar.
- Ábyrgð á rekstri efnagreiningartækja.
- Þátttaka í vörupróun.
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi steypuskála innan samsteypunnar.
- Stöðugar umbætur framleiðsluferla og framleiðslutækni.
- Mæla og meta virkni málmmeðhöndlunarferla.
- Tryggja málmgæði og að vörur uppfylli kröfur viðskiptavina.
- Samskipti við viðskiptavini erlendis.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólagráða á sviði efnafræði, eðlisfræði, verkfræði eða skyldum greinum.
- Mjög góð þekking á efnagreiningum og rekstri efnagreiningatækja.
- Þekking á gæðastýringum, tölfræði og hæfni til greiningarvinnu.
- Mjög góð tölvukunnátta og þekking á upplýsingatækni.
- Góðir samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Þekking á straumlínustjórnun svo sem Lean og Six Sigma kostur.

## Tækniteiknari

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/2634**

Starfssvið

- Teiknun á nýjum verkefnum.
- Uppfærsla á raf-, véla- og byggingateikningum.
- Skjalastýring, umsýsla gagna og prentun teikninga.
- Samskipti við starfsmenn og viðskiptavini.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Tækniteiknun eða sambærileg menntun.
- Starfsreynsla í notkun Autocad.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af skjalastýringu og SharePoint er kostur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

Umsóknarfrestur fyrir bæði störfin er:

**13. apríl**

Rio Tinto Alcan á Íslandi hf. er þekkingar fyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar. Við setjum umhverfis-, öryggis-, og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuáferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent

www.capacent.is

## Gjaldkeri/bókari - hlutastarf 50%

Leitum að gjaldkera/bókara í hlutastarf. Vinnutími er frá kl 9-13. Einungis aðilar með góða reynslu koma til greina. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

Athugið að umsóknarfrestur er til og með 6. apríl 2016.

Tekið er við umsóknum á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is).

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

[www.intellecta.is](http://www.intellecta.is)

# Sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga

Sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs ber faglega ábyrgð á þjónustu og verkefnum sviðsins gagnvart framkvæmdastjóra sambandsins og stjórn þess.

Sviðsstjóra ber að vinna að upplýsingaöflun, úrvinnslu, greiningu, miðlun og útgáfu á rekstrar, efnahags og hagrænum upplýsingum úr starfsemi sveitarfélaganna til notkunar í samburði milli sveitarfélaga og hagsmunagæslu fyrir þau.

### Helstu verkefni:

- Hefur yfirumsjón með árlegri söfnun fjárhagsáætlana og ársreikninga sveitarfélaga og undirstofnana þeirra og birtingu samræmdra upplýsinga um rekstur og fjárhagsstöðu sveitarfélaganna.
- Miðlar upplýsingum til sveitarfélaga til stuðnings við gerð fjárhagsáætlana.
- Metur áhrif frumvarps til fjárlaga ríkisins á fjárhag sveitarfélaganna.
- Ber ábyrgð á upplýsingaöflun og vinnslu þeirra vegna samskipta við fjármála- og efnahagsráðuneytið á grundvelli laga um opinber fjármál.
- Hefur frumkvæði að rannsóknum á fjármálum sveitarfélaga sem nýst geta sveitarfélögum við fjármálastjórn og sambandinu í samskiptum þess við ríkið og aðra aðila um fjárhagsleg málefni sveitarfélaga.
- Hefur umsjón með útgáfu á hagtölum sveitarfélaga.
- Tekur þátt í gerð umsagna um frumvörp til laga, reglugerðardrög og kostnaðarmat lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla eftir því sem þörf er á hverju sinni.
- Tekur þátt í erlendu samstarfi.
- Annast önnur þau verkefni sem framkvæmdastjóri felur honum.

**Samband íslenskra sveitarfélaga er framsækinn vinnustaður sem býður upp á opið vinnuumhverfi, samheldinn starfsmannahóp og skapar starfsmönnum gott svigrúm til starfsþróunar.**

Nánari upplýsingar má finna hérna um starfið og vinnustaðinn: [www.samband.is/um-okkur/laust-starf](http://www.samband.is/um-okkur/laust-starf)

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á meistarastigi á sviði hagfræði eða sambærileg menntun.
- Reynsla af úrvinnslu og greiningu fjárhagslegra upplýsinga.
- Reynsla af málefnum sveitarfélaga og opinberum fjármálum æskileg.
- Stjórnunarreynsla mikilvæg.
- Forystuhæfileikar, frumkvæði og lausnamiðuð hugsun.
- Gott orðspor, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á íslensku, ritun texta og framsetningu upplýsinga.
- Góð kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli.

TALENT  
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF  
[www.talent.is](http://www.talent.is) | [talent@talent.is](mailto:talent@talent.is)

Umsókn óskast fyllt út á [www.talent.is](http://www.talent.is) og henni þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.


Umsjón með starfinu hefur Lind Einarsdóttir, [lind@talent.is](mailto:lind@talent.is) og í síma 552-1600.

Umsóknarfrestur er til og með 16. apríl nk.

# Ertu að leita að talent?



[lind@talent.is](mailto:lind@talent.is)



[bryndis@talent.is](mailto:bryndis@talent.is)

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

TALENT  
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF  
[www.talent.is](http://www.talent.is) | [talent@talent.is](mailto:talent@talent.is)

Garðlist ehf. hefur verið starfandi frá árinu 1989. Fyrirtækið hefur sérhæft sig í viðhaldsþjónustu í gördum og á grænum svæðum fyrir einstaklinga, fyrirtæki, húsfélög og bæjarfélög. Fyrirtækið hefur vaxið mikið á þessum tíma og aukið við sig mannskap og verkefnum.

Á sumrin starfa um 90 manns hjá fyrirtækinu en á veturna eru rúmlega 30 fastir starfsmenn sem sinna vetrarverkum á borð við snjósmokstur, jöklaskreytingar og önnur tilfallandi verk.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess [www.gardlist.is](http://www.gardlist.is)

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg ([ari@intellecta.is](mailto:ari@intellecta.is)) og Þórður S. Óskarsson ([thordur@intellecta.is](mailto:thordur@intellecta.is)), í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 11. apríl nk. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

**Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.**

## Rekstrarstjóri í verktaka- og þjónustufyrirtæki

Garðlist auglýsir laust til umsóknar starf rekstrarstjóra. Rekstrarstjóri er yfirmaður rekstrar og heldur utan um verkefnastöðu fyrirtækisins hverju sinni og eftirfylgni þeirra ásamt nýtingu á tækjum og mannskap. Staðan tilheyrir framkvæmdastjórn og heyrir beint undir framkvæmdastjóra.

### Starfssvið

- Ábyrgð á daglegum rekstri fyrirtækisins
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit verka
- Umsjón með tímaskráningu verka og starfsmanna
- Stjórnunarleg ábyrgð starfsmanna
- Samskipti við verkkaupa og aðra viðskiptavini

Um er að ræða framtíðarstarf og mjög gott tækifæri fyrir réttan einstakling.

### Menntunar og hæfniskröfur

- Rekstrarmentun
- Reynsla af rekstri er nauðsynleg
- Stjórnunarreynsla er nauðsynleg
- Góð almenn tölvukunnátta
- Jákvæðni, lausnamiðuð hugsun og lipurð í mannlegum samskiptum er mikilvæg



Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



ÍSAGA var stofnað árið 1919 í samstarfi við AGA, sem eignaðist meirihluta í fyrirtækinu 1991. Árið 1999 var AGA keypt af Linde frá Þýskalandi sem er eitt stærsta gasfyrirtæki heims með starfsemi í yfir 100 löndum og 50 þúsund starfsmenn. ÍSAGA ehf hefur aðsetur að Breiðhöfða í Reykjavík. Þar eru súrefnis- og köfnunarefnis verksmiðja fyrirtækisins, áfyllingastöð, skrifstofa, verslun o.fl. Einnig rekur ÍSAGA koldíoxíð-verkmiðju að Hæðarenda í Grímsnesi. Þess utan er ÍSAGA ehf með 7 afgangslustaði víðsvegar um landið. Hjá fyrirtækinu starfa um 28 manns. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess [www.aga.is](http://www.aga.is)

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg ([ari@intellecta.is](mailto:ari@intellecta.is)) og Torfi Markússon ([torfi@intellecta.is](mailto:torfi@intellecta.is)) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 11. apríl 2016. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og þarf henni að fylgja starfsferilskrá. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað. **Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.**

## Áfylling og afgreiðsla gashylkja

ÍSAGA ehf. óskar eftir að ráða duglegan einstakling til starfa við áfyllingu og afgreiðslu á gashylkjum. Um fullt starf er að ræða. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

### Starfssvið

- Móttaka viðskiptavina
- Áfylling og afgreiðsla á hylkjum til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana
- Ferma og afferma bíla á lyftara

Starfið hentar konum, ekki síður en körlum og eru þær hvattar til að sækja um.

### Hæfniskröfur

- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Samviskusemi, þjónustulund og dugnaður
- Almenn tölvukunnátta
- Lyftarapróf er æskilegt (annars mun fyrirtækið senda viðkomandi á námskeið til að taka prófið)
- Geta til að vinna sjálfstætt og með öðrum



Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



ÍSAGA var stofnað árið 1919 í samstarfi við AGA, sem eignaðist meirihluta í fyrirtækinu 1991. Árið 1999 var AGA keypt af Linde frá Þýskalandi sem er eitt stærsta gasfyrirtæki heims með starfsemi í yfir 100 löndum og 50 þúsund starfsmenn.

ÍSAGA ehf hefur aðsetur að Breiðhöfða í Reykjavík. Þar eru súrefnis- og köfnunarefnis verkmiðja fyrirtækisins, áfyllingastöð, skrifstofa, verslun o.fl. Einnig rekur ÍSAGA koldíoxíð-verkmiðju að Hæðarenda í Grímsnesi. Þess utan er ÍSAGA ehf með 7 afgangslustaði víðsvegar um landið.

Hjá fyrirtækinu starfa um 28 manns. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess [www.aga.is](http://www.aga.is)

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg ([ari@intellecta.is](mailto:ari@intellecta.is)) og Þórður S. Óskarsson ([thordur@intellecta.is](mailto:thordur@intellecta.is)), í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 11. apríl 2016. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

**Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.**

## Verksmiðjustjóri nýrrar verksmiðju

ÍSAGA ehf. óskar eftir að ráða reyndan og öflugan einstakling til starfa. Um er að ræða starf verksmiðjustjóra (site/plant manager) við uppbyggingu nýrrar verksmiðju til framleiðslu á súrefni og köfnunarefni. Verksmiðjan verður staðsett í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Framleiðsla verksmiðjunnar verður sjálfvirk og eftirlit með henni fjarstýrt. Byrjað verður á jarðvegsvinnu í sumar og er áætlað að verksmiðjan komist í full afköst eftir mitt ár 2017. Á uppbyggingartíma verður viðkomandi tengiliður við verkefnastjóra og aðra hagsmunaaðila. Þekking og reynsla af umhverfis-, heilsu- og öryggismálum (EHS) er skilyrði. Þetta er frábært tækifæri til að koma að spennandi uppbyggingu og kynnast starfseminni frá byrjun. Viðkomandi mun starfa áfram í stjórnunarteymi ÍSAGA eftir að uppbyggingu lýkur, í hlutverki verksmiðjustjóra fyrirtækisins.

### Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Þátttaka í verkefnastjórnun og eftirliti á byggingarstað á meðan uppbyggingu stendur
- Tengiliður á milli verktaka og verkkaupa
- Tengiliður að hluta við byggingayfirvöld og aðra hagsmunaaðila
- Ábyrgð á umhverfis-, heilsu- og öryggismálum
- Dagleg rekstrar- og framleiðslustjórnun
- Áætlanagerð s.s. vegna viðhalds og endurbóta

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi s.s. verkfræði, tæknifræði, vélstjórn eða vélfræði
- Reynsla af stjórnun úr framleiðsluumhverfi
- Reynsla af framkvæmdaefntiltili er kostur
- Þekking og reynsla af umhverfis-, heilsu- og öryggismálum (EHS)
- Geta til að vinna sjálfstætt og í teymi
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Mjög góð samskiptahæfni



Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

# Árangur í verki



## Mannvit óskar eftir fagfólki í eftirfarandi stöður við starfsstöð fyrirtækisins í Kópavogi.

### Reyndur burðarþolshönnuður

Viðkomandi þarf að geta tekið að sér alhliða burðarþolshönnun og hafa staðgóða og fjölbreytta reynslu af slíkrri hönnun.

#### Menntunar- og hæfnikröfur

- MSc. gráða í verkfræði með sérhæfingu í burðarþoli.
- Æskilegt að viðkomandi hafi 5-10 ára starfsreynslu af hönnun burðarvirkja og mögulega hönnunarstjórn og verkefnastjórn.
- Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af vinnu með SAP2000, SAFE og ETABS, þá sérstaklega í jarðskjálfta- og sveiflugreiningum.
- Reynsla af BIM hönnun og þekking á Tekla Structures er æskileg.
- Þekking á eftirspennuhönnun í ADAPT er æskileg.
- Þekking á Autodesk Robot er kostur.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfni í mannlegum samskiptum.

### Burðarþolshönnuður

Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á burðarþoli og vilja til að byggja sig hratt upp sem sérfræðing á þessu sviði. Ekki er gerð krafa um víðtæka verkreynslu.

#### Menntunar- og hæfnikröfur

- BSc. gráða í tæknifræði eða verkfræði með sérhæfingu í burðarþoli.
- Nauðsynlegt að viðkomandi hafi áhuga á og sé fljótur að setja sig inn í nýjan hugbúnað og verklag.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfni í mannlegum samskiptum.

### Brunahönnuður

Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á brunavörnum og öryggismálum og vilja til að byggja sig hratt upp sem sérfræðing á þessum sviðum. Ekki er gerð krafa um víðtæka verkreynslu.

#### Menntunar- og hæfnikröfur

- BSc. gráða í tæknifræði eða verkfræði.
- Nauðsynlegt að viðkomandi hafi áhuga á og sé fljótur að setja sig inn í nýjan hugbúnað og verklag.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfni í mannlegum samskiptum.

## Umsóknarfestur er til og með 11. apríl.

Nánari upplýsingar veitir Einar Ragnarsson, sviðsstjóri Mannvirkja og umhverfis í síma 422 3015.

Sótt er um störfín á heimasíðu Mannvits, [www.mannvit.is](http://www.mannvit.is).

Mannvit býður þjónustu á sviði verkfræði, rekstrar, jarðvísinda, umhverfis, byggingarefnarannsóknna, verkefnastjórnunar og heildarumsjónar verkefna. Mannvit er eitt stærsta ráðgjafarfyrirtæki landsins á sviði verkfræði og tækni og þar starfar öflugur hópur reynslumikilla verkfræðinga og tæknimenntaðs starfsfólks með fjölbætta reynslu á flestum sviðum verkfræðiþjónustu. Viðhorfum til verkefna og viðskiptavina verður best lýst með gildum fyrirtækisins: **Traust, víðsýni, þekking og gleði.**

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.



MANNVIT

## Leikskólinn Skerjagarður

Við í leikskólanum Skerjagarði

## Leikskólinn Skerjagarður

Við í leikskólanum Skerjagarði  
Bauganesi 13 101 Reykjavík.

Erum að leita að metnaðarfullum og jákvæðum leikskólakennara eða leiðbeinanda, sem hefur brennandi áhuga að starfa með börnum. Framtíðarstarf í boði.

Skerjagarður er lítill, einkarekinn leikskóli, þar sem jákvæðni og gleði eru í fyrirrúmi.

**Umsókn og frekari upplýsingar sendist á netfangið [skerjagarður@skerjagarður.is](mailto:skerjagarður@skerjagarður.is) eða í síma 8485213, Sóldís.**



ATVINNUVEGA- OG  
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

## Starf bókara hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu er laust til umsóknar starf bókara á skrifstofu fjárlaga, rekstrar og innri þjónustu. Starfið lýtur að færslu bókhalds, afstemmingum og skýrslugerð.

Undir skrifstofuna heyra mál sem lúta að rekstri ráðuneytisins, mannauðsmálum, skjalavistun og miðlun upplýsinga auk þess sem skrifstofan veitir fagskrifstofum ráðuneytisins stoðþjónustu. Þá fer skrifstofan með skiptingu á fjárhagsramma ráðuneytisins og annast framkvæmd og eftirfylgni fjárlaga.

### Helstu verkefni:

Bókari hefur umsýjun með bókhaldi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, en ráðuneytið notar Oracle viðskiptahugbúnað. Helstu verkefni eru merking og skráning reikninga sem og uppgjör og afstemmingar ýmis konar tengd bókhaldi. Þá sér bókari um móttöku og úrvinnslu reikninga sem berast, bæði á pappír og rafrænt. Ennfremur hefur hann samskipti við aðrar stofnanir og viðskiptavinum varðandi bókhald og sinnir ýmsum minni verkefnum sem upp koma í daglegum rekstri.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýttist í starfi.
- Reynsla af færslu bókhalds og afstemmingum nauðsynleg.
- Góð kunnátta í töflureikni og færni í helstu notendaforritum nauðsynleg.
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð ásamt hæfileika og getu til að vinna hratt og vel undir álagi.
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti.

Um fullt starf er að ræða. Laun taka mið af kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármálaráðherra eða Félagi starfsmanna stjórnarráðsins.

Nánari upplýsingar veitir Guðrún Gísladóttir skrifstofustjóri ([postur@anr.is](mailto:postur@anr.is)).

Umsóknarfrestur er til og með **18. apríl 2016** og skal umsóknum skilað á netfang atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, [postur@anr.is](mailto:postur@anr.is).

Umsóknum skulu fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum nr. 464/1996 sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



# Hótel Reynihlíð við Mývatn YFIRMAÐUR Í ELDHÚSI

Hótel Reynihlíð óskar eftir að ráða matreiðslumann sem yfirmann yfir eldhúsi staðarins. Um er að ræða tvo veitingastaði og starfsmannamötuneyti. Gestafjöldi er að jafnaði um 500 manns á dag yfir háannatímenn.



## STARFSSVIÐ

- Dagleg verkstjórn í eldhúsi
- Matseld
- Innkaup og lagerhald
- Matseðlagerð

## HÆFNISKRÖFUR

- Sveinspróf í matreiðslu, meistarapróf æskilegt
- Reynsla af veitingarekstri/eldhúsi og mannaforráðum
- Frumkvæði og áhugi á matargerð
- Mikil hæfni í samskiptum

## SÆKJA UM

Nánari upplýsingar um starfið veitir Agla Sigr. Björnsdóttir, [agla@radum.is](mailto:agla@radum.is). Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Ráðum [www.radum.is](http://www.radum.is).

Um heilsársvinnu er að ræða í samfélagi umvöfðu einstakri náttúruparadís. Í boði er húsnæði á góðu verði fyrir fjölskyldufólk sem og einstaklinga. Gott skólaumhverfi fyrir börn.

**ráðum**  
ráðningarstofa

Umsóknarfrestur er til og með 17. apríl nk.

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • [radum@radum.is](mailto:radum@radum.is)

**ráðum**  
ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • [radum@radum.is](mailto:radum@radum.is)



## Are you ready to join our team?

LS Retail is a growing international company with customers in more than 120 countries. Our team consist of over 180 Innovative individuals with a clear mission to be the world's leading provider of software solutions for Retail and Hospitality.

Our dynamic company culture is centered around the values of integrity, empowerment and innovation making it an exciting place to work. Originality, desire to grow, collaboration and striving for excellence are passionately encouraged. At LS Retail, you have the key to do your best work and grow professionally – whether that means growing your skills, developing high standard retail software, being part of exciting global projects or sharing your knowledge and expertise.

Join our team and make an impact!

**Applications are due by April 17**  
Submissions & CVs at [jobs.lsretail.com](http://jobs.lsretail.com)

 **LS Retail**

### NAV enthusiast

We are looking for a NAV enthusiast to join our consulting and product team. The main responsibility is to define appropriate solutions and participate in implementation projects for LS Retail's customers. We are seeking candidates with experience in setting up or implementing ERP systems or modules, and have experience working with Dynamics NAV.

### Software Tester

We are looking for a highly organized person to test the software designed and developed by one of our product teams. The tester is involved in the quality assurance stage of the software development and deployment process, and participates in the Agile development process as a member of a cross-functional development team.

### .Net Developer

We are looking for a .Net developer to join the consulting team. The main responsibility is to customize our retail systems based on the .Net platform to fit the requirements of our customers and to deliver quality programmable units, written in any of the .Net programming languages for LS Retail software solutions. We are seeking candidates with knowledge and experience in HTML5, CSS, JavaScript (TypeScript) and/or Web services.

## Tanntæknir óskast

Óskað er eftir faglærðum tanntækni, eða með reynslu sem aðstoðarmaður tannlæknis, á tannlæknastofu í Bolholti.

Leitað er að manneskju með sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð, færni í mannlegum samskiptum og ríka þjónustulund. Æskilegt að viðkomandi þekki til tannlækna-hugbúnaðar.

Umsóknir sendist á netfangið [ruhrol@hotmail.com](mailto:ruhrol@hotmail.com) fyrir 10.apríl



BYGG

## Uppsláttarsmiðir óskast

Uppsláttarsmiðir óskast til vinnu. Mikil mælingarvinna í boði á höfðuborgarsvæðinu.

Upplýsingar veitir Gunnar í síma 693-7310 eða [gunnar@bygg.is](mailto:gunnar@bygg.is)

## Sölumaður óskast

Ísbíllinn leitar að sölumönnum í fullt starf eða kvöld og helgarvinnu.

Góð laun fyrir góða starfsmenn.

Umsókn og ferilskrá sendist fyrir 10. apríl á [umsoknir@isbillinn.is](mailto:umsoknir@isbillinn.is)



[www.isbillinn.is](http://www.isbillinn.is)

## Bílstjóri í sumarstarf

Pósturinn í Reykjavík óskar eftir meiraprófsbílstjóra í sumarafleysingar. Óskað er eftir jákvæðum einstaklingi með ríka þjónustulund sem á auðvelt með samskipti.

Starfið felst í dreifingu pósts á höfuðborgarsvæðinu og skilyrði eru stundvísi og áreiðanleiki.

Umsóknarfrestur er til 12. apríl 2016.

Umsóknum skal skilað á umsóknarvef Póstsins: [umsokn.postur.is](http://umsokn.postur.is).

Nánari upplýsingar veitir Samúel Jónsson í síma 580 1245 eða í netfanginu [samuelj@postur.is](mailto:samuelj@postur.is).



PÓSTURINN



## Skipstjóri og yfirvélstjóri óskast á frystitogara

Reyktal þjónusta ehf. leitar að skipstjóra og yfirvélstjóra á frystitogara. Góð enskukunnátta nauðsynleg. Um er að ræða langtímarstarf hjá traustu erlendu fyrirtæki. Leitað er að skipstóra með ótakmörkuð réttindi á fiskiskip og æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af rækjuveiðum og skipstjórn.

Vélstjórar þurfa að vera með með full alþjóðleg réttindi (STCWII/2) og reynslu af yfirvélstjórn á frystitogara.

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsóknir, með upplýsingum um menntun og fyrri störf, með tölvupósti til: [reyktal@reyktal.is](mailto:reyktal@reyktal.is).

Nánari upplýsingar veita Hjálmar Vilhjálmsson og Ólafur Óskarsson í síma 588-7666.

Reyktal þjónusta ehf. er umboðsaðili erlendra útgerða sem tengjast Eistasaltsríkjunum og Danmörku. Aðallega er gert út á rækju í Barentshafi.

Reykjagarður hf var stofnað 1971 og felst sérhæfing fyrirtækisins í framleiðslu og sölu á alifuglaafurðum, einkum undir vörumerkjum **Holta** og **Kjörfugls**. Hjá fyrirtækinu, sem er í 100% eigu Sláturfélags Suðurlands, starfa um 110 starfsmenn við hin fjölbreytilegustu verkefni við að framleiða gæðamatvörur.

# Vélstjóri

Reykjagarður hf auglýsir laust til umsóknar **starf vélstjóra í alifuglsláturhúsi** fyrirtækisins á Hellu en þar fer fram slátrun, vinnsla og þökkun á afurðum félagsins. Vélstjóri er yfirmaður viðhaldsdeildar og gegnir mikilvægu stoðhlutverki við starfsemi félagsins á Hellu.

### Við leitum að einstaklingi sem:

- hefur menntun sem nýtist í starfi og/eða mikla reynslu af vélavíðgerðum
- er samvisskusamur og skipulagður
- er nákvæmur og sjálfstæður í vinnubrögðum
- er jákvæður og hefur góða hæfni í mannlegum samskiptum


### Helstu verkefni:

- yfirumsjón með viðgerðum véla og tækja og fyrirbyggjandi viðhaldi
- innkaup og utanumhald með varahlutalager
- samskipti við birgja og verktaka
- skipuleggur viðhaldsverkefni
- umsjón með umhverfisþáttum
- önnur tilfallandi verkefni

Nánari upplýsingar um starfið veitir framleiðslustjóri, Sigurður Árni Geirsson, [sigurdur@holta.is](mailto:sigurdur@holta.is) og starfsmannastjóri, Þórhildur Þórhallsdóttir, [thorhildur@ss.is](mailto:thorhildur@ss.is)

Áhugasamir vinsamlegast sækji um starfið á heimasíðu félagsins [www.holta.is](http://www.holta.is) fyrir 11. apríl 2016

**Holta**  
KJÚKLINGUR



[www.holta.is](http://www.holta.is)

STAY

STÖRF Í BOÐI  
/ AVAILABLE JOBS  
STAY APARTMENTS

**Stay Apartments** er framsækið fyrirtæki með valinn mann í hverju rúmi. Við óskum eftir að ráða þernur í **dagvinnu, vinnutími frá 9-17** og einnig í **helgarstarf, vinnutími frá 10-16**. Ef þú ert með reynslu í þrifum, ert sjálfstæður, stundvís og drífandi einstaklingur þá sendu okkur ferilskrá þína á **oli@stay.is / s. 517 4050**.

**Stay Apartments** is an apartment hotel with ambitious employees. We are looking for employees to work **week days from 9-17** and also **weekends from 10-16**. If you are an ambitious, independent, punctual, and empowering individual then please send us your CV to **oli@stay.is / s. 517 4050**.

EINHOLT 2 | 105 REYKJAVÍK | STAY@STAY.IS | STAY.IS

## Grunnskólakennari óskast

Við óskum eftir öflugum starfskrafti með kennsluréttindi á grunnskólastigi í 100% starf við Grunnskólann á Drangsnosi frá og með 1. ágúst 2016.

Grunnskólinn á Drangsnosi er fámennur skóli þar sem starfa að jafnaði 10-15 nemendur í tveimur til þremur bekkjardeildum. Auk nemenda starfa við skólann tveir kennarar ásamt skólastjóra. Í skólanum er lögð áhersla á fjölbreytt nám sem byggir á mikilli samvinnu og starfsgleði. Hér gefst skapandi kennurum einstakt tækifæri til þess að móta og þróa skólastarfið í samvinnu við samstarfsfólk og nemendur.

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Marta Guðrún Jóhannesdóttir skólastjóri í síma 451-3436 / 867-5986 eða í gegnum netfangið skoli@drangsnos.is

Með umsókn skal fylgja ferilskrá og stutt greinargerð um ástæðu umsóknar.

Umsóknarfrestur er til og með 16. apríl 2016.

*Drangsnos er um 70 manna þéttbýliskjarni í Kaldrananeshreppi á Ströndum í um þriggja klukkustunda akstursfjarlægð frá Reykjavík. Á Drangsnosi er kaupfélag, sundlaug, aðstaða til heilsuræktar og dagvistun fyrir börn á aldrinum 1-6 ára. Ómetanleg náttúrufegurð er á og í kringum Drangsnos en eyjan Grímsey á Steingrímsfirði setur svip sinn á landslag staðarins. Dásamlegir heitir pottar eru í fjöruborðinu á Drangsnosi við skólahúsnæðið.*



## FJÖLBREYTT STÖRF Í SKÓLUM fyrir rétta einstaklinga

### Hvaleyrarskóli

- Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Sérkennari

### Hraunvallaskóli

- Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Umsjónarkennari á miðstigi
- Sérkennari
- Tónmennt (afleysing)
- Þroskaþjálfari

### Leikskólinn Hlíðarberg

- Deildarstjóri
- Leikskólakennari

### Lækjarskóli

- Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Umsjónarkennari á miðstigi
- Smíðakennari
- Deildarstjóri sérkennslu
- Sérkennari
- Þroskaþjálfari

### Setbergsskóli

- Myndmenntakennari
- Sérkennari
- Umsjónarkennari á yngsta- og miðstigi
- Þroskaþjálfari
- Skólaliði
- Stuðningsfulltrúi í Krakkaberg

### Víðistaðaskóli

- Bókasafns- og upplýsingafræðingur

### Öldutúnsskóli

- Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Umsjónarkennari á miðstigi
- Sérkennari

Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um.

**Nánari upplýsingar og rafrænt umsóknarform á hafnarfjordur.is**

EFLA

## EFLA leitar að liðsauka

### Tæknimaður í upplýsingatækni

EFLA leitar að öflugum tæknimanni til starfa við notendabjónustu í upplýsingatæknideild fyrirtækisins. Upplýsingatæknideild EFLU hefur það meginhlutverk að sjá um og reka upplýsinga- og tölvuverfi EFLU og sinna notendabjónustu við starfsmenn. Nú vantar okkur þjónustulipran aðila í öflugt teymi tæknimanna okkar.

### Hæfniskröfur:

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi.
- A.m.k. 3 ára starfsreynsla í þjónustu við notendur.
- Góð þekking á hönnunar- og teikni-hugbúnaði.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð almenn þekking á Microsoft umhverfi og Office hugbúnaði.
- Sérlega góðir samskiptahæfileikar og þjónustulipurð.
- Þekking á kerfisrekstri er kostur.
- Þekking á Sharepoint og InfoPath er kostur.

### Kynningarmál

EFLA leitar að kröftugum og áhugasömum einstaklingi sem hefur dug og hæfni til að takast á við spennandi og krefjandi verkefni á kynningarsviði fyrirtækisins. Viðkomandi þarf að hafa hæfni til að hrinda verkefnum í framkvæmd og hrífa fólk með sér.

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Áhugi og reynsla af markaðsstörfum.
- Reynsla af vef- og enfnisstjórnun.
- Reynsla af viðburðastjórnun.
- Reynsla af stafrænni markaðssetningu og leitarvélabestun er kostur.
- Góð kunnátta í hönnunarforritunum Adobe Photoshop og InDesign.
- Góð íslensku- og enskukunnátta og færni í rituðu máli skilyrði.
- Þekking á Norðurlandamáli er kostur.
- Öguð og sjálfstæð vinnubrögð.

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal berast gegnum heimasíðu EFLU, [www.efla.is/umsokn-um-starf](http://www.efla.is/umsokn-um-starf), fyrir 10. apríl næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað og farið verður með þær sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur  
10. apríl 2016

Nánari upplýsingar  
412 6000 eða [job@efla.is](mailto:job@efla.is)

Farið verður með allar  
umsóknir sem trúnaðarmál

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfirmi sem starfar á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. EFLA býður upp á afbrigðis starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 300 samhentra starfsmanna.

## RÁÐGJÖF

- Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

## RÁÐNINGAR

- Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

## RANNSÓKNIR

- Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

# intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is



VIÐ ERUM  
MEÐ ÞÉR  
TIL ÖRYGGIS



## ÖRYGGISVERÐIR ÓSKAST

Öryggismiðstöðin auglýsir eftir öryggisvörðum í framtíðarstörf og sumarstörf.

### Hæfiskröfur

- Hreint sakarvottorð
- Lágmarksaldur 20 ár
- Rík þjónustulund
- Íslenskukunnátta
- Bílpróf

Umsóknir með ferilskrá skal senda á netfangið [sas@oryggi.is](mailto:sas@oryggi.is), merkt „Öryggisvörður“.

Umsóknarfrestur er til 10. apríl 2016



Öryggismiðstöðin var stofnuð árið 1995 og býður upp á lausnir í öryggis- og velferðarmálum fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Öryggismiðstöðin hefur á undanförunum árum hlotið viðurkenningu VR sem Fyrirmyndarfyrirtæki ársins.



Askalind 1 | Kópavogur | Sími 570 2400 – Njarðarnesi 1 | Akureyri | Sími 470 2400 – **Nánar á oryggi.is**



Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir starfsmanni í mótuneyti í fullt starf. Sjá nánari upplýsingar á [starfatorg.is](http://starfatorg.is).

## Meiriháttar góð sumarvinna!

Rauði krossinn á Íslandi leitar að góðu fólki á aldrinum 20-30 ára til að starfa með félaginu í sumar. Um er að ræða vinnu hálfan daginn sem felur í sér söfnun **MANNVINA** – sem eru styrktarfélagar Rauða krossins.

Viðkomandi þarf að hafa áhuga á mannúðarmálum, hafa góða framkomu, vera jákvæður og geta unnið sjálfstætt. Þekking og reynsla af störfum Rauða krossins er kostur.

- ▶ Vinsamlega sendið umsókn með ferilskrá og meðmælum á [helga@redcross.is](mailto:helga@redcross.is) fyrir 20. apríl. Fyrirspurnir sendist á sama netfang.

HVITA HUSID/SÍA - 15-0706

**Rauði krossinn**  
Af mannúð í 90 ár

## ÞJÓNUSTUFULLTRÚÍ

Öryggismiðstöðin auglýsir eftir töluglögnum og brosmildum starfsmanni í þjónustuver

### Helstu verkefni

- Reikningagerð, útreikningar og afstemming verkefna
- Þátttaka í öðrum verkefnum þjónustuvers
- Svára fyrirspurnum viðskiptavina samkvæmt þjónustu- og gæðamarkmiðum

### Hæfniskröfur

- Viðkomandi þarf að vera sérfræðingur í reikningagerð og afstemmingu verkefna
- Reynsla á því sviði mjög æskileg, helst úr tæknigeiranum
- Mjög góð íslensku- og tölvukunnátta
- Þekking á Navision Attain æskileg
- Kostur að viðkomandi hafi lokið almennu skrifstofunámi
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð, nákvæm og öguð vinnubrögð
- Rík þjónustulund og jákvæðni

VIÐ ERUM  
MEÐ ÞÉR  
TIL ÖRYGGIS



Nánari upplýsingar um starfið veitir  
**Eva Helgadóttir.**

Umsókn skal senda á netfangið [atvinna@oryggi.is](mailto:atvinna@oryggi.is) merkt „þjónustufulltrúi“. Með umsókn þarf að fylgja ferilskrá ásamt kynningarbréfi.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Öllum umsækjendum verður svarað.

Umsóknarfrestur er til 10. apríl 2016

Öryggismiðstöðin var stofnuð árið 1995 og býður upp á lausnir í öryggis- og velferðarmálum fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Öryggismiðstöðin hefur á undanförunum árum hlotið viðurkenningu VR sem Fyrirmyndarfyrirtæki ársins.



Askalind 1 | Kópavogur | Sími 570 2400 – Njarðarnesi 1 | Akureyri | Sími 470 2400 – **Nánar á oryggi.is**

*HELSE PERSONAL AS*

## Sykepleiere til Norge

Helse Personal AS søker engasjerte og faglig dyktige sykepleiere til ulike oppdrag i hele Norge

Vi tilbyr gode lønnsbetingelser og sommerbonus fra uke 26 -33.

Dekker bolig og reise etter fastsatte satser.

Du må ha norsk autorisasjon som sykepleier, og beherske norsk, dansk eller svensk språk godt både skriftlig og muntlig.

Tirsdag 5/4-16 kl 10.00 til 18.00 er vi å møte på Hotel Plaza Reykjavik, og DU er velkommen innom.

Send oss gjerne en mail i forkant med din CV.

Kontaktinformasjon: Helse Personal,  
[post@helsepersonal.no](mailto:post@helsepersonal.no) - Tlf 00 47 902 80 287  
[www.helsepersonal.no](http://www.helsepersonal.no)

## Ferðaskrifstofa markaðssetning og sala á ferðum – 50% starf.

Ferðaskrifstofan Ultima Thule og afþreyingar-  
fyrirtækið Adrenalin óskar eftir áhugasömum  
starfsmanni til að sinna markaðssetningu og sölu  
ferða bæði innanlands og erlendis.

### Starfssvið:

- Umsjón með markaðs- og kynningarmálum.
- Almenn sölustörf.
- Samskipti við viðskiptavinum.
- Umsjón með vefsíðum, samfélagsmiðlum og öðru kynningarefni.
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af markaðsmálum og sölustörfum nauðsynleg.
- Reynsla og þekking á ferðabjónustu æskileg.
- Mjög góð færni í íslensku og ensku, bæði í tali og riti.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Frumkvæði, jákvætt viðhorf og mjög góð samskiptafærni nauðsynleg.

Umsóknir sendar á [adrenalin@adrenalin.is](mailto:adrenalin@adrenalin.is) fyrir 8. apríl

**ULTIMA**  **THULE**

# Úti að aka

Íslenska gámafélagið óskar eftir bílstjórum til sumarafleysinga um allt land. Sláðu til og komdu í hóp öflugra og skemmtilegra starfsmanna á traustum og góðum vinnustað.

### Hæfniskröfur:

- Meirapróf (C) er skilyrði
- Réttindi til að aka með tengivagn (CE) er kostur
- ADR réttindi (til flutnings á hættulegum farmi) er kostur
- Framúrskarandi þjónustulund, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl 2016.  
Fyrir frekari upplýsingar má senda fyrirspurn á netfangið: [starfsmannasvid@gamur.is](mailto:starfsmannasvid@gamur.is)



**ÍSLENSKA  
GÁMAFÉLAGIÐ**

Gufunesi gamur.is 577 5757

Hjá Íslenska Gámafélaginu starfa 220 manns víða um land en fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum upp á heildarlausnir á sviði umhverfisþjónustu.

Mannauðsstefna fyrirtækisins sækir stuðning í heimspeki fískisins „Fish Philosophy“. Mannauðsstefnan lýsir vilja fyrirtækisins til að vera framúrskarandi vinnustaður, þar sem metnaðarfullt starf er unnið af jákvæðu, samstilltu og ábyrgu fólki í anda jafnræðis.

## LANDSPÍTALI ... VILTU KOMA Í LIÐIÐ?



### Geislæðlisfræðideild

#### EÐLISFRÆÐINGUR

Eðlisfræðingur óskast til starfa á geislæðlisfræðideild 10K við Hringbraut. Starfshlutfall er 100%, dagvinna. Starfið er laust frá 1. maí 2016 eða eftir nánara samkomulagi. Eðlisfræðingar sjá um undirbúning geislameðferðar, geislaæfingar og gæðaeftirlit með tækjabúnaði og verkferlum við geislameðferð.

Í boði er einstaklingshæfð aðlögun í samstarfi við reynda starfsmenn.

### Augndeild

#### NÁMSSTAÐA DEILDARLÆKNIS

Laust er til umsóknar starf læknis í starfsnámi við augnlækningar. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. maí 2016 eða eftir samkomulagi til 6-24 mánaða eða eftir samkomulagi.

Starfið hentar vel þeim sem áhuga hafa á sérfræðinámi í augnlækningum og vilja kynna sér hvort augnlækningar komi til greina sem framtíðarstarf. Einnig fyrir verðandi heilsugæslulækna sem vilja afla sér viðbótarþekkingar í augnsjúkdómafræðum. Hlutastarf kemur til greina fyrir lækna í sérnámi í heilsugæslu, tauga- eða bráðalækningum sem vilja kynna sér augnlækningar í tengslum við sérnám í þessum greinum.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU LANDSPÍTALA;  
WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR OG STARFATORGI; WWW.STARFATORG.IS**

Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bætta húsakost.

## Radisson Blu 1919 hótél óskar eftir að ráða í eftirfarandi störf.



### Starfsmannastjóra í 50% starf. (afleysingar til 1.mai 2017).

**Helstu verkefni:** Almenn starfsmannamál, launaútreikningar, þjálfun starfsmanna og önnur tilfallandi störf.

#### Hæfniskröfur:

- Þekking á kjarasamningum.
- Reynsla af H3 launum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð vinnubrögð.
- Gott vald á íslensku og ensku.

### Starfsmenn í herbergispríf.

Unnið er á vöktum frá 08:00 – 16:30.

#### Hæfniskröfur:

- Geta unnið undir álagi/skipulagður.
- Góð færni í íslensku og/edá ensku.

### Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl nk.

Vinsamlegast tilgreinið hvaða starf er sótt um í fyrirsögn. Umsóknir og ferilskrá fyrir starf starfsmannastjóra þarf að skila inn á ensku. Allar allar aðrar umsóknir mega vera á íslensku. Umsóknir skal senda á netfangið sigridur.valdimarsdottir@radissonblu.com.

Ef nánari upplýsinga er óskað vinsamlegast hafið sambandið við Sigríði Valdimarsdóttir í síma 599-1011 eða skiljið eftir skilaboð hjá gesta-móttöku í síma 599-1000.

### Starfsmenn í gestamóttöku á dagvaktir.

Unnið er á 2-2-3 vöktum frá 08:00 – 20:00.

#### Hæfniskröfur:

- Vera sjálfstæður og geta unnið undir álagi.
- Búa yfir mikilli þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Mjög góð færni í íslensku og ensku, bæði í tali og riti.

### Starfsmenn í gestamóttöku á næturvaktir.

Unnið er vöktum frá 20:00 – 08:00. Vinna 7 nætur og 7 nætur frí.

#### Hæfniskröfur:

- Vera sjálfstæður og geta unnið undir álagi.
- Búa yfir mikilli þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Mjög góð færni í íslensku og ensku, bæði í tali og riti.

## Hótel- og markaðsstjóri

óskast sem fyrst að ört og sívaxandi hóteli í miðborginni.

Áhugavert og krefjandi framtíðarstarf. Hugsanlegt er að kaupa hlut í rekstrinum.

Áhugasamir sendi inn upplýsingar um aldur, menntun, reynslu og fyrri störf ásamt meðmælum fyrri vinnuveitenda svo og kaupkröfur á [box@frett.is](mailto:box@frett.is) merkt Hótel-/markaðsstjóri-0204 fyrir 13 apríl

## Ferðaskrifstofa - umsjón og sala ferða - 50% starf.

Ferðaskrifstofan Ultima Thule og afþreyingarfyrirtækið Adrenalin óskar eftir áhugasömum starfsmanni til að sinna utanumhaldi og sölu ferða bæði innanlands og erlendis.

#### Starfssvið:

- Umsjón og sala á ferðum erlendis.
- Umsjón og sala á dagsferðum innanlands.
- Aðstoð við framkvæmd langferða innanlands.
- Samskipti við innlenda og erlenda samstarfsaðila.
- Tilboðagerð.
- Uppgjör vegna ferða innanlands.
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Góð þekking á ferðalögum erlendis nauðsynleg.
- Reynsla af starfi á ferðaskrifstofu æskileg.
- Reynsla af ferðamennsku og leiðsögn æskileg.
- Mjög góð færni í íslensku og ensku, bæði í tali og riti.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Frumkvæði, jákvætt viðhorf og mjög góð samskiptafærni nauðsynleg.

Umsóknir sendar á [adrenalin@adrenalin.is](mailto:adrenalin@adrenalin.is) fyrir 8. apríl

**ULTIMA THULE**

# FRAMLEIÐSLUSTJÓRN

ICEWEAR óskar eftir að ráða starfsmann í vöruþróun og framleiðslustjórn á fatnaði og smávöru framleitt erlendis.

#### Starfssvið

- Umsjón með framleiðsluferlinu, frá hugmynd hönnuða til framkvæmdar
- Túlka hugmyndir fyrir birgja með gerð tækniskjala (teikning, graddering og efnislistar)
- Skipulagning á framleiðsludagatali í samstarfi við hönnunar- og söludeild
- Samskipti og fundir með birgjum innanlands og erlendis
- Eftirfylgni með pöntunum og gæðaeftirlit

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Klæðskeramenntun og/edá tæknimenntun á sviði fataþróunar æskileg
- Reynsla af störfum í fataiðnaði og vöruþróun skilyrði
- Góður skilningur á sniðagerð, fatasaum og fataefnum skilyrði
- Góð almenn tölvuþekking, sérsaklega Illustrator og Excel.
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Áreiðanleiki, nákvæmni og hæfni til að vinna undir álagi.
- Gott vald á ensku

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á [erla@icewear.is](mailto:erla@icewear.is) merkt „Framleiðsla“ fyrir 13. apríl 2016



## Kaupfélagsstjóri

Kaupfélag Steingrímsfjarðar Hólmavík óskar að ráða kaupfélagsstjóra til starfa

Kaupfélag Steingrímsfjarðar Hólmavík var stofnað árið 1898 og rekur dagvöruverslun, söluskála og pakkhús á Hólmavík og dagvöruverslanir á Drangnesi og Norðurfirði. Félagið er hluthafi í ýmsum félögum á svæðinu. Hjá félaginu starfa 17 manns og var velta síðasta árs um 400 milljónir. Um 350 manns búa á Hólmavík og á verslunarsvæðinu öllu um 550 manns. Á Hólmavík er góð þjónusta, heilsugæsla, leikskóli, grunnskóli, tónlistarskóli, íþróttahús og sundlaug ásamt ýmsu fleiru.

#### Starfssvið

- Dagleg framkvæmdastjórn félagsins
- Stefnumótun í samvinnu við stjórn og aðra stjórnendur
- Yfirstjórn fjármála, bókhalds, markaðsmála, innkaupa og starfsmannahalds
- Samningagerð og hagsmunagæsla

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðskipta- eða verslunarmenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Haldgóð þekking eða reynsla af stjórnunarstörfum æskileg
- Atorkusemi, dugnaður og hæfni í mannlegum samskiptum
- Tölvu- og tungumálakunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir Matthías Lýðsson, stjórnarformaður félagsins, [husavik@simnet.is](mailto:husavik@simnet.is)

Umsóknarfrestur er til og með 12. apríl.

**ráðum**  
ráðningarstofa

Við leitum að starfsfólki!

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • [radum@radum.is](mailto:radum@radum.is)



## Jökulsárlón ehf. leitar að starfsfólki fyrir sumar 2016:

### Skipstjóra til siglinga á hjólabát.

#### Hæfniskröfur:

- Skipstjórnarréttindi
- Námskeið hjá Slysavarnaskóla Sjómanna
- Námskeið í Hóp- og neyðarstjórnun
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð enskukunnátta

Tímabil er frá júní-október.

### Starfsfólk í miðsölu.

#### Hæfniskröfur:

- Skipulagður og jákvæður
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta
- Hæfni til að vinna vel undir álagi
- Reyndsla af þjónustu störfum
- 20 ára aldurstakmark

#### Starfslýsing:

Selja miða í báta, bókanir, upplýsingagjöf og símavarsla.

Tímabil er maí-október.

### Öryggis- og fylgdarmenn á Zodiac slöngubáta.

#### Hæfniskröfur:

- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta
- Fagmannleg framkoma og þjónustulund
- 20 ára aldurstakmark

Tímabil er júní-október.

Húsnæði er í boði fyrir starfsmenn Jökulsárlóns.

Upplýsingar gefur Katrín Ósk á [katrin@jokulsarlon.is](mailto:katrin@jokulsarlon.is) og í síma: 893-1822

## H.G.GUÐJÓNSSON LEITAR AÐ ÖFLUGUM SÖLUMANNI

H.G. Guðjónsson er rekstrareining innan Húsasmiðjunnar sem sérhæfir sig í innréttingalausnum fyrir trésmíðaverkstæði.

H.G. Guðjónsson starfar náið með fagsölusviði Húsasmiðjunnar. Húsasmiðjan er í hópi stærstu fyrirtækja landsins og þjónustar fagmenn og einstaklinga um land allt.

Leitum að metnaðarfullum aðila í krefjandi og spennandi starf

#### Ábyrgðarsvið

- Ráðgjöf og tilboðsgerð
- Heimsóknir til viðskiptavina

#### Hæfniskröfur

- Frumkvæði og geta til að finna lausnir
- Rík þjónustulund og samskiptahæfni
- Reyndsla af sölu á byggingarvörum er kostur

Umsóknir berist fyrir 10. apríl og sendast til [atvinna@husa.is](mailto:atvinna@husa.is)



**hgg**  
H.G. GUÐJÓNSSON  
INNRETTINGALOUSNIR

## VILT ÞÚ VERA Í LYKILHLUTVERKI?



Avis Budget leitar að kraftmiklum markaðsfulltrúa með reyndu af störfum tengdum markaðsmálum.

#### Helstu verkefni:

- Framfylgd markaðsstefnu og áætlun
- Gerð markaðsefnis
- Umsjón birtinga
- Skipulagning og stjórnun viðburða
- Samskipti og umsjón samstarfsverkefna
- Þjónustu- og markaðskannanir

#### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun er nýttist í starfi
- Reyndsla af markaðsstörfum, a.m.k. 2 ára starfsreyndsla
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Metnaður, frumkvæði og drifkraftur
- Mjög góðir samskiptahæfileikar
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsækjendur er vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á [avis.is](http://avis.is) fyrir 12. apríl nk.

Bíla-leigur AVIS og Budget eru meðal stærstu bíla-leiga í heimi og starfa í 180 löndum með yfir 5.000 leigustöðvar. Á Íslandi er AVIS og Budget ört vaxandi fyrirtæki með leigustöðvar um allt land og geta viðskiptavinir AVIS og Budget leigt bíla við öll tækifæri. Hjá AVIS og Budget starfar öflugur og reyndur hópur fólks sem vinnur ávallt með þjónustu og áreiðanleika að leiðarljósi. Leitast er við að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstöðu en ánægja starfsfólks og viðskiptavina er lykilatriði í velgengi AVIS og Budget.

**AVIS**  **Budget**



Skútustaðahreppur

## Skútustaðahreppur – skrifstofustjóri

Skútustaðahreppur auglýsir laust til umsóknar starf skrifstofustjóra á skrifstofu sveitarfélagsins. Skrifstofustjóri er yfirmaður reikningshalds, stýrir bókhaldsvinnu og er ábyrgur fyrir því að bókhald sé fært samkvæmt gildandi lögum og reglum. Skrifstofustjóri er staðgengill sveitarstjóra. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Þekking og reyndsla af stjórnábyrgð og fjármálum sveitarfélaga
- Þekking og reyndsla af bókhaldi og fjárhagsáætlunargerð sveitarfélaga
- Háskólamenntun sem nýttist í starfi æskileg
- Reyndsla á sviði mannauðsmála kostur
- Góð tölvukunnátta (Excel, Navision)
- Góð samskiptahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Nákvæmni í vinnubrögðum

Í boði er spennandi starf fyrir einstakling sem hefur metnað til að sýna árangur í starfi. Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma 464 4163 og 861 7263

Umsóknarfrestur er til og með 11. apríl n.k.

Skriflegar umsóknir berist á skrifstofu Skútustaðarhepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn eða á netfangið: [sveitarstjori@myvatn.is](mailto:sveitarstjori@myvatn.is)

Í Skútustaðahreppi búa rúmlega 400 manns. Í sveitarfélaginu eru grunn- og leikskóli, heilsugæsla, verslun auk annarrar þjónustu. Mývatnssveit er rómuð fyrir náttúruferðir og árlega heimsækir fjöldi ferðamanna sveitina. Mikil uppbygging hefur átt sér stað í ferðaþjónustu undanfarna ár og eru fjölbreytt atvinnutækifæri til staðar. Um þessar mundir er í gangi mikil uppbygging í Þingeyjarsýslu bæði á sviði iðnaðar og ferðaþjónustu.



# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Sviðsstjóri umhverfismats	Skipulagsstofnun	Reykjavík	201604/488
Sérfræðingur í neytendavernd	Fjármálaeftirlitið	Reykjavík	201604/487
Lektor í heimilislæknisfræði	HÍ, Heilbrigðisvísindasvið	Reykjavík	201603/486
Sérfræðingur	Velferðarráðuneytið	Reykjavík	201603/485
Sérfræðingur	Velferðarráðuneytið	Reykjavík	201603/484
Framhaldsskólakennarar	Menntaskólinn á Egilsstöðum	Egilsstaðir	201603/483
Fjármálastjóri	Menntaskólinn á Egilsstöðum	Egilsstaðir	201603/482
Sérfræðingar í málefnum barna	Sýslumenn	R-vík/Akureyri	201603/481
Hjúkrunarfræðingur, sumarafll.	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201603/480
Sjúkraliðar/starfsfólk	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Grindavík	201603/479
Bókari	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun.	Reykjavík	201603/478
Sérfræðingur í fjármálum	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun.	Reykjavík	201603/477
Lektor	Háskólinn á Hólum / Matís	Sauðárkrókur	201603/476
Kennarar	Framhaldsskólinn í A.-Skaftaf.sýslu	Höfn	201603/475
Deildarlæknar	Landspítali, röntgendeild	Reykjavík	201603/474
Námsstaða deildarlæknis	Landspítali, augndeild	Reykjavík	201603/473
Lögreglumaður, afleysingarstaða	Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum	Vestm.eyjar	201603/472
Lögreglumenn, sumarafleysingar	Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum	Vestm.eyjar	201603/471
Ljós móðir, sumarafleysing	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Akranes	201603/470
Starfsmaður, afl. og tímavinna	ÁTVR, Vínubúðin	Grundarfjörður	201603/469

## Bókari

50% starfshlutfall

Laust er til umsóknar starf bókara (50% starfshlutfall). Alhliða bókhaldsstörf, afstemmingar og skil á uppgjöri til endurskoðanda. Viðkomandi þarf að vera reyndur á sínu sviði og geta unnið sjálfstætt. Haldgóð kunnátta á Navision tölvukerfi er skilyrði.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á netfangið hreyfing@hreyfing.is fyrir 12. apríl.

HREYFING | BLUE LAGOON  
ICELAND

## Staða hjúkrunarfræðings

Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa við Dvalar- og hjúkrunarheimilið Hjallatún í Vík. Um er að ræða 80 % stöðu verkefnisstjóra 2, sem vinnur dagvaktir, kvöldvaktir og bakvaktir eftir samkomulagi. Staðan er laus frá 1. júní næstkomandi.

Leitað er að einstaklingi með áhuga á öldrunarmálum, með góða færni í mannlegum samskiptum sem getur unnið sjálfstætt og skipulega. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

### Allar nánari upplýsingar veitir:

Guðrún Berglind Jóhannesdóttir hjúkrunarforstjóri, hjallatun@vik.is eða í síma 487-1348 – 862-9290.

Umsóknir skal senda til: hjallatun@vik.is eða á Hjallatún, Hátúni 8, 870 Vík.

Umsóknarfrestur er til 30. apríl næstkomandi.

Hjallatún



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

## MATREIÐSLUMAÐUR OG TÍMABUNDIÐ STARF FORSTÖÐUMANS FRAMREIÐSLUELDHÚSS

Laust er til umsóknar tímabundið starf forstöðumanns framreiðslueldhúss að Lindargötu vegna afleysingar í 6 mánuði. Einnig er auglýst eftir matreiðslumanni í ótímabundna stöðu. Framreiðslueldhúsið heyrir undir Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða. Starf matreiðslumanns er dagvinna og unnin er önnur hver helgi en frídagar í miðri viku.

### Forstöðumaður framreiðslueldhúss

#### Helstu verkefni og ábyrgð

- Ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfsemi framreiðslueldhússins að Lindargötu.
- Ber ábyrgð á að þjónustan sé í samræmi við leiðarljós, stefnu og markmið Velferðarsviðs.
- Tekur þátt í stefnumótun á Velferðarsviði varðandi málefni eldhúsa.
- Stjórnun starfsmannamála og ábyrgð á framkvæmd starfsmannastefnu.

#### Hæfniskröfur

- Meistarapróf í matreiðslu eða samsvarandi réttindi ásamt mikilli starfsreynslu.
- Rekstarmenntun á háskólastigi sem nýtist í starfi æskileg.
- Þekking á sviði gæðastjórnunar og reynsla af uppsetningu gæðakerfa í matvælaíðnaði.
- Reynsla og þekking á rekstri stórelldhúsa og sérhæfðri starfsemi þeirra.
- Færni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund.

### Matreiðslumaður

#### Helstu verkefni og ábyrgð

- Matreiðsla á almennum réttum, sérstökú sjúkræfði, bakstur á kaffibrauði og öðrum veitingum.
- Verkstjórn starfsmanna.
- Umsjón og eftirlit með nýtingu hráefnisbirgða og annarra rekstrarvara.
- Eftirlit með tækjabúnaði.
- Skömmun á mat í stærri einingum fyrir móttökueldhús, borðsofu og heimsendingu matar.
- Unnið er eftir „cook and chill“ og hefðbundna matreiðslu og dreifingu jöfnum höndum.

#### Hæfniskröfur

- Sveinspróf í matreiðslu eða sambærilegt nám.
- Starfsreynsla í stórelldhúsi.
- Áhugi og metnaður.
- Samskiptahæfni og létt lund.
- Íslenskukunnátta.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bragi Guðmundsson forstöðumaður í síma 411-9450.  
Netfang: bragi.gudmundsson@reykjavik.is

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)

Umsóknarfrestur er til 17. apríl n.k.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglar það margbreytilega samfélag sem við búum í.



Reykjavíkurborg  
Skrifstofa þjónustu og reksturs

## Starfsmaður í skjaladeild

Skjaladeild er ein af þremur deildum skrifstofu þjónustu og reksturs. Deildin hefur umsjón með skjalamálum miðlægrar stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar og miðlægum skrifstofum skóla- og frístundasviðs, íþróttatölmstundasviðs, umhverfis- og skipulagssviðs og velferðarsviðs.

#### Helstu verkefni:

- Ýmis sérfræðistörf á sviði skjalastjórnunar ásamt daglegum störfum skjaladeildar s.s. skráningu og frágangi gagna.
- Þátttaka í áætlanagerð, ráðgjöf og fræðslu.

#### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í bókasafns- og upplýsingafræðum eða sambærileg menntun
- Starfsreynsla á sviði skjalastjórnunar æskileg
- Þekking á GoPro og Fotostation hugbúnaði er kostur
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Ritfærni og nákvæmni í vinnubrögðum
- Góð kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Um er að ræða fullt starf. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf).

Umsóknarfrestur er til 17. apríl nk.

Nánari upplýsingar veitir Halla María Árnadóttir deildarstjóri skjaladeildar í síma 411 4040  
netfang: halla.maria.arnadottir@reykjavik.is.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglar það margbreytilega samfélag sem borgin er.



## Rafvirkjar

Ljósblík Rafverktakar ehf óskar eftir að ráða rafvirkja og nema til starfa. Framtíðarvinna og næg verkefni framundan.

Vinsamlegast sendið umsóknir og upplýsingar á netfangið [toti@ljosblik.is](mailto:toti@ljosblik.is)



## Fjölskyldusvið Ísafjarðarbæjar auglýsir eftirfarandi störf laus til umsóknar:

- Deildarstjóri í barnavernd
- Ráðgjafi í barnavernd
- Félagráðgjafi í félagsþjónustu
- Forstöðumaður í frekari liðveislu

Nánari upplýsingar á [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)



## Talmeinafræðingur

Laus er til umsóknar staða talmeinafræðings og er starfshlutfall samkomulagsatriði.

Óskað er eftir að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegri teymisvinnu. Kraftur er frumkvæðis, sjálfstæðis í vinnubrögðum, skipulagshæfileika og góðrar hæfni í mannlegum samskiptum.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi Fræðagarðs og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings Fræðagarðs og Reykjalundar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þórunn Hanna Halldórsdóttir yfirtalmeinafræðingur, netfang: [thorunnh@reykjalundur.is](mailto:thorunnh@reykjalundur.is)

Umsóknarfrestur er til 17. apríl 2016

Umsóknareyðublað og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni [www.reykjalundur.is](http://www.reykjalundur.is)

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.  
Sími 585 2000 – [www.reykjalundur.is](http://www.reykjalundur.is)

## VANTAR ÞIG VINNU?

**Nettó Granda** óskar eftir starfsfólki í almenn verslunarstörf

Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf

Óskað er eftir starfsfólki 18 ára og eldra

Umsóknarfrestur er til og með 12. apríl

Tekið er á móti umsóknum í gegnum netfangið [grandi@netto.is](mailto:grandi@netto.is)

Nánari upplýsingar veitir: Geir Magnússon verslunarstjóri Nettó Granda í síma 773-3007

# Markaðsstofa Kópavogs

## leitar að drífandi og skapandi framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með starfsemi Markaðsstofu Kópavogs og ber ábyrgð gagnvart stjórn. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur, sinnir áætlanagerð, stefnumótun og öðru því er fellur undir verksemi framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri hefur frumkvæði, samræmir og leiðir saman ólíka hagsmuni og sjónarmið í bænum í því skyni að efla samkeppnishæfni Kópavogs um íbúa, fyrirtæki og ferðamenn.

### Framkvæmdastjóri

- Ber ábyrgð á daglegri stjórnun og rekstri Markaðsstofu Kópavogs
- Ber ábyrgð á framkvæmda- og fjárhagsáætlanagerð í samvinnu við stjórn og hagsmunaaðila
- Ber ábyrgð á kynningar- og markaðsmálum
- Stuðlar að samstarfi bæjaryfirvalda, fyrirtækja, samtaka, íþróttafélaga, menningarstofnana, viðburðahaldara og einstaklinga í Kópavogi

### Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af markaðs- og kynningarmálum
- Reynsla af rekstri æskileg
- Hugmyndaauðgi og sköpunargleði
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Leiðtoga- og skipulagshæfileikar
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

### Umsóknarfrestur er til og með 9. apríl.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir skal senda á netfangið [markaðsstofa@kopavogur.is](mailto:markaðsstofa@kopavogur.is)

Allar frekari upplýsingar veitir Gauja Hálfðanardóttir [gaujah@kopavogur.is](mailto:gaujah@kopavogur.is) eða í síma 570 1500.



Markaðsstofa Kópavogs er sjálfseignarstofnun sem hefur það hlutverk að efla ímynd og atvinnubrúun í Kópavogi, starfa að ferða- og markaðsmálum og stuðla þannig að því að efla lífsgæði og glæða mannlíf og atvinnulíf í bænum. Markaðsstofan er brú á milli atvinnulífs og stjórnsýslu bæjarins og tengir saman ólíka hagsmunahópa í bænum.



## VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

### Tveir sérfræðingar á skrifstofu hagsmála og fjárlaga

Velferðarráðuneytið auglýsir lausar til umsóknar tvær stöður sérfræðinga á skrifstofu hagsmála og fjárlaga.

#### Sérfræðingur á sviði fjárlagagerðar og eftirlits með framkvæmd fjárlaga:

##### Starfssvið

- Gerð fjárlagatillagna, rekstrar- og framkvæmdaáætlana og eftirlit með framkvæmd fjárlaga.
- Mat á kostnaðaráhrifum lagafrumvarpa og reglugerða.
- Greining og úrvinnsla gagna.
- Þátttaka í stefnumótun í málaflokkum ráðuneytisins í samstarfi við fagskrifstofur og stofnanir ráðuneytisins.

##### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða hagfræði eða önnur sambærileg menntun.
- Færni í meðferð, greiningu og úrvinnslu gagna.
- Þekking og reynsla af áætlanagerð, kostnaðargreiningu og kostnaðareftirliti.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót.
- Færni til að geta unnið sjálfstætt á skipulagðan og agaðan hátt.
- Færni í miðlun upplýsinga í mæltu og rituðu máli.
- Þekking og reynsla af stjórnsýslunni og fjárlagagerð er kostur.
- Þekking á fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er kostur.

#### Sérfræðingur á sviði innleiðingar á breyttu verklagi í tengslum við ný lög um opinber fjármál:

##### Starfssvið

- Innleiðing á breyttu verklagi við undirbúning og eftirfylgni fjárlaga í tengslum við ný lög um opinber fjármál.
- Þátttaka í stefnumótun í málaflokkum ráðuneytisins í samstarfi við fagskrifstofur og stofnanir ráðuneytisins.
- Gerð fjárlagatillagna, rekstrar- og framkvæmdaáætlana og eftirlit með framkvæmd fjárlaga.

##### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða hagfræði eða önnur sambærileg menntun. Framhaldsmenntun, t.d. á sviði stefnumótunar, er kostur.
- Færni í meðferð, greiningu og úrvinnslu gagna.
- Þekking og reynsla af áætlanagerð, kostnaðargreiningu og kostnaðareftirliti.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót.
- Færni til að geta unnið sjálfstætt á skipulagðan og agaðan hátt.
- Færni í miðlun upplýsinga í mæltu og rituðu máli.
- Þekking og reynsla af stjórnsýslunni og fjárlagagerð er kostur.
- Þekking á fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er kostur.

Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um störf.

Í boði eru áhugaverð og fjölbreytt störf í krefjandi starfsumhverfi. Nánari upplýsingar um störfin veita Ólafur Darri Andrasón skrifstofustjóri, [olafur.darri@vel.is](mailto:olafur.darri@vel.is), og Dagný Brynjólfssdóttir, [dagny.brynjolfsdottir@vel.is](mailto:dagny.brynjolfsdottir@vel.is). Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 101 Reykjavík eða á netfangið: [postur@vel.is](mailto:postur@vel.is) eigi síðar en 18. apríl nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum.

Vinnumálastofnun

# Þjónustufulltrúi



Vinnumálastofnun leitar að öflugum starfsmanni í áhugavert og fjölbreytt starf í þjónustuveri.

Leitað er eftir einstaklingi sem á auðvelt með að tileinka sér gildi **Vinnumálastofnunar**:  
Fyrirmyndarþjónusta; Virðing; Áreiðanleiki.

Umsækjendur þurfa að hafa framúrskarandi samskiptafærni, áhuga á velferðarmálum og reynslu af almennum skrifstofustörfum.

## Verkefni og ábyrgð:

- Samskipti við viðskiptavini í afgreiðslu, síma og tölvupósti.
- Móttaka og upplýsingagjöf.
- Samskipti og upplýsingagjöf til samstarfsmanna á öðrum sviðum.
- Bakvinnsla.

## Hæfnikröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Góð þjónustulund og mikil færni í mannlegum samskiptum.
- Góð almenn tölvukunnátta skilyrði.
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli.
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg.

Vinnutími er frá kl 8:30-16:30

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Sækja skal um starfið á Starfatorgi:

[www.starfatorg.is/skrifstofustorf/thjonustufulltrui-vinnumalastofnun-reykjavik-201603-467](http://www.starfatorg.is/skrifstofustorf/thjonustufulltrui-vinnumalastofnun-reykjavik-201603-467)

Umsóknarfrestur er til og með 16. apríl 2016.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Próstur Sigurðsson þjónustustjóri í gegnum netfangið [throstur.sigurdsson@vmst.is](mailto:throstur.sigurdsson@vmst.is)

Fyrirmyndarþjónusta

Virðing

Áreiðanleiki

Vinnumálastofnun Kringlunni 1, 103 Reykjavík Sími 515 4800

[www.vmst.is](http://www.vmst.is)



Reykjavíkurborg  
Menningar- og ferðamálasvið

## Viltu vera góður gestgjafi ferðamanna í Reykjavík?

### Deildarstjóri á Upplýsingamiðstöð ferðamanna.

Höfuðborgarstofa leitar að reynslumiklum og metnaðarfullum einstaklingi til að stýra daglegum rekstri Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna í Aðalstræti.

Leitað er að stjórnanda sem hefur eldmód og áhuga á að leiða Upplýsingamiðstöðina inn í nýja tíma. Viðkomandi ber ábyrgð á daglegum rekstri miðstöðvarinnar, þar með talið umsjón með þjónustu, starfsmannamálum, gerð og eftirfylgni áætlana. Hefur umsjón með samskiptum upplýsingamiðstöðvarinnar við ferðarþjónustufyrirtæki og aðra hagaðila með það að markmiði að efla faglega ráðgjöf og aðstoð við ferðamenn og ferðaskipuleggjendur, og kynna Reykjavík sem áfangastað. Ábyrgð á sérverkefnum m.a. þróun og sölu á Gestakorti Reykjavíkur.

Áherslur starfsins byggja á Ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar og starfsáætlun Höfuðborgarstofu á hverjum tíma.

#### Starfið krefst:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun er ótvíræður kostur.
- Að lágmarki 3ja ára reynsla á sviði ferðamála.
- Frumkvæðis, sjálfstæðis í vinnubrögðum og góðra skipulagshæfileika.
- Umtalsverðrar reynslu af rekstri, áætlanagerð og verkefnastjórnun.
- Yfirgrípsmikillar þekkingar á ferðarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.
- Þekkingar og áhuga á náttúru- og menningartengdri ferðarþjónustu á landsvísi.
- Færni og getu til að vinna undir álagi og sinna mörgum viðfangsefnum.
- Góðrar tungumálakunnátta, íslensku, ensku og þriðja tungumáls auk færni til að tjá sig vel í ræðu og riti.
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum og ríkrar þjónustulundar.

Laun eru samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags. Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir: Áshildur Bragadóttir forstöðumaður Höfuðborgarstofu, [ashildur.bragadottir@reykjavik.is](mailto:ashildur.bragadottir@reykjavik.is), sími 782 1202. Vakin er sérstök athygli á markmiðum starfsmanna- og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem er að finna á [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is).

Umsóknarfrestur er til og með 14. apríl nk. Umsóknir skulu sendar á vef Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf).

Hlutverk Menningar- og ferðamálasviðs er að fara með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Sviðinu tilheyrir menningarstofnanir Reykjavíkurborgar; Borgarbóksafn Reykjavíkur - menningarhús, Borgarsögusafn Reykjavíkur og Listasafn Reykjavíkur. Höfuðborgarstofa ber ábyrgð á heildarkynningu Reykjavíkur á sviði ferðamála innanlands og utan, rekur upplýsingamiðlun til ferðamanna og sér um skipulag og framkvæmd stærstu borgarhátíðanna í Reykjavík.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglir það margbreytilega samfélag sem borgin er.

# Sölumaður

Okkur vantar öflugan sölumann til starfa í einu sérvörslun landsins með grill og grillvörur

**Grillbúðin**  
[www.grillbudin.is](http://www.grillbudin.is)

Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

Umsóknir og fyrirspurnir sendast á [starf@grillbudin.is](mailto:starf@grillbudin.is)



Skrifstofa Alþingis  
óskar eftir starfsmanni á  
fjármálaskrifstofu í fullt starf.  
Sjá nánari upplýsingar á [starfatorg.is](http://starfatorg.is).



Ert þú heiðarlegur, samviskusamur og metnaðarfullur einstaklingur sem hefur áhuga á bílum? Þá erum við kannski að leita af þér! Erum að bæta við okkur starfsmanni vegna aukinna umsvifa í sölu á notuðum bifreiðum.

**Helstu verkefni og ábyrgðir:** Þjónusta viðskiptavini bílasölnunnar, fylgja eftir fyrirspurnum og vinna með kaupanda og seljanda í 100% trúnaði. Töluverð teymisvinna fylgir starfinu og mikil upplýsingaskylda. Starfinu fylgir helgarvinna mismikil eftir árstíðum.

**Hæfniskröfur:** Leitum af kraftmiklum einstaklingi með áhuga á þjónustu og sölumennsku.

- almenn tölvukunnátta
- góðir skipulagshæfileikar og jákvætt lífsviðhorf
- frumkvæði og samstarfsvilji, öguð vinnubrögð
- hæfni í mannlegum samskiptum
- löggiltur bifreiðasali, kostur

Áhugasamir geta sent umsóknir á [asgeir@planid.is](mailto:asgeir@planid.is), allar frekari upplýsingar fást á staðnum eða í síma 517-0000, hjá Ásgeiri A. Ámundssyni.  
Umsóknarfrestur er til 11. apríl. 2016

# CCP IS HIRING

## » Accounting Manager

CCP is looking for an Accounting Manager for its Finance and Accounting group, located in Reykjavík, Iceland. Reporting to the Global Controller, the Accounting Manager will ensure correctness and accuracy of reported financial data. This individual will complete monthly due diligence reviews including proper accounting processes are upheld and global accounting policies are being followed. The Accounting Manager will play a key role in compiling CCP's consolidated financial statements in accordance with IFRS.

For further information,  
check out our site:  
[www.ccpgames.com](http://www.ccpgames.com)



## ÁFENGIS OG VÍMUEFNARÁÐGJAFI

Áfengis- og vímuefnaráðgjafi óskast til starfa,  
á Meðferðarheimilið Krýsuvík.  
Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Vinsamlega hafið samband á netfangið [toggi@krysuvik.is](mailto:toggi@krysuvik.is)



## Eldhús - Matsalur

Óskum eftir starfsmanni í eldhús og matsal. 100% starfshlutfall.

Unnið aðra hverja helgi. Íslenskukunnátta nauðsynleg.

Umsóknir sendist á netfangið [gardar@sbh.is](mailto:gardar@sbh.is)  
fyrir 25. apríl.

## VERKSTJÓRI Á ÞÓRSHÖFN

Ísfélag Vestmannaeyja hf. óskar eftir að ráða  
verkstjóra í frystihús félagsins á Þórshöfn.

Verkstjóri vinnur náið með vinnslustjóra  
og framleiðslustjóra.

Framleiðsla Ísfélagsins er vertíðarskipt.  
Á uppsjávarvertíðum er unnið á vöktum  
og þess á milli er unninn bolfiskur.

**Farið verður með umsóknir sem  
trúnaðarmál og verður öllum svarað.**

### Helstu verkefni:

- Dagleg stjórnun og skipulagning fisk vinnslu í samráði við framleiðslustjóra.
- Ábyrgð á að gæðakerfi félagsins sé virkt.
- Ábyrgð á að unnið sé í samræmi við verklagsreglur og verklýsingar í gæðahandbók félagsins.
- Þátttaka í þjálfun starfsmanna og nýliðafræðslu.

### Menntunar og hæfniskröfur:

- Reynsla af stjórnun er kostur.
- Reynsla og/eða menntun í sjávarútvegi og/eða mikil reynsla af verkstjórn og starfsmannahaldi.
- Þrautseigja og úthald til vaktavinnu.
- Skipulagshæfileikar og snyrtimennska.
- Tölvufærni er æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar veitir  
**Siggeir Stefánsson** framleiðslustjóri  
í síma 894 2608 eða á [siggeir@isfelag.is](mailto:siggeir@isfelag.is)

Umsóknir skulu sendast til  
Ísfélags Vestmannaeyja hf.,  
Eyrarvegi 16, 680 Þórshöfn  
eða á netfangið [siggeir@isfelag.is](mailto:siggeir@isfelag.is).

Umsóknarfrestur er til og með  
**11. apríl 2016.**



Strandvegi 26 | 900 Vestmannaeyjum | s. 488 1100 | [www.isfelag.is](http://www.isfelag.is)

## SÉRFRÆÐINGUR Í EFTIRLITI MEÐ VIÐSKIPTAHÁTTUM OG NEYTENDAVERND

► Eftirlitssvið Fjármálaeftirlitsins leitar að sérfræðingi í eftirliti með heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum á fjármálamarkaði.

Eftirlitssvið hefur yfirsýn yfir starfsemi eftirlitsskyldra aðila, fylgist með því að starfsleyfisskiptir séu uppfyllt og að gripð sé til viðeigandi ráðstafana ef tilefni er til þannig að viðvarandi eftirlit sé viðhaft. Einnig að starfsemi eftirlitsskyldra aðila samræmist eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum í skilningi sérlaga á fjármálamarkaði. Þá hefur sviðið yfirumsjón með setningu reglna og leiðbeinandi tilmæla ásamt innleiðingu réttarreglna sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.

### Starfssvið

- Eftirlit með heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum á fjármálamarkaði
- Taka á móti, greina og vinna úr upplýsingum um fjármálamarkaði
- Mat á hvort viðskiptahættir séu heilbrigðir og eðlilegir, m.a. gagnvart viðskiptavinum eftirlitsskyldra aðila
- Veita neytendum á fjármálamarkaði leiðbeiningar um leiðir sem í boði eru til þess að fá skorið úr ágreiningi við eftirlitsskylda aðila
- Þátttaka í innra starfi Fjármálaeftirlitsins og reglusetningu

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólagráða í viðskiptafræði, hagfræði eða sambærileg menntun
- Viðeigandi þekking og reynsla af eftirlitsstörfum eða fjármálamarkaði
- Reynsla af ráðgjöf og þekking á leiðbeiningaskyldu stjórnvalda
- Rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, ábyrgð og metnaður í starfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku sem og í miðlun upplýsinga

Umsjón með starfinu hafa Rúnar Guðmundsson aðstoðarframkvæmdastjóri eftirlitssviðs ([runar@fme.is](mailto:runar@fme.is)) og Árni Ragnar Stefánsson mannauðsstjóri ([arni@fme.is](mailto:arni@fme.is)).

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, [www.fme.is](http://www.fme.is) eða á [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is).

Umsóknarfrestur er til og með 18. apríl nk. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND



**SPRENGISANDUR  
ER Í LOFTINU**

SIGURJÓN M. EGILSSON OG UMRÆÐA SEM SKIPTIR MÁLI

SUNNUGAG KL. 10:00 - 12:00

**BYLGJAN**  
989

## Ertu að leita að talent?




[lind@talent.is](mailto:lind@talent.is)



[bryndis@talent.is](mailto:bryndis@talent.is)

Við finnum  
starfsmanninn fyrir þig

**TALENT**  
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF  
[www.talent.is](http://www.talent.is) | [talent@talent.is](mailto:talent@talent.is)



# SAMSKIP



## > Ertu klár? – sérfræðingur í hagdeild

Sérfræðingur ber ábyrgð á markaðs- og framlegðargreiningu fyrir fyrirtækið. Sérfræðingur kemur að gerð fjárhagsáætlana ásamt því að vinna að upplýsingasöfnun og tölfraðilegri úrvinnslu gagna og kynningum á niðurstöðum.

### Helstu verkefni

- Gerð fjárhagsáætlana
- Upplýsingaöflun og tölfraðileg úrvinnsla gagna
- Skýrslugerð og kynningar
- Vinna og eftirlit með uppgjöri afkomueininga
- Umsjón með kostnaðareftirliti

### Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólapróf, viðskiptafræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfið
- Góð kunnátta í reikningshaldi
- Yfirgripsmikil Excel kunnátta

- Reynsla af úrvinnslu og framsetningu tölfraðilegra gagna
- Þekking á SAP er kostur
- Skipulagshæfni

### Eiginleikar

- Samviskusamur og fylginn sér
- Góðir samskiptahæfileikar
- Kraftur og frumkvæði
- Vandvirkni

Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl nk.

Umsóknir skulu fylltar út á vef Samskipa [www.samskip.is](http://www.samskip.is).

Umsækjendur eru beðnir um að skila inn ítarlegri ferilskrá ásamt greinargóðu kynningarbréfi sem tilgreinir á skilmerkilegan hátt hvernig umsækjandi uppfyllir kröfur um menntun, reynslu, hæfni og eiginleika.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingólfur Rúnar Ingólfsson forstöðumaður hagdeilda í pósthöfnun [ingolfur.runar.ingolfsson@samskip.com](mailto:ingolfur.runar.ingolfsson@samskip.com)

Samskip eru flutningafyrirtæki með starfsstöðvar víða um heim. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausanir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru í fyrirrúmi og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuástandi.

## Embassy clerk

The Embassy of Japan seeks capable, responsible and flexible driver / butler at ambassador's residence (1 person).

### Basic conditions for application are below:

- Good skills in car-driving and administration works
- Experienced waiter will be very welcome
- Good command of language (Icelandic and English) and computer
- Start of work from 25 April 2016 and contract renewal every 2 years

CV should be sent to the following address until 5 April 2016.

\* CV should be written in English.

Laugavegur 182, 105 Reykjavík  
Tel: 510-8600  
e-mail: [japan@rk.mofa.go.jp](mailto:japan@rk.mofa.go.jp)



## Menntaskóli Borgarfjarðar auglýsir eftirfarandi störf:

### Íslenskukennari í 100% starf

- Kennsluréttindi á framhaldsskólastigi í íslensku skilyrði.
- Laun greiddast samkvæmt kjarasamningi KÍ.

### Félagsmálafulltrúi, vef- og tölvuumsjón með meiru í 100% starf

- Nánari upplýsingar hjá skólameistara.
- Laun greiddast samkvæmt kjarasamningum SGS og ríkis

Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast Guðrúnu Björgu Aðalsteinsdóttur skólameistara í netfangið [guðrunbjorg@menntaborg.is](mailto:guðrunbjorg@menntaborg.is) Einnig er hægt að nálgast nánari upplýsingar í síma 433-7700.

Umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi 22. apríl 2016.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



## Sunnulaekjarskóli

Við Sunnulaekjarskóla á Selfossi eru lausar stöður umsjónarkennara á yngsta stigi og stöður kennara á elsta stigi. Meðal kennslugreina á elsta stigi er enska, danska og stærðfræði. Þá vantar íþróttakennara til að kenna íþróttir, sund og dans. Umsækjandi þarf að hafa kennsluréttindi, góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar.

Í skólanum eru um 600 nemendur og þar er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launaneftdar Sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans: <http://www.sunnulaekjarskoli.is>

Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2016 en ráðið er í stöðurnar frá 1. ágúst 2016

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum sendist Birgi Edwald, skólástjóra, [birgir@sunnulaek.is](mailto:birgir@sunnulaek.is) eða Sunnulaekjarskóli, Norðurhólum 1, 800 Selfoss.

Skólástjóri

### » Ráðningaþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafa eru m.a.:

#### ■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

#### ■ Markviss leit

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

#### ■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

#### ■ Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtrásamband við viðskiptavininn okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

#### ■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

#### ■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

#### ■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

#### ■ Sanngjarnt verð

Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningaþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: [hhr@hhr.is](mailto:hhr@hhr.is)



HH  
RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGAÞJÓNUSTA



## Sumarafleysingar Hjúkrunarfræðingar Nemar

Við í Sunnuhlíð getum bætt við fleirum í afleysingar í sumar.

Starfshlutfall er samkomulagsatriði og vinna hluta af sumrinu kemur einnig til greina.

Í Sunnuhlíð vinnur samhentur hópur starfsmanna sem leggur metnað sinn í að veita heimilisfólkinu góða þjónustu.

Hægt er að sækja um á heimasíðu Sunnuhlíðar [www.sunnuhlid.is](http://www.sunnuhlid.is) eða senda umsókn á [dagmar@sunnuhlid.is](mailto:dagmar@sunnuhlid.is).

Nánari upplýsingar veitir Dagmar Huld Matthíasdóttir, hjúkrunarforstjóri sími 894-4128.

# VAKA

## Hefur þú áhuga á bílum? Finnst þér gaman að rúnta? Þá erum við í Vöku að leita að þér

Vaka hf. óskar eftir bílstjóra í fullt starf og einnig í sumarafleysingar.

### Hæfniskröfur:

- Gott viðmót og áhugi á að bæta sig í starfi
- Meirapróf
- Vinnuvélaréttindi kostur
- Stundvísi og snyrtimennska
- Góð mannleg samskipti
- Þjónustulund
- Óguð vinnubrögð
- Þarf að geta hafið störf sem fyrst

Umsóknarfrestur er til 10. apríl 2016

Áhugasamir sendi starfsúmsókn ásamt ferilsskrá [starf@vakahf.is](mailto:starf@vakahf.is) - Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

### Leikskólar

- Leikskólakennari í leikskólann Marbakka
- Sérgreinastjóri í listum í leikskólann Álfatún
- Leikskólakennari í sérkennslu í leikskólann Álfatún
- Leikskólakennari í leikskólann Grænatún
- Fagstjóri í íþróttum í leikskólann Urðarhól

### Grunnskólar

- Sérkennari á unglíngastigi í Kársnesskóla
- Umsjónarkennari á unglíngastigi í Kársnesskóla

### Velferðasvið

- Proskabjálfi á hæfingarstöð
- Starfsmaður í félagslega heimaþjónustu
- Proskabjálfi á heimili fyrir fatlað fólk

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is), þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.



Kópavogsbær

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)



## LAGERSTARFSMAÐUR LAGNADEILD-BREIDD

Í lagnaverslun Breidd erum við að leita eftir starfsmanni á lager. Almennt sölu- og lagerstarf. Æskilegt er að viðkomandi búi yfir þjónustulund, samskiptahæfni og hafi lyftarapróf.

Umsóknarfrestur er til 14. apríl og sótt er um á [byko.is](http://byko.is). Nánari upplýsingar veitir Árni Kvaran, verslunarstjóri Lagnaverslunar, [arnibk@byko.is](mailto:arnibk@byko.is)



## LEIGUMARKAÐUR AFGREIÐSLA-BREIDD SUMARSTARF OG FULLT STARF

**Starfssvið:** Starfið felst í samskiptum við iðnaðarmenn, verktaka og einstaklinga ásamt sölumennsku. Við bjóðum mjög góða vinnuástöðu og frábært samstarfsfólk.

**Hæfniskröfur:** Við leitum að öflugum einstaklingi með ríka þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi verður að hafa metnað til að takast á við krefjandi verkefni ásamt því að búa yfir stundvísi, jákvæðni og heiðarleika.

Umsóknarfrestur er til 14. apríl og sótt er um á [byko.is](http://byko.is). Nánari upplýsingar veitir Pétur Jónsson, verslunarstjóri Leigumarkaðar Breidd, [peturj@byko.is](mailto:peturj@byko.is)

Mikil fjölbreytni ríkir í starfsemi BYKO og erum við ávallt að leita að góðu fólk. Við bjóðum mjög góða vinnuástöðu og mikla framtíðarmöguleika.



[byko.is](http://byko.is)

REYNSLUMIKIÐ STARFSFÓLK  
ÚRVALS ÞJÓNUSTA

**BYKO**  
GERUM PETTA SAMAN

## Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

**ráðum**  
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • [www.radum.is](http://www.radum.is) • [radum@radum.is](mailto:radum@radum.is)



Landbúnaðarháskóli Íslands er leiðandi afl í rannsóknum, kennslu og nýsköpun á sviði náttúruvísinda, auðlinda- og umhverfisfræða og landnýtingar. Rannsóknir eru drifkraftur starfsins. Nemendur fá vandaða og gagnlega menntun, sem byggir á gagnrýnni hugsun, sjálfstæðum vinnubrögðum og færni. Skólinn býður fram kjöraðstæður til náms og starfa. Vísindamenn skólans vinna náið með öðrum háskólum og rannsóknastofnunum að kennslu og rannsóknum. Þjóðfélagið leitar til skólans í ríkum mæli við lausn á aðkallandi viðfangsefnum á fagsviðum hans. Höfuðstöðvar skólans eru á Hvanneyri í Borgarfirði.

## Forseti auðlinda- og umhverfisdeildar við Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ)

Laus er til umsóknar staða forseta auðlinda- og umhverfisdeildar við LbhÍ sem felur meðal annars í sér yfirumsjón með starfsemi og rekstri deildarinnar og stefnumörkun í samræmi við stefnu LbhÍ.

Um er að ræða nýja stöðu sem stofnað er til vegna sameiningar tveggja deilda háskólans, auðlinda- og umhverfisdeildar í eina deild. Starfið felur því m.a. í sér breytingastjórnun og endurskipulagningu á faglegu starfi.

Ráðið er til fjögurra ára í starfið með möguleika á framlengingu í önnur fjögur ár. Um fullt starf er að ræða.

Miðað er við að nýr deildarforseti geti hafið störf 1. ágúst 2016.

### Helstu ábyrgðarþættir:

- Framkvæði og forysta um málefni deildarinnar.
- Yfirumsjón með rannsóknvirkni og kennslu.
- Gæðastjórnun í samráði við sviðsstjóra kennslu- og gæðamála.
- Stjórnsýsluleg og rekstrarleg ábyrgð.
- Starfsmannamál.
- Yfirumsjón með innlendum og erlendum samskiptum.
- Seta í framkvæmdastjórn skólans.

Staða deildarforseta heyrir beint undir rektor. Til greina kemur að deildarforseti komi að kennslu og rannsóknum innan þeirra fræðasviða sem heyra undir deildina.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

Umsækjendur skulu uppfylla almenn hæfisskilyrði sem háskólakennarar á vettvangi þeirra fræða sem kennd eru við deildina eða tengjast helstu viðfangsefnum þeirra.

- Doktorspróf er skilyrði
- Samskiptahæfni, jákvæðni, drifkraftur og geta til að takast á við breytingar
- Leiðtogaþæfileikar og geta til að hvetja aðra til árangurs.
- Hæfileiki til að móta og miðla framtíðarsýn.
- Hæfileiki til að byggja upp og leiða teymi akademískra starfsmanna.
- Reynsla af rekstri og stjórnun æskileg.
- Reynsla af starfi innan háskóla æskileg.


Um ráðninguna fer að öðru leyti eftir reglum fyrir Landbúnaðarháskóla Íslands nr. 250/2016 og reglna um nýráðningar og framgang akademískra starfsmanna við Landbúnaðarháskóla Íslands frá 20. september 2012.

Launakjör eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

### Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2016.

Umsóknir sendist til Landbúnaðarháskóla Íslands b/t Kristín Siemsen Ásgarði – 311 Hvanneyri eða í tölvupósti kristins@lbhi.is. Umsækjendur skulu láta fylgja umsókn sinni vottorð um námsferil sinn og störf, ritaskrá, skýrslu um vísindastörf og önnur störf sem þeir hafa unnið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Landbúnaðarháskóli Íslands áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Auglýsing getur gilt í allt að sex mánuði. Nánari upplýsingar um starfið veitir Björn Þorsteinsson rektor LbhÍ í síma 433 5000 eða tölvupósti bjorn@lbhi.is. Sjá: einnig heimasíðu Landbúnaðarháskóla Íslands, <http://www.lbhi.is>



## Spennandi starf hjá Fjarðabyggð

### Framkvæmda- og þjónustumiðstöð Fjarðabyggðar

Laust er til umsóknar fullt starf vélstjóra hjá Fjarðabyggðarhöfnum.

Starf vélstjóra Fjarðabyggðarhafna er fjölþætt og kallar á mikil samskipti við fólk og fyrirtæki.

Nánari lýsing á starfinu og hæfniskröfum er á vef Fjarðabyggðar, [fjardabyggd.is](http://fjardabyggd.is), undir Laus störf.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Launaneftar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá og afriti af réttindaskírteinum skulu berast skrifstofu Fjarðabyggðar eigi síðar en miðvikudaginn 20. apríl 2016 merkt „Vélstjóri“. Einnig má sækja um starfið á vef Fjarðabyggðar undir Laus störf og skulu þá sömu gögn fylgja umsókninni.


Upplýsingar um starfið veitir Steinþór Pétursson, framkvæmdastjóri Fjarðabyggðarhafna í síma 470 9000 eða á [steinthor.petursson@fjardabyggd.is](mailto:steinthor.petursson@fjardabyggd.is).

Starfið hæfir jafnt konum sem körlum og eru konur hvattar til að sækja um.

*Veruleg uppbygging á sér stað í Fjarðabyggð, bæði í atvinnulífi og þjónustu. Íbúar sveitarfélagsins eru um 4.800 talsins í sex byggðarkjörnum, sem eru Mjólfjörður, Neskaupstaður í Norðfirði, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður.*



Sterk tengsl  
í íslensku atvinnulífi  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)





## Hjúkrunarfræðingar

Öldrunarheimili Akureyrar óska eftir að ráða hjúkrunarfræðinga í 50 – 90% starfshlutfall á á Eini- og Grenihlíð. Vinnufyrirkomulag eftir samkomulagi. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Á Öldrunarheimilum Akureyrar fer fram fjölbreytt og áhugaverð starfsemi sem er í stöðugri þróun. Unnið er eftir Eden hugmyndafræðinni með áherslu á sjálfstæði, góðan heimilisbrag og lífsgæði íbúana.

### Helstu verkefni:

- Sinnir almennum hjúkrunarstörfum, skipuleggur og ber ábyrgð á að hjúkrun sé veitt í samræmi við Eden hugmyndafræðina, markmið og gæðastefnu ÓA.
- Hvetur alla starfsmenn til að vinna markvisst að eins taklingshæftri þjónustu, svo hver og einn fái eftir þörfum aðhlyningu, leiðbeiningar og örvun til sjálfshjálpar.
- Hefur frumkvæði að hagræðingu, faglegri þróun og skipulagningu á þjónustu við íbúa.
- Tekur þátt í þróunarverkefnum.
- Sér um eftirlit og mat á gæðum hjúkrunar.

Nánari upplýsingar um störfín er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is) þar sem sótt er um rafrænt Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl 2016.



Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001



## Skólastjóri Naustaskóla

### Staða skólastjóra við Naustaskóla á Akureyri er laus til umsóknar.

Leitað er að jákvæðum og lausnamiðuðum einstaklingi með mikinn metnað, sem sýnt hefur árangur í störfum sínum og leggur áherslu á vellíðan og árangur nemenda í góðu samstarfi við aðra starfsmenn skólans. Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2016.

Naustaskóli er staðsettur við Hólmatún, í Naustahverfinu á Akureyri. Skólinn hóf starfsemi þann 24. ágúst 2009 og hefur verið í stöðugri þróun. Fjöldi nemenda er nú um 370 í 1.-10. bekk og starfsmenn eru um 60 talsins. Meðal sérkenna skólastarfsins má nefna aldursblöndun og teymiskennslu en skólinn er opinn skóli og starfar í anda Jákvæðs aga. Allar nánari upplýsingar um skólann er að finna á heimasíðu hans: [www.naustaskoli.is](http://www.naustaskoli.is)

Naustaskóli starfar í nánú samstarfi við leikskólann Naustatjörn sem staðsettur er á sömu skólalóð. Mikilvægt er að það farsæla samstarf haldi áfram að þróast.

### Starfssvið:

Skólastjóri ber faglega- og rekstrarlega ábyrgð á starfi skólans, stjórnar honum og hefur forgöngu um mótun og framgang faglegrar stefnu.

### Menntunarkröfur:

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í skólaþróun, stjórnun, eða reynsla af kennslu og stjórnun á grunnskólastigi.
- Menntun á sviði reksturs er kostur.

### Hæfniskröfur:

- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Reynsla og þekking á teymiskennslu og kennslu á opnum svæðum er kostur.
- Reynsla og hæfni í starfsmannastjórnun.
- Frumkvæði og samstarfsvilji.
- Góðir skipulagshæfileikar, sveigjanleiki og viðsýni
- Lipurð og færni í samskiptum
- Reynsla af störfum á sviði stjórnunar og reksturs er æskileg.
- Reynsla eða þekking á sviði markþjálfunar er kostur
- Gerð er krafa um vammleysi. s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is) þar sem sótt er um rafrænt Umsóknarfrestur er til og með 20. apríl 2016.



Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

# Jói Fel

BAKARÍ

## Verslunarstjóri hjá Jóa Fel í Smáralind

### Óskum eftir að ráða verslunarstjóra í bakarí Jóa Fel í Smáralind

Viðkomandi þarf að sjá um vaktaskipun, starfsmannaráðningar, innkaup og allan daglegan rekstur á bakaríinu.

Æskilegt að viðkomandi sé ekki yngri en 25 ára og hafi starfsreynslu úr bakaríi eða veitingastað. Viðkomandi þarf að hefja störf sem fyrst.

Vinsamlegast skilið inn umsóknum á [joifel@joifel.is](mailto:joifel@joifel.is) eða hafið samband við Lindu í síma 863 7579.

Holtagarðar - Smáralind - Kringlan - Garðabær - Hringbraut  
[www.joifel.is](http://www.joifel.is)



## BIFVÉLAVIRKI

Okkur vantar vanan bifvélavirkja í hóp öflugra starfsmanna sem vinnur að fjölbreyttum verkefnum sem tengjast jeppum og ferðalögum. Verkstæði Arctic Trucks er viðurkennt þjónustuverkstæði fyrir Toyota, auk þess sem að við bjóðum dekkjaþjónustu og ástandsskoðanir.

### Helstu verkefni:

- Almennar viðgerðir
- Smurþjónusta
- Önnur tilfallandi störf

### Hæfniskröfur:

- Menntun í bifvélavirkjun skilyrði
- Reynsla í greininni er kostur
- Vandvirkni og samvirksemi

### Umsóknarfrestur er til 10. apríl

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á [umsokn@arctictrucks.is](mailto:umsokn@arctictrucks.is). Nánari upplýsingar veitir Hallveig Andrésdóttir í síma 540 4911.



Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík  
sími 540 4900 | [www.arctictrucks.is](http://www.arctictrucks.is)



## Hönnun og áætlanagerð Akureyri

RARIK ohf. auglýsir laust til umsóknar starf tæknimanns við hönnun, áætlanagerð ofl. á rekstrarsviði fyrirtækisins með aðsetur á Akureyri. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Hér er um fjölbreytt starf að ræða við dreifikerfi fyrirtækisins.

Rekstrarsvið ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi á dreifikerfi RARIK. Meginverkefni sviðsins eru hönnun, nýframkvæmdir, breytingar, viðhald og rekstur dreifikerfa.

### Starfssvið

- Áætlanagerð.
- Hönnun dreifikerfa
- Verkundirbúningur
- Verkbeiðnaútgáfa
- Samskipti við viðskiptavinum

### Hæfniskröfur

- Rafmagnstæknifræði, Rafmagnsiðnifræði.
- Þekking og reynsla af háspennukerfum er kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þekking á Microstation og/eða AutoCad æskileg.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Drifkraftur og geta til að vinna sjálfstætt

Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um, nánari upplýsingar veita deildarstjóri rekstrarsviðs á Norðurlandi eða starfsmannastjóri RARIK í síma 528 9000. Umsóknarfrestur er til 18. apríl n.k. og skal skila umsóknum með ferilskrá á netfangið [atvinnuumsokn@rarik.is](mailto:atvinnuumsokn@rarik.is).

RARIK ohf. er rekið sem opinbert hlutafélag í eigu ríkisins. Hlutverk RARIK er að dreifa raforku auk þess að afla, dreifa og annast sölu á heitu vatni. Starfsmenn RARIK eru um 200, aðalskrifstofa er í Reykjavík og um 20 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breitt um landið.



RARIK ohf · Dvergshöfða 2 · 110 Reykjavík · Sími 528 9000 · [www.rarik.is](http://www.rarik.is)

## Staða hjúkrunarfræðings

Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa við Dvalar- og hjúkrunarheimilið Hjallatún í Vík. Um er að ræða 80 % stöðu verkefnisstjóra 2, sem vinnur dagvaktir, kvöldvaktir og bakvaktir eftir samkomulagi. Staðan er laus frá 1. júní næstkomandi.

Leitað er að einstaklingi með áhuga á öldrunarmálum, með góða færni í mannlegum samskiptum sem getur unnið sjálfstætt og skipulega. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

### Allar nánari upplýsingar veitir:

Guðrún Berglind Jóhannesdóttir hjúkrunarforstjóri, hjallatun@vik.is eða í síma 487-1348 – 862-9290.

Umsóknir skal senda til: hjallatun@vik.is eða á Hjallatún, Hátúni 8, 870 Vík.

Umsóknarfrestur er til 30. apríl næstkomandi.

Hjallatún

STAY

STÖRF Í BOÐI  
/ AVAILABLE JOBS  
STAY APARTMENTS

**Stay Apartments** er framsækið fyrirtæki með valinn mann í hverju rúmi. Við óskum eftir að ráða þerur í **dagvinnu, vinnutími frá 9-17** og einnig í **helgarstarf, vinnutími frá 10-16**. Ef þú ert með reynslu í þrifum, ert sjálfstæður, stundvís og drífandi einstaklingur þá sendu okkur ferilskrá þína á **oli@stay.is / s. 517 4050**.

**Stay Apartments** is an apartment hotel with ambitious employees. We are looking for employees to work **week days from 9-17** and also **weekends from 10-16**. If you are an ambitious, independent, punctual, and empowering individual then please send us your CV to **oli@stay.is / s. 517 4050**.

EINHOLT 2 | 105 REYKJAVÍK | STAY@STAY.IS | STAY.IS

## ÁFENGIS OG VÍMUEFNARÁÐGJAFI

Áfengis- og vímuefnaráðgjafi óskast til starfa, á Meðferðarheimilið Krýsuvík. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Vinsamlega hafið samband á netfangið [toggi@krysuvik.is](mailto:toggi@krysuvik.is)

## Ertu að leita að talent?



lind@talent.is



bryndis@talent.is

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

**TALENT**  
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

[www.talent.is](http://www.talent.is) | [talent@talent.is](mailto:talent@talent.is)



## Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

**ráðum**  
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • [www.radum.is](http://www.radum.is) • [radum@radum.is](mailto:radum@radum.is)

[www.n1.is](http://www.n1.is)

[facebook.com/enneinn](https://facebook.com/enneinn)



## Ertu á lausu?

N1 óskar eftir að bæta við sig metnaðarfullu, kraftmiklu og lífsglöðu starfsfólki. Laus eru margvísleg störf víðsvegar um landið, bæði sumarstörf og framtíðarstörf.

Kynntu þér málið og sæktu um á [www.n1.is](http://www.n1.is)

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um störf hjá fyrirtækinu.



Hluti af atvinnulífinu







Vantar starfsmenn í uppsetningar á vinnuþöllum sem og almenna verkamannavinnu. Góð laun í boði fyrir góða menn.

Umsóknir skal senda á [pallaleiga@pallaleiga.is](mailto:pallaleiga@pallaleiga.is)



**Okkur vantar  
Þjónustumann á sendibíl  
Smiði og  
Sérfræðinga í tilboðsgerð**

Áhugasamir senda umsókn á  
[johann@2b.is](mailto:johann@2b.is)

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

### Garðaskóli

- Deildarstjórar
- Grunnskólakennarar
- Skólalíðar

### Leikskólinn Akrar

- Leikskólakennari eða annar uppeldismenntaður starfsmaður

Samkvæmt jafnréttisáætlun Garðabæjar eru allir hvattir til að sækja um - karlar jafnt sem konur.

Nánari upplýsingar á [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is).

GARÐABÆR 40  
GARÐATORGI 7  
SÍMI 525 8500  
GARÐABAER.IS

### Læknisstaða á Umdæmissjúkrahúsi Austurlands/FSN



## SÉRFRÆÐINGUR Í LYFLÆKNINGUM

Laus er til umsóknar staða sérfræðings í lyflækningum við Umdæmissjúkrahús Austurlands/FSN í Neskaupstað. Starfshlutfall er 100% en hlutastarf kemur til greina og starfið gæti hentað 2-3 læknum að deila með sér. Staðan veitist frá 1. júní 2016 eða eftir nánara samkomulagi.

### Helstu verkefni og ábyrgð

Helstu verkefni og ábyrgð eru þátttaka í daglegri læknisþjónustu á deildum umdæmissjúkrahúsins og heilsugæslunnar þar. Þetta innifelur m.a. vaktskyldu, samskipti og þjónustu við sjúklinga, kennslu og þverfaglega samvinnu (teymisvinnu).

### Hæfnikröfur

Fullgild sérfræðiréttindi í almennum lyflækningum. Lögð er áhersla á faglegan metnað, jákvæðni og sveigjanleika. Lipurð og áreiðanleiki í samskiptum eru skilyrði. Áskiliinn er réttur til að hafna umsóknum frá einstaklingum sem ekki teljast uppfylla framangreind skilyrði.

### Umsóknarfrestur er til og með 1. maí 2016.

Kjör fara eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands. Umsóknum skal skilað á eyðublaðum sem fást á vef Embættis landlæknis; [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is), til HSA, mannaússtjóra, Lagarási 22, 700 Egilsstöðum. Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu HSA við ráðningar. Umsókn fylgi staðfestar upplýsingar um nám, starfsreynslu, kennslu og vísindastörf, ásamt afriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað. Mat HSA byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða tekin við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim. Tóbaksnotkun er ekki heimil á vinnutíma innan HSA.

### Nánari upplýsingar veita

**Kristín B. Albertsdóttir, forstjóri,**  
s. 470-3050, netf. [kba@hsa.is](mailto:kba@hsa.is),

**Pétur Heimisson, framkvæmdastjóri lækninga,**  
s. 470-3052 og 860-6830, netf. [petur@hsa.is](mailto:petur@hsa.is),

**Jón H. H. Sen, forstöðulæknir,**  
s. 840-4144, netf. [jon@hsa.is](mailto:jon@hsa.is) og

**Emil Sigurjónsson mannaússtjóri,**  
s. 470 3053 og 895 2488, netf. [emils@hsa.is](mailto:emils@hsa.is).

### Fjarðabyggð er ákjósanlegur kostur jafnt í starfi og leik:

#### Læknateymið

Sérfræðingur í lyflækningum myndar ásamt skurðlækni, svæfingalækni, deildarlækni og heimilislækni öflugt teymi lækna við sjúkrahúsið. Sjúkrahúsið er vel búið tækjum, s.s. CT tæki, ómtæki af nýjustu gerð og rannsóknarstofan er góð. Farandsérfræðingar í ýmsum greinum heimsækja sjúkrahúsið og sinna þannig sérfræðiþjónustu í nærumhverfinu.

#### Samfélagið

Í Neskaupstað er sterkt skólasamfélag; leikskóli, grunnskóli, tónlistarskóli og verkmenntaskóli. Spölkorn er í næsta menntaskóla yfir á Fljótsdalshéraði. Vegalengdir eru að jafnaði stuttar og fólk því fljótt í förum milli staða, hvort sem um er að ræða t.d. skóla eða þjónustu af ýmsum toga. Íbúarnir eru samheldnir og samfélagið lífflegt.

#### Íþróttir

Íþróttalífið á svæðinu er bæði fjölbreytt og fjörugt, hvort sem um er að ræða fótbolta, blak, sund, hestamennsku eða karate. Oddskarð er skíðasvæði í fjöllum milli Norðfjarðar og Eskifjarðar. Það er rómað fyrir náttúrufergurð og góðan aðbúnað. Mjög góður 9 holu golfvöllur er í Norðfirði. Æfingagjöld barna þykja hér hagstæðari en víða annars staðar.

#### Samgöngur

Ný Oddskarðsgöng munu gjörbylta samgöngum í Fjarðabyggð. Þau opna á næsta ári. Egilsstaðaflugvöllur er í aðeins klukkustundarakstursfjarlægð.

#### Náttúrufergurð

